

50 ára afmælisrit

FRÉTTA BLAÐ SIGLFIRÐINGAFÉLAGSINS

2. tbl. 24 árg. Nr. 50
OKTÓBER 2011



1961

2011




SIGLFIRÐINGAFÉLAGIÐ
Stofnað 14. október 1961

Árshátíð
Siglufirðingafélagsins
22. OKTÓBER 2011
á Broadway



**50 ára
afmælis-
árshátíð
Siglfirðinga-
félagsins**

Miðinn
kr. 5.900.- í
FORÖLU hjá
Merkismönnum
frá 1.-14. okt.
Annars kr. 6.300.-
Eftir borðhaldið
verður selt inn
á ballið kr. 2.500.-

Árshátíð Siglfirðingafélagsins

22. OKTÓBER 2011
á Broadway

Glæsilegur þriggja rétta matseðill

SIGLFIRSKIR SKEMMTIKRAFTAR:

- Leó Óla leikur létt lög með fordryknum
- Helgi Svavar & Þorsteinn Guðmundsson
- Gylfi Ægis, Rúnar Þór og Megas
- Hlökkver & MAX

Siglfirsku Stórhljómsveitirnar **STORMAR** og
Hugrakka brauðristin **MAX** leika fyrir dansi



Happadrætti
með veglegum vinningum



VIÐ EIGUM AFMÆLI!



Kæru vinir – félagar í Siglufirðingafélaginu.

Félagið, sem okkur öllum þykir svo vænt um, á 50 ára afmæli í ár.

Allt það frábæra fólk sem unnið hefur af kappsemi og elju fyrir félagið í gegnum tíðina hefur gert félagið að því sem það er í dag, öflugtu átthagafélagi sem nú telur um 2400 félagsmenn, Siglufirðinga sem búsettir eru heima og heiman.

Við Siglufirðingar getum verið stolt af félaginu okkar. Starf félagsins í ár hefur einkennt af undirbúningi fyrir hið stórmerka afmælisrit sem þið hafið nú fengið í hendurnar og undirbúningi afmælisárshátíðarinnar sem haldin verður 22. október nk. á Broadway. Ég vil hvetja ykkur öll til að mæta, hóá í árganginn, stórfjölskylduna, vinina og alla þá sem tengjast Siglufirði á einn eða annan hátt. Saman munum við fagna þessum merku tímamótum með siglufirskum skemmtikröftum, dansi og góðum mat.

Tryggðin við Siglufjörð og stolt félaganna yfir því að vera Siglufirðingar hefur einkennt félagið í 50 ár.

Stolt ungra Siglufirðinga yfir uppruna sínum er engu minna en þeirra sem eldri eru og því horfum við í stjórn félagsins full bjartsýni til framtíðar fyrir félagið okkar og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við Siglufirðinga heima og heiman.

Rakel Björnsdóttir



YMISELEGT ÁÐUR ÓBIRT EFNÍ
OG LÖSMYNDIR SEM EKKI HAFU KOMIÐ
FYRIR ALMENNINGSÞJÓNIÐ!

Byggir meðal
annars á
einkabréfum
og minnisblöðum
séra Bjarna.

HÖFUNDUR SIGLUFJARÐAR

Ljós og skuggar – og rómantik

Bjarni Þorsteinsson – Eldhugi við ysta haf er stórmerkileg og vönduð ævisaga um mann sem braust úr sárri fátækt til mennta. Hann réðst til preststarfa í litlu þorpi sem breyttist á skömmum tíma í **sildarbæinn Siglufjörð** og bjargaði þjóðlagaarfi Íslendinga frá því að falla í gleymsku og dá. Hann var mikill **athafnamaður og rómantíker** - en líf hans átti sér einnig sínar dekkri hliðar.

Viðar Hreinsson skrifar þessa glæsilegu ævisögu séra Bjarna en Viðar var á sínum tíma **tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna** fyrir verk sitt um ævi Stephans G. Stephanssonar.

VERÖLD 

ÁVARP RITSTJÓRA

Ennþá kúrir bærinn sig þar inn á milli fjalla,
og ennþá vaka draumarnir í huga sérhvers manns.
Það er alveg sama hvar Sigfirðingur sefur,
silfurtær er fjörðurinn æ til í draumum hans.

(Úr ljóði Snorra Jónssonar Minning frá sildarævintýri)



Að vera Sigfirðingur er ólæknandi sjúkdómur segir einn Sigfirðingurinn sem fenginn var til að svara spurningu um hvað hann hafi tekið með sér að heiman, hér í 50 ára afmælisblaði Sigfirðingafélagsins.

Jósep Blöndal vitnar í útvarpsviðtal við Einar Gústavsson sem var yfirmaður íslenskra ferðamála í Bandaríkjunum í áratugi:

„Vorú það ekki gríðarleg viðbrigði fyrir

þig, 22 ára gamlan, að koma frá Íslandi í iðandi mannlífið á Manhattan?“ „Nei, það voru eiginlega engin viðbrigði. Ég kom frá Siglufirði.“

Sigfirðingar fóru að heiman úr kraumandi, fjölskrúðugu mannlífi stærsta sildarbæjar í heimi án minnimáttarkenndar og hvar sem þeir komu voru þeir eftirsóttir í vinnu. Þeir voru vanir að taka til hendinni og ekki feimnir við að ganga í verkin. Þeir þóttu sagnaglaðir og skemmtilegir vinnufélagar.

Vinkona mín ein, sjúkraliðamenntuð, sagði mér frá því að kaupmaður einn sem hún var að annast á sjúkrahúsi, bauð henni vinnu í verslun sinni. Hann sagðist sjá það á hreyfingunum að hún væri frá Siglufirði, þær væru svo kvikar og fumlaugar!

Leiðsögukona sem ég var með á Ítalíu sagði mér frá því þegar hún vann með snillingnum Jónasi Ásgeirs hjá Þ. Jónssyni þar sem Jónas var sölumaður. Henni bauðst starf annars staðar og var að biða eftir Þóri til að segja upp starfinu þegar hún allt í einu uppgötvaði að þá myndi hún ekki lengur vinna með Jónasi Ásgeirs. Hún hætti við að hætta!

Þegar þeim Arnold Bjarnasyni og Ólafi Nilssyni datt í hug að stofna Sigfirðingafélagið sumarið 1961 gat þá ekki grunað hvílíkir tímar væru í vændum fyrir Siglufjörð og Sigfirðinga. Að sex árum seinna væri brellin sildin horfin eins og bannsett stelpa í dægurlagatextanum. Að Siglufjörður myndi horfa eftir heilu kynslóðunum úr bænum og þessi fjörugi sildarbær sem fullur var af ungu kraftmiklu fólki myndi breytast í ósköp venjulegan hnignandi smábæ þar sem ekkert íbúðarhús yrði byggt næstu 40 árin.

Að meðalaldur bæjarbúa yrði með þeim hæsta á landinu og að innan við tíu krakkar mynduðu árgangana í grunnskólanum þar sem 60-70 börn höfðu áður verið.

En Sigfirðingar misstu aldrei kjarkinn og með tilkomu Héðinsfjarðarganga, sameiningunni við Ólafsfjörð og uppbyggingu Rauðku ehf. undir forystu Róberts Guðfinnssonar hefur tekist að snúa hnignun í stórsókn á öllum sviðum. Ný 64 herbergja hótélbygging mun verða tekin í notkun árið 2014 og framtíðin er sannarlega björt.

Á þrjátíu ára áætlun Vegagerðarinnar eru Hólsdalsgöng komin vegna þess að menn geta ekki treyst á veginn yfir Mánarskriður vegna jarðsigs. Landsmenn aðrir hafa haft hátt yfir kostnaði við Héðinsfjarðargöng og munu að sjálfsgöðu taka enn eina bununa við hina nýju framkvæmd. Við Sigfirðingar brosum auðvitað í kampinn og vitum að aðstöðugjald þjóðarinnar við Siglufjörð er langt frá því að vera uppgreitt og munum þá tíma þegar ekki var hægt að koma saman fjárlögum án þess að bjalla á Sigló til að vita hvernig sildarvertíðin hafi gengið.

Ritnefndin veit að efni blaðsins fellur Sigfirðingum í geð vegna þess að það er nánast samfelld lofgjörð um Siglufjörð og fólkið sem byggði og byggir bæinn.

Gunnar Trausti

EFNISYFIRLIT

Sagan 6



Formennirnir 12



Aðalgata heimsins 20



Það er alveg sama hvar Sigfirðingur sefur 31



Breyttur bær 54



Hungurtúrin á Hafliða 58



Sigfirðingar skemmta sér 72



ÞAKKIR

Sigfirðingafélagið vill þakka eftirtöldum aðilum veitta aðstoð við gerð afmælisritsins:

Ljósmyndasafni Siglufjarðar, Róberti, Finni og Sigu hjá Rauðku. Ritnefndinni: Jónu Möller, Jónasi Ragnarssyni, Kjartani Stefánssyni, Leó R. Ólasyni og Jónu Hilmarsdóttur fyrir óþreytandi vinnu við uppsetningu og hönnun blaðsins. Öllum þeim viðmælendum og auglýsendum sem gerðu okkur kleift að ráðast í útgáfu þessa glæsilega blaðs.

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:

Gunnar Trausti Guðbjörnsson.

TIL AÐ EFLA KYNNI OG SAMSTARF

Hér stiklar Jónas Ragnarsson á stóru í fimmtíu ára sögu Siglfirðingafélagsins en í fyrstu lögum félagsins var sagt að tilgangur þess væri að „efla kynni og samstarf Siglfirðinga og annarra velunnara Siglufjarðar í Reykjavík og nágrenni, að vinna að menningarmálum í Siglufirði og efla tengsl félaganna við Siglufjörð“.

Söfnun í minningu séra Bjarna

Þrítugasti ágúst árið 1961 er merkur dagur í sögu Siglfirðingafélagsins. Þann dag skrifaði Sigurjón Sæmundsson bæjarstjóri á Siglufirði bréf til þriggja burtfluttra Siglfirðinga, Björns Dúasonar, Jóns Kjartanssonar og Óskars J. Þorlákssonar, og fór þess á leit að þeir hefðu forystu um að sem flestum Siglfirðingum í Reykjavík og nágrenni gæfist kostur á að styrkja gerð „táknræns minnisvarða“ um séra Bjarna Þorsteinsson tónskáld, í tilefni af aldarafmæli hans 14. október þetta haust. Þessi minnisvarði var

„stundaklukkan í kirkjuturn Siglufjarðarkirkju“ og klukkuspil „sem leikur seinustu hendinguna úr laginu Kirkjuhvoll eftir sr. Bjarna kl. sex á hverju kvöldi“.

Þremmingarnir sendu út 28 söfnunarlista og héldu kynningarfund á Café Höll 2. október. Þegar upp var staðið höfðu safnast rúmlega fimmtíu þúsund krónur. Gefendur voru um 350, lægstu framlögin voru 10 krónur en þau hæstu 2.000 krónur. Söfnunarféð var afhent á Siglufirði 14. október en áður en af því varð var haldinn annar fundur á Café Höll í Austurstræti.

Jón Kjartansson fyrsti formaðurinn

„Stofnfundur Siglfirðingafélagsins í Reykjavík og nágrenni var haldinn að Café Höll miðvikudaginn 11. okt. 1961,“ segir í upphafi fundargerðar stofnfundar félagsins, en á aðalfundi árið eftir var samþykkt að félagið gerði 14. október 1961 að stofndegri sínum, en þann dag voru eitt hundrað ár síðan séra Bjarni Þorsteinsson tónskáld fæddist.

Á stofnfundinum voru 64 burtfluttir Siglfirðingar. Í fyrstu fundargerðinni kemur fram að Ólafur Nilsson og Arnold Bjarnason hafi boðað til fundarins, fyrir hönd „Siglfirðingamótsnefndar“. Í lögum félagsins, sem samþykkt voru á fundinum, segir að tilgangur þess sé að „efla kynni og samstarf Siglfirðinga og annarra velunnara Siglufjarðar í Reykjavík og nágrenni, að vinna að menningarmálum í Siglufirði og efla tengsl félaganna við Siglufjörð“. Árgjald var ákveðið 50 krónur.

Auk aðalfundar í október ár hvert átti að halda skemmti- og kynningarfundir nokkrum sinnum á ári.

Þegar kom að stjórnarkjöri á stofnfundinum var stungið upp á Ólafi, Arnold og Jóni Kjartanssyni sem formanni. Ólafur og Arnold „báðust mjög eindregið undan því að vera í framboði við formannskjör“ og var Jón kjörinn. Hann var þá 44 ára, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Jón hafði áður verið bæjarstjóri á Siglufirði í tæpan áratug. Aðrir í stjórn voru kjörnir Ólafur Nilsson endurskoðandi, 24 ára, Hreiðar Guðnason verkstjóri, 48 ára, Gunnar Bílddal afgreiðslumaður, 59 ára, og Arnold Bjarnason viðskiptafræðingur, 30 ára.

Ýmis verkefni á dagskrá

Fyrsta starfsárið fékkst Siglfirðinga-

SIGLFIRÐINGAMÓT SIÐAN 1954

Áður en Siglfirðingafélagið í Reykjavík og nágrenni var formlega stofnað, í október 1961, höfðu Siglfirðingar sunnanlands haldið upp á afmælisdag bæjarins, 20. maí, í nokkur ár. Elsta heimildin um slíka samkomu er frá árinu 1954, þegar svonefnt Siglfirðingamót var haldið í Skátaheimilinu við Snorrabraut. Sagt er að Hrefna Tynes kvenskátahöfðingi hafi haft milligöngu um að útvega húsnæðið, en hún hafði búið á Siglufirði í rúman áratug og var gift Sverre Tynes, bróðursyni hins kunna sildarsaltanda Ole Tynes.

Frá 1955 til 1961 voru Siglfirðingamótin haldin í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll, langoftast 20. maí. Fjölbreytt skemmtiatriði voru á dagskrá en sérstaklega virðist hafa verið vandað til mótsins á 40 ára afmæli kaupstaðarréttindanna, 20. maí 1958, þá var ávarp, einsöngur, ræða, endurminningar, kveðjur, leikþáttur og gamanvísur.

J. R.



Fyrsta auglýsingin um samkomu á afmælisdegi Siglufjarðar 1954. Í næstu auglýsingu var talað um Siglfirðingamót.

FORMENN SIGLFIRÐINGAFÉLAGSINS

Jón Kjartansson	(44 ára)	1961-1963 og	
		1965-1977	15 ár
Arnold Bjarnason	(33 ára)	1963-1965	1 ár
Ólafur Ragnarsson	(33 ára)	1977-1981	4 ár
Heiðar Ástvaldsson	(45 ára)	1981-1991	10 ár
Jón Sæmundur Sigurjónsson	(49 ára)	1991-2001	10 ár
Ólafur Baldursson	(49 ára)	2001-2006	5 ár
Guðmundur Stefán Jónsson	(54 ára)	2006-2010	4 ár
Rakel Björnsdóttir	(45 ára)	2010-	

félagið við fjölbreytt viðfangsefni. Fyrstu spila- og skemmtikvöldin voru í Tjarnarcafé 9. nóvember 1961 (tæpum mánuði eftir stofnfundinn) og 8. febrúar 1962. Í febrúar 1962 var tekið á móti skipbrotsmönnum af togaranum Elliða og þeim boðið í mat á Hótel Borg. Á aðalfundi í október voru skipaðar þrjár nefndir, jólagjafanefnd, sem átti að safna gjöfum til að dreifa til sjúklinga frá Siglufirði sem væru á sjúkrahúsum um jólin, fjáröflunarnefnd sem átti að starfa fram að 50 ára afmæli Siglufjarðarkaupstaðar árið 1968, og skemmtinefnd. Ákveðið var að fara þess á leit við Útvarpið að haldið yrði Siglfirðingakvöld.

Á aðalfundi í desember 1963 bað Jón Kjartansson formaður félagsins um að sér yrði hlíft við endurkjöri vegna anna. Þá var Arnold Bjarnason kosinn formaður, en á aðalfundi í janúar 1965 gaf Jón kost á sér á ný og sat til 1977, eða samtals í fimmtán ár.

Sigurlaug Barðadóttir var kosin fyrst kvenna í stjórn félagsins, 1963.

Síðar voru fleiri konur í stjórninni svo sem Guðný Þorsteinsdóttir og Margrét Ólafsdóttir. Þá voru konur í forystu flestra nefnda og má nefna Ólínu Bergsveinsdóttur og Bjarnveigu Bjarnadóttur frá fyrstu árunum.

Hugmyndir voru um að safna til byggðasafns á Siglufirði og að láta taka upp viðtöl á segulband við eldri Siglfirðinga. Þá átti að athuga hvort halda mætti sólarkaffi í lok janúar.

Þegar reikningar félagsins voru kynntir á aðalfundi 1965 sagði fundaritari að þeir sýndu „mikinn og góðan fjárhag“. Samþykkt var að gefa Barnaskóla Siglufjarðar fé til að kaupa kvikmyndasýningarvél í tilefni af áttatíu ára afmæli skólans. Vélin kostaði jafn mikið í krónum talið og bygging skólahússins á sínum tíma.

Þegar Karlakórinn Vísir kom í söngfór til Reykjavíkur vorið 1966 hélt Siglfirðingafélagið boð fyrir kórfélaga og þótti það takast vel.

Tillaga um „barnaball um næstu jóla“ kom fram á aðalfundi í janúar 1967 og var þá skipuð sérstök „barnaballsnefnd“. Þetta mun vera upphafið að jólaskemmtun félagsins, sem hefur verið árviss.

Stórgjöf á afmælisári

Mikið var rætt á aðalfundinum í ársbyrjun 1968 hvernig best væri að minnst 50 ára kaupstaðarafmælis Siglufjarðar og 150 ára verslunarafmælis. „hvort gjöfin ætti að vera sjóðsstofnun eða annað svo sem myndastytta eða annað áþreifanlegt“.

Á árhátíð félagsins í Lídó í byrjun mars var afmælisársins minnst. „Verða salarkynni skreytt myndum úr atvinnulífinu á Siglufirði,“ sagði Morgunblaðið. Fluttar voru ræður og gamanvísur og dansað á eftir.

Efnt var til hópferðar til Siglufjarðar á afmælishátíðina 6. og 7. júlí. Þar flutti Jón Kjartansson formaður Siglfirðingafélagsins ræðu og tilkynnti að félagið gæfi bænum 250 þúsund krónur til íþrótt- og menningarmála. Hluti gjafarinnar mun hafa verið notaður til að kaupa skíðalyftu.



Þegar Arnold Bjarnason og Ólafur Nilsson komu út af fundinum á Café Höll 2. október 1961, þar sem ákveðið var að minnast aldarafmælis séra Bjarna Þorsteinssonar með veglegri gjöf, gengu þeir yfir Austurvöll. Mikill einhugur hafði verið á fundinum og þegar þeir voru komnir að styttni af Jóni Sigurðssyni voru þeir sammála um að ef einhvern tíma væri rétt að stofna félag Siglfirðinga í Reykjavík og nágrenni þá væri það núna. Þeir ákváðu að boða til stofnfundar níu dögum síðar og þar var Jón Kjartansson kjörinn formaður, að þeirra tillögu, þó að hann væri ekki viðstaddur. „Það var mikið gæfuspor,“ segir Arnold, „vegna þess að Jón þekkti alla.“ Arnold og Ólafur eru enn virkir í Siglfirðingafélaginu, hálfri öld síðar.

Fjölskyldudagur síðan 1968

Á aðalfundi Siglfirðingafélagsins árið 1967 var „ákveðið að gera 20. maí að reglulegum samkomudegi (fjölskyldudegi) félagsins“. Fjölskyldudagurinn var haldinn í fyrsta sinn 19. maí 1968 í Sigtúni, Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll. Í blaðaauglýsingu var sagt að þetta væri gert í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli Siglufjarðar. Á dagskrá var „sameiginleg kaffidrykkja, ávörp og létt músik“. Félagar voru hvattir til að taka með „fjölskyldumeðlimi á öllum aldri“. Þarna var „kaffi og heimabakað brauð á boðstólum“.

Á næsta aðalfundi gat Jón Kjartansson formaður félagsins þess að hann hefði fundið sérstakt Siglónammibragð af brauðinu og taldi æskilegt að svo yrði áfram. Frá og með árinu 1970 hefur dagurinn oftast verið fyrsta sunnudag eftir 20. maí.

Undanfarin ár hefur sérstök Siglfirðingamessa verið hluti af fjölskyldudeginum, fyrst í Garðabæ en síðan í Grafarvogi frá árinu 2004.

Í föstum skorðum

Næstu árin gekk félagsstarfið sinn vana gang með árshátíð, fjölskyldudegi, aðalfundi og jólaskeiðum. Árshátíðin á Hótel Sögu 1972 mun hafa verið sú fjölmennasta í sögu félagsins, seldir voru 532 miðar, þar af voru 447 í mat.

Félagsmenn voru ekki eingöngu búsettir á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi. Þegar eldgos hófst í Vestmannaeyjum, í janúar 1973, var boðað til fundar á Hótel Sögu fyrir Siglfirðinga úr Eyjum. Rætt var um stuðning við Eyjamenn en síðan „sest að kaffidrykkju og svo spiluð skiptivist af miklu fjöri“.

Þetta sama árið tók félagið upp merki, sem var stílfærð útgáfa af skjaldarmerki Siglufjarðar.

Árið 1974, þegar minnst var 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, kom fram hugmynd á aðalfundi um að gefa Siglufjarðarbæ listaverk sem yrði komið fyrir á Ráðhústorginu. Ekkert varð úr þeim áformum.

Sóknarnefnd Siglufjarðarkirkju fór

þess á leit við félagið að það aðstoðaði við kaup á gluggum í kirkjuna og voru gefnar 150 þúsund krónur.

Síldarball og síldarkvikmyndir

Jón Kjartansson gaf ekki kost á sér sem formaður á aðalfundi haustið 1977 og var Ólafur Ragnarsson ritstjóri kosinn í hans stað. Á fyrsta starfsári hans var samþykkt að gera „skrá um alla félagsmenn“.

Fyrsta síldarballið var haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi í september 1978, „til þess að minnast síldaráranna á Siglufirði“. Salurinn var skreyttur með síldarnótum, tunnum, tunnubotnum og ýmiss konar síldaráhöldum. Næsta síldarball var á Suðurnesjum. „Komu þangað um 370 manns og varð af því verulegur hagnaður,“ sagði í fundargerð.

Byggðasafnsnefnd Siglufjarðar fór fram á stuðning Siglfirðingafélagsins við kaup á þremur Siglufjarðarkvikmyndum sem teknar voru 1924, 1938 og 1956 og sýndu síldarsöltun og bæjarbraginn. Samþykkt var að gefa eitt eintak af hverri mynd. Þær kostuðu 245 þúsund krónur

GEISLABAUGUR YFIR ÆSKUSTÖÐVUNUM

Jón Kjartansson, sem var formaður Siglfirðingafélagsins fyrstu fimmtán árin, að einu ári undanskildu, var spurður að því í viðtali við Tímann í tilefni af afmæli Siglufjarðar árið 1968 hvers vegna fólki þætti svona vænt um gamlar slóðir.

„Ég held að það sé meðal annars af því að það er eins og einhvers konar geislabaugur sé yfir bernsku- og æskustöðvum flestra manna. Svo er að minnsta kosti í mínum huga, jafnvel yfir norðaustanstórhriðunum og storminum sem skók litlu húsin okkar svo þau nötruðu, hvað þá um sólskinsdagana sem eru ógleymanlegir. Íslendingar eru almennt trygglyndir. Við unnum allir þúfunni okkar. Já, okkur leið vel á Siglufirði. Tign fjallanna, kyrrðin, heiðríkjan, himinbláinn og jafnvel hjarnið — allt þetta jók á vellíðan okkar, að viðbættri síldarlyktinni,“ sagði Jón.

Þegar hann var spurður um Siglfirðingafélagið sagði hann: „Við höldum allvel hópinn Siglfirðingarnir sem erum fluttir frá Siglufirði og erum búsettir í Stór-Reykjavík. Við viljum halda tryggð við þann stað „hvar áður stóð okkar vagma á jörðu,“ jafnframt því sem við viljum vera



Ólafur Ragnarsson afhendir Jóni Kjartanssyni skjal, vorið 1978, til staðfestingar á því að Jón hafi verið kjörinn fyrsti heiðursfélagi Siglfirðingafélagsins.

óaðfinnanlegir og góðir borgarar okkar ágætu höfuðborgar.“

Ólafur Ragnarsson tók við formennsku af Jóni. Hann flutti hátíðarræðu á Siglufirði 20. maí 1979, á 61 árs afmæli bæjarins. Þar komst hann svo að orði:

„Ræktarsemi Siglfirðinga við heimabyggð sína virðist mér stundum vera svipuð því sem gerist um Íslendinga erlendis gagnvart heimalandinu. Ég þekki engan Siglfirðing á höfuðborgarsvæðinu sem telur sig vera Reykvíking þótt hann hafi búið þar um árabil. Aftur á móti þekki ég margt fólk á þessu sama svæði sem telur sig Siglfirðinga þótt það sé ekki fætt á Siglufirði. Skýringin á því er sú að það hefur annað hvort alist upp hér í bænum eða varið hér einhverjum hluta ævi sinnar.“

J.R.

og voru afhentar á árhátíð félagsins 1979, sem á fimmta hundrað manns sóttu.

Þrisvar sinnum á starfsárinu 1978-1979 voru félagsmönnum send fjölrítuð fréttabréf til að minna á það sem framundan var í starfinu. Sama var gert árið eftir. Þá voru um 1.100 manns á skrá í Reykjavík og nágrenni, auk um 200 Siglfirðinga á Akureyri, sem voru að hugsa um að stofna sérstakt félag.

Formaður Siglfirðingafélagsins hafði milligöngu um það árið 1979 að hjónin Arngrímur Ingimundarson og Bergþóra Jóelsdóttir gáfu Siglufjarðarbæ um eitt hundrað listaverk sem þau höfðu safnað. Gjöfin var gefin í þakklætisskyni fyrir hlýhug Siglfirðinga við móður Arngríms á erfiðum tímum.

Ferðalag, fjársöfnun og fréttabréf

Heiðar Ástvaldsson danskennari var kosinn formaður Siglfirðingafélagsins á aðalfundi 1981. Á fundinum var samþykkt að kanna möguleika á að kaupa íbúð á Siglufirði sem yrði leigð félagsmönnum. Tilraun var gerð sumarið eftir en undirtektir voru litlar.

Skipulögð var hópferð til Lúxemborgar í desember 1982, í samvinnu við Samvinnuferðir-Landsýn.

Efnt var til síldarballs á Hótel Höfn á Siglufirði sumarið 1988 og rann ágóðinn af því til íþróttastarfs. Þá var gefið fé til að gera minnismerki um drukknaða sjómenn.

Hafin var útgáfa fréttabréfs á árinu 1988 og komu út tvö blöð, í apríl og nóvember. Einkum voru fluttar fréttir af félagsstarfinu. Gunnar Trausti Guðbjörnsson var ritstjóri blaðsins fyrstu sjö árin, en síðan hefur Jóna Hilmarsdóttir séð um það.

Félag áhugamanna um minjasafn á Siglufirði lýsti áhuga á samstarfi við félagið og bauð félagsmönnum að gerast stofnfélagar. Hagnaður af haustfagnaði var síðan gefinn hinu nýja félagi.

Lögum félagsins var breytt á aðalfundi 1990 og samþykkt að taka upp félagsgjald, 500 krónur, en það mun aldrei áður hafa verið innheimt þó heimild hafi verið í lögnum fyrstu árin.

Allar samkomur félagsins voru mjög vel sóttar á þessum árum en stundum má sjá í fundargerðum að fleiri hefðu mátt koma á aðalfundi. Eins og bæði



Félagar heiðraðir á afmælisfagnaði 2006, frá vinstri Gréta Guðmundsdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Helga Ottósdóttir.

fyrir og síðar var oft minnst á að fá þyrfti fleira ungt fólk til liðs við félagið.

Margar nefndir starfandi

Á aðalfundi 1991 var Jón Sæmundur Sigurjónsson alþingismaður kosinn formaður félagsins. Við nefndakjör á þeim fundi var Anna Laufey Þórhallsdóttir kosin minningarkortafulltrúi og átti hún að sjá um að senda minningarkort til aðstandenda látinna Siglfirðinga. Síðar var skipuð sérstök nefnd til að sinna þessu verkefni.

Helstu nefndir sem þá störfuðu voru félagatalsnefnd, fjölskyldudagsnefnd, jólaballsnefnd, jólagjafanefnd, ritnefnd, skemmtinefnd og tvær síldarballsnefndir, önnur í Reykjavík og hin í Keflavík. Þá bættist við útilífsnefnd. Fyrsta verkefni hennar var Esjuganga, en þátttaka var dræm. Um þetta leyti var stofnuð félagsdeild fimmtíu Siglfirðinga á Sauðárkróki.

Knattspyrnufélagi Siglufjarðar var færð gjöf í tilefni af sextíu ára afmæli og samþykkt var að veita árlega styrki til siglfirskrar æsku. Formaður flutti hátíðarræðu á 60 ára kaupstaðarafmælinu, 1998.

Sum árin féll árhátíðin niður eða var kölluð haustfagnaður eða vetrardansleikur. Aðrir fastir liðir voru eins og venjulega og gerð tilraun með Þorrablót. Hin síðari ár hefur verið efnt til veglegra afmælishátíða á fimm ára fresti.

HEIÐURSFÉLAGAR OG HANDHAFAR GULLMERKIS

Vorið 1978:

Jón Kjartansson

Haustið 1996,

á 35 ára afmæli félagsins:

Ásta Einarsdóttir

Heiðar Ástvaldsson

Ólafur Ragnarsson

Haustið 2001,

á 40 ára afmæli félagsins:

Anna Laufey Þórhallsdóttir

Arnold Bjarnason

Ida Christiansen

Ólafur Nilsson

Haustið 2006,

á 45 ára afmæli félagsins:

Gréta Guðmundsdóttir

Helga Ottósdóttir

Jón Sæmundur Sigurjónsson



Jólaball 2011

*Verður í sal KFUM og KFUK við Holtaveg
þriðjudaginn 27. desember 2011 kl. 17.00.*

*Jólasveinninn kemur og gleður börnin.
Fjörkálfaþeir spila undir dansi kringum
jólatréð og allir fá glaðning.*



*Allir
skemmtu
sér vel á
jólaballi
félagsins
2010.*



Saga úr síldarfirði



Ný bók eftir Örlýg Kristinnsson

Saga úr síldarfirði segir frá Sigga sem 12 ára gamall flyst ásamt fjölskyldu sinni til Siglufjarðar í upphafi síðustu aldar. Tilvera Sigga tekur stakkaskiptum – en það er ekki einfalt að byrja upp á nýtt á okunnum stað.

Örlýgur Kristinnsson, myndlistarmaður og safnstjóri Síldarminjasafnsins, segir í þessari bók sögu sem kemur okkur við. Hann segir okkur hvernig síldarbær varð til – iðandi af lífi með alþjóðlegum blæ – þar sem silfur hafsins var gjaldmiðillinn sem greiddi dugmiklu alþýðufólki leið úr örbirgð til bjargalna og breytti íslensku samfélagi á undraskömmum tíma.

Myndskreytingar Örlýgs fullkomna verkið og tendra í frásögninni líti og líf.



Uppheimar | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is

Á einum aðalfundinum var gagnrýnt að jólasveinar á jólaballi hefðu ekki kunnað textana en tillaga um að halda jólaball fyrir fullorðna á eftir barnballinu var felld. Á öðrum fundi var þeim tilmælum beint til stjórnar að „hætta notkun á þessari hvímléiðu skammstöfun SÍRON, sem virðist hafa fest við félagið, og láta sér detta eitthvað annað og betra í hug.“

Samstarf við Sparisjóðinn

Þegar Ólafur Baldursson tók við formennsku, á aðalfundi 2001, voru félagsmenn um sautján hundruð.

Jólaballið var flutt í sal KFUM og KFUK árið 2002, þar sem það hefur verið síðan. Félagið tók þátt í dagskrá Menningarnætur 2003 og gaf gestum og gangandi síld. Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg hlaut styrk til kaupa á ljósabúnaði í Skarðið.

Undirritaður var samstarfssamningur við Sparisjóð Siglufjarðar, sem gerðist aðalstyrktaraðili félagsins. Vonir voru bundnar við bættu innheimtu félagsgjalda.

Á afmælishátíð haustið 2006 fékk Steingrímur Kristinsson heiðurskjal í þakklætisskyni fyrir að koma á fót Ljósmyndasafni Siglufjarðar og fyrir miðlun fréttu og upplýsinga á síðu sinni Lífið á Sigló (sksiglo.is).

Stefna mótuð til framtíðar

Fyrsta verkefni stjórnar sem tók við á aðalfundi 2006, undir formennsku Guðmundar Stefáns Jónssonar, var að vinna að stefnumótun þar sem meðal annars var rætt um tilgang félagsins og framtíð. Haldnir voru tveir



Merki Siglufirðingafélagsins, sem Jónas Ragnarsson gerði fyrir fjórum áratugum.

kynningarfundir í Reykjavík og einn á Siglufirði.

Á aðalfundi 2007 var lögum félagsins breytt á þann veg að það væri opið öllum Siglufirðingum, óháð búsetu. Nafninu var breytt úr Siglufirðingafélagið í Reykjavík og nágrenni í Siglufirðingafélagið. Þá var farið að senda félagsblaðið á öll heimili á Siglufirði.

Samþykkt var á aðalfundi 2007 að leggja hálf milljón króna sem stofnfé í félagskapinn Vildarvinir Siglufjarðar.

Á aðalfundi í október 2009 var vefsíða félagsins formlega opnuð á slóðinni siglufirðingafelagid.is. Hún var virk um skeið en er nú að ganga í endurnýjun lífdaga.

Myndakvöld var 18. nóvember 2009, í fyrsta sinn. Þar voru sýndar mörg

hundruð myndir frá Ljósmyndasafni Siglufjarðar og gekk vel að þekkja fólk á þeim. Þegar þriðja myndakvöldið var haldið, haustið 2010, var bætt við kynningu á siglufirskum bókum.

Félagið styrkti gerð Héðinsfjarðar-trefilsins árið 2010 með því að gefa 50 kílógrömm af lopa. Síldarballið var endurvakið í október.

Fyrsta konan í formannsstólnum

Það þótti tíðindum sæta að á aðalfundi Siglufirðingafélagsins 2010 var kona kosin í fyrsta sinn sem formaður félagsins. Þetta var Raket Björnsdóttir, sem að vísu hafði verið í stjórninni í nokkur ár, meðal annars sem varaformaður.

Þegar Ljóðasetur Íslands var vígt á Siglufirði í júlí 2011 færði formaður Siglufirðingafélagsins setrinu 100 þúsund króna styrk.

Og í sumar var lokið við að skanna inn alla 24 árgangana af Fréttablaði Siglufirðingafélagsins og gera það aðgengilegt á timarit.is, þar sem hægt er að fletta blaðinu og leita að einstökum orðum. Þeir sem vilja kynna sér sögu þessa merkilega félags betur ættu að skoða þann vef.

Tveir heiðursmenn

Það vekur sérstaka athygli þegar bækur Siglufirðingafélagsins eru skoðaðar að nöfn Arnolds Bjarnasonar og Ólafs Nilssonar koma mjög oft fyrir. Þeir voru í Siglufirðingamótsnefnd áður en félagið var stofnað, boðuðu til stofnfundarins 1961, voru í stjórn til 1977 og hafa síðan verið endurskoðendur félagsins. Er þetta ekki dæmigert fyrir dugnað Siglufirðinga?

J.R.



Svipmynd frá 45 ára afmælisfagnaði Siglufirðingafélagsins haustið 2006.

SÖFNUÐUM SAMSKOTUM Í SÍLDARTUNNU

Rætt við Heiðar Ástvaldsson, formann Siglfirðingafélagsins 1981-1991

Þeir eru ófáir Siglfirðingarnir sem stigu sín fyrstu dansspor hjá Heiðari Ástvaldssyni. Heiðar lét ekki vetrarríki og erfiða færð hindra sig í því að snúa til baka á heimaslóðirnar ár eftir ár til að kenna siglfirskum krökkum dans.

Heiðar fæddist á Siglfirði 1936 og bjó þar til 18 ára aldurs er hann fluttist suður. Heiðar er Siglfirðingum ekki aðeins að góðu kunnur fyrir danskennslu. Hann hefur verið í hópi virkustu félagsmanna í Siglfirðingafélaginu og formaður þess á árunum 1981-1991. Heiðar ræðir hér um uppvaxtarárin á Siglfirði, dansáhugann og síðast en ekki síst Siglfirðingafélagið.

„Ég segi enn heim þegar ég tala um Siglfirðir því ræturnar eru svo sterkar,“ segir Heiðar þegar hann rifjar upp tímann sem hann bjó á Siglfirði og tengslin við fjörðinn.

„Gagnfræðaskólinn var á kirkjuloftinu og skólaárin þar voru sérstaklega skemmtileg. Krakkarnir í skólanum voru yndislegir og örlögin höguðu því svo til að í bekknum mínum voru aðeins 6 strákar en 20 stelpur sem mér fannst vera kostur,“ segir Heiðar.

Börn eiga að hefja dansnám 6 ára

Skólaböll voru haldin í gagnfræðaskólunum einu sinni í mánuði. Heiðar segir að þá eins og nú hafi sumir strákanna talið dansinn vera fyrir neðan virðingu sína. „Mér hefur lærst á löngum ferli mínum sem danskennari að aðalástæðan fyrir því að strákar eru á móti dansi er ekki dansinn sjálfur heldur sú staðreynd að þeir óttast meira en allt annað að dansa við stelpur. Þegar boðið er



Heiðar Ástvaldsson, formaður Siglfirðingafélagsins 1981-1991.

upp á kennslu í breakdansi, þar sem strákarnir geta dansað einir, er allt annað upp á teningnum. Þá flykkjast þeir í danstímana. Ég hef alltaf barist fyrir því að strákar læri sem fyrst að dansa. Þá losna þeir við feimnina gagnvart stelpum. Börn eiga að hefja dansnám strax 6 ára að aldri. Það stuðlar að eðlilegra sambandi kynjanna,“ segir Heiðar.

Dansbærinn Siglufjörður

Áhugi Heiðars á dansi kviknaði snemma og hann sótti skólaböllin á Siglfirði af kappi. „Mamma sagði við mig þegar ég fór á fyrsta ballið að ég yrði að muna eftir því að dansa við allar stelpur sem ég þekkti, ekki bara þær sætustu. Ég þekkti

allar stelpurnar í bekknum vel og dansaði stanslaust allt ballið.

Nokkrir kennaranna voru flinkir dansarar, svo sem Hafliði Guðmundsson og Flosi Sigurbjörnsson. Flosi hafði sérstaklega mikinn áhuga á dansi. Hann mætti á öll skólaböllin til að leiðbeina okkur. Stúkuböllin urðu einnig til þess að vekja áhuga minn á dansi. Stúkan hafði súperfínum dönsurum á að skipa, mönnum eins og Andrési Hafliða, Sóphusi gamla Árnasyni, Jóni Kjartans og fleirum. Af þeim lærðum við margt,“ segir Heiðar.

Síðast en ekki síst nefnir Heiðar Óla Thór. Óli vakti athygli á böllum á Siglfirði fyrir glæsilega danstakta enda hafði hann lært hjá þekktum danskennara, Rigmor Hanson. Frá því er sagt skemmtilega í nýlegri bók Örlygs Kristinnssonar, Svipmyndir úr síldarbæ.

Lögfræðin vék fyrir dansinum

Heiðar tók verslunarpróf frá Verslunarskólanum. Hann byrjaði að kenna með Rigmor Hanson þegar hann var í skólanum. Hann fór svo til Englands og lærði þar dans. Heiðar segir að löngunin til að mennta sig frekar hafi blundaði í sér. Fjórum árum eftir verslunarprófið tók hann stúdentspróf, eða árið 1961 sama ár og Siglfirðingafélagið var stofnað, og innritaðist í lögfræði í Háskóla Íslands. Þar lauk hann prófi í almennu lögfræðinni sem er einn erfiðasti hjallinn í náminu. Samhliða námi kenndi hann dans af fullum krafti. „Svo mikið var að gera hjá mér að ég hafði ekki tíma til að læra heima. Þegar ég


var tekinn upp ólesinn í tíma hjá Ólafi Jóhannessyni prófessor skammaðist ég mín svo mikið að ég sagði við skólafélaga mína, þá Boga Nilsson og Jón Oddsson, að ég hefði ákveðið að taka mér hvíld frá lögfræðinni það sem eftir væri vetrar. Næsta vetur ætlaði ég að koma aftur og fá glósurarnar hjá þeim til að létta mér róðurinn. Ekkert varð þó úr því. Ég hafði svo mikið að gera í danskennslunni,“ segir Heiðar.

Mikill áhugi

Þegar Siglfirðingafélagið var stofnað lét Heiðar sig að sjálfsgöðu ekki vanta á stofnfundinum. „Mjög mikill áhugi var fyrir félaginu og allir brottfluttir Siglfirðingar sem ég þekkti vildu taka þátt. Jón Kjartansson var kosinn formaður enda var hann svo bráðskemmtilegur og drifandi maður,“ segir Heiðar. Heiðar var strax kosinn í skemmtinefnd Siglfirðingafélagsins og varð síðar formaður skemmtinefndar. Hann segir að fyrstu árin í rekstri félagsins hafi oft verið erfið fjárhagslega. „Ég sé okkur í anda, mig og Óla Nils og fleiri, ganga með tunnu á milli borða á dansleik á Hótel Sögu til að afla samskota fyrir félagið. Þegar ég tók við formennsku í félaginu voru enn mikil peningavandræði. Rekstur áttahagafélaga var erfiður ekki síst vegna þess að skemmtanaskattur var lagður á samkomur þeirra,“ segir Heiðar.

Dansað í umdæmi Einars

Siglfirðingafélagið átti hauk í horni sem var Einar Ingimundarson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fyrrum þingmaður Siglufjarðar. Hann gekk ekki hart fram í því að innheimta skemmtanaskatt í hvert sinn sem brottfluttir Siglfirðingar komu saman. Það auðveldaði rekstur félagsins að sögn Heiðars. „Ég fór með árshátíðir og dansskemmtanir Siglfirðingafélagsins í umdæmi Einars; upp á Kjalarnes, í Stapann í Njarðvíkum og út á Seltjarnarnes. Það jók líka á fjölbreytnina að halda skemmtanir á ólíkum stöðum. Þetta voru með fjölsóttustu og bestu skemmtunum í sögu félagsins og eru sumar enn í



Heiðar að kenna börnum dans.

minnum hafðar,“ segir Heiðar.

Nískur á peninga félagsins

Heiðari varð tíðrætt um fjármál Siglfirðingafélagsins. Hann segist hafa verið hinn mesti aurapúki fyrir hönd félagsins. „Ég hef aldrei verið nískur á minni ævi persónulega. Mér hefur frekar verið legið á hálsi fyrir að vera eyðslusamur. En ég var ofsalega nískur á peninga félagsins. Hugmyndir komu upp um að við þyrftum endilega að reisa okkar eigið félagsheimili, rætt var um að byggja sumarhús fyrir félagsmenn á Siglufirði og fleira í þeim dúr. Ég lagðist hart gegn öllu slíku. Ég lagði mesta áherslu á að Siglfirðingafélagið væri félag brottfluttra Siglfirðinga sem vildu koma saman og skemmta sér, rífa upp gömul kynni og minnast fjarðarins,“ segir Heiðar.

Siglfirðingakaffið er fjölskylduhátíð

Heiðar segir að meginstarfsemin í formannstíð hans hafi verið að halda dansleiki og veglegar árshátíðir, að ógleymdu Siglfirðingakaffinu og jólaballi fyrir börn. Árshátíðir voru fjölsóttar. Mikið var lagt í síldarböllin svonefndu. Umgjörðin var skemmtileg; gínur voru klæddar í síldargalla og fleira gert til að skapa síldarstemminguna. „Siglfirðingakaffið, sem er

fjölskylduhátíð brottfluttra Siglfirðinga, var gríðarlega vinsælt og er enn. Trúlega er það sá viðburður sem hefur sameinað okkur hvað mest í gegnum árin. Siglfirðingakaffið var líka mikið fjárhagslegt atriði fyrir Siglfirðingafélagið. Kökurnar voru gefnar og salan á þeim aflaði félaginu tekna. Ég vildi reka félagið án árgjalda og tókst það alltaf,“ segir Heiðar.

Heiðar minnst þess einnig hvað allir voru boðnir og búnir að starfa fyrir félagið. „Í minni formannstíð var Jón Björgvinsson formaður skemmtinefndar. Í stjórninni starfaði ég mest með



Heiðar ásamt Helgu Ottósdóttur, Ólafi Baldurssyni og Jónu Hilmarsdóttur á árshátíð félagsins á Hótel Sögu 1999.

Steinunni Friðriks og Jónasi Jónssyni og fleira góðu fólki. Margir unnu gríðarlega mikið starf fyrir félagið, sérstaklega þær konur sem höfðu veg og vanda af Siglfirðingakaffinu.“

Tekið fagnandi

Heiðar nefnir í lokin að sér sé ákaflega minnisstætt þegar hann þurfti að leita til opinberra aðila vegna Siglfirðingafélagsins hvað honum var ávallt tekið fagnandi. „Á þeim tíma sem ég var formaður félagsins höfðu nánast allir embættismenn á Íslandi menntað sig fyrir peninga sem þeir unnu sér inn á síldarárnum á Siglufirði. Þeir töluðu við mig með glampa í augunum um þennan braggann eða hinn, síldarplanið sem þeir voru á að ég tali ekki um Hvanneyrarskálina. Greinilegt var að þeir höfðu upplifað dýrðlega tíma á Siglufirði,“ segir Heiðar Ástvaldsson.

Kjartan Stefánsson

FYRSTA KYNSLÓÐ SIGLFIRÐINGA STOFNAÐI FÉLAGIÐ

Rætt við Jón Sæmund Sigurjónsson, formann Siglfirðingafélagsins 1991-2001

Jón Sæmundur Sigurjónsson var kjörinn formaður Siglfirðingafélagsins árið 1991. Hann hafði þá ekki verið virkur í starfi félagsins. Arin á undan sat Jón Sæmundur á Alþingi og hann segir að áberandi starf í áttahagafélagi hafi ekki samrýmst þingmennskunni. „Formaður Siglfirðingafélagsins á undan mér, Heiðar Ástvaldsson, var að svipast um eftir líklegum eftirmanni um þetta leyti og fór þess á leit við mig að ég tæki við af honum. Beiðni hans var auðsótt. Þá stóð þannig á að ég hafði fallið af þingi og gat tekið að mér þetta starf. Ég hafði bara gaman af því og var formaður í 10 ár, lengur en ég hafði ætlað mér,“ segir Jón Sæmundur.

Áhugamenn héldu starfinu uppi

Jón Sæmundur segir félagsstarfið hafa verið komið í fastar skorður þegar hann tók við formennsku í félaginu. „Ég kom ekki inn í félagið til að gera stórfelldar breytingar. Félagslífið var þá með þeim hætti sem fólk kærði sig um að verja tíma sínum í. Þar bar hæst jólaballið, Siglfirðingakaffið og árshátíð. Í raun og veru mæddi ekki mikið á mér því stór hópur áhugamanna hélt starfinu uppi.“

Inn á nýjar brautir

Jón Sæmundur segist hafa haft mikla ánægju af vinnu með öllum nefndum félagsins og honum sé einnig mjög ofarlega í huga samstarfið við ritstjóra fréttablaðs félagsins, Jónu Hilmarsdóttur, sem hafi verið mjög ötul. „Jóna hvatti mig eindregið til að skrifa greinar í fréttablaðið. Það varð til þess að ég fór að velta því fyrir mér hvað væri hægt að skrifa um Siglufjörð sem ekki hefði birst á prenti áður. Þannig varð greinin um búðarápið til, sem ég fékk mikil og góð viðbrögð við, þar sem ég flakkaði í huganum á milli verslana sem reknar voru á Siglufirði þegar ég var ungur. Fleiri greinar fylgdu í kjölfarið fyrir áeggjan ritstjórans þannig að segja má að hún hafi beint mér inn á nýjar brautir,“ segir Jón Sæmundur.

Hljóðin í bænum og Kristjánar

„Einna skemmtilegast fannst mér að skrifa grein um dæmigerð hljóð á Siglufirði sem hvergi heyrðust annars staðar. Nefna má hádegispípuna hjá SR, sem hafði sinn sérstaka hljóm, brunalúðurinn hjá slökkviliðinu og flautuna í flóabátn-



Jón Sæmundur Sigurjónsson, formaður Siglfirðinga-félagsins 1991-2001.

Ljós. Gunnar V. Andrússon/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

um Drangi. Hún var marghljóma eins og flauta í amerískum kagga. Þegar hún var þeytt glumdi í bænum. Ýmis aukahljóð lifa í minningunni svo sem hljóðið í lúðrasveitinni sem var svo innilega fölsk þegar hún kom fyrst fram!

Einnig hafði ég mikla ánægju af því að vinna grein um Kristjánana á Siglufirði sem settu svip á bæinn. Þeir voru nokkrir og höfðu flestir skemmtileg viðurnefni,“ segir Jón Sæmundur.

Flestir aðfluttir

Talið barst í lokin að því hvað mörgum brottfluttum Siglfirðingum er annt um að halda uppruna sínum á lofti. „Ég gerði að meginefni í ræðu sem ég flutti í Grafarvogskirkju á Siglfirðingakaffinu í vor hver við værum og hvaðan við værum komin,“ segir Jón Sæmundur. „Það var sérstakt við Siglufjörð að

bærinn óx feikilega hratt á sínum tíma. Flestir bæjarbúar voru aðfluttir en tiltölulega fáir höfðu fæðst á Siglufirði. Fólk sem fluttist þangað stofnaði áttahagafélög til að minnast heimabygðar sinnar. Þannig varð til Skagfirðingafélagið á Siglufirði,

Það var sérstakt við Siglufjörð að bærinn óx feikilega hratt á sínum tíma. Flestir bæjarbúar voru aðfluttir en tiltölulega fáir höfðu fæðst á Siglufirði.

Eyfirðingafélagið, Þingeyingafélagið, Austfirðingafélagið og Vestfirðingafélagið. Siglufjörður varð því eini landsbyggðarbærinn þar sem starfandi voru áttahagafélög. Tímar liðu og fólk fækkaði á Siglufirði og margir fluttust hingað suður. Þá var Siglfirðingafélagið stofnað því við vorum ekki lengur Eyfirðingar eða Skagfirðingar og svo framvegis. Kynslóðin á undan okkur kom annars staðar frá en rætur okkar eru á Siglufirði. Siglfirðingafélagið var félag þeirra sem loksins voru orðnir Siglfirðingar, hvar svo sem hinar dýpstu rætur liggja!“

Kjartan Stefánsson

VILDUM EFLA TENGLIN VIÐ HEIMAMENN

Rætt við Ólaf Baldursson, formann Siglfirðingafélagsins 2001-2006

Eitt af aðaláhugmálum mínum er Siglufjörður. Fljótlega eftir að ég fluttist suður sótti ég aðalfund hjá Siglfirðingafélaginu og árið eftir var ég kosinn í nefnd á vegum félagsins. Ég starfaði í nefndum eða stjórn félagsins í 25 ár. Í fyrstu var ég í félagatalsnefnd og því fylgdi heilmikil vinna. Eftir það var ég kosinn í skemmtinefnd og starfaði í henni í mörg ár,“ segir Ólafur Baldursson er hann var spurður um tildrög þess að hann fór að starfa fyrir Siglfirðingafélagið. Ólafur var formaður félagsins á árunum 2001 til 2006.

Sögulegt síldarball á Sigló

Eitt af fyrstu verkefnum Ólafs og félaga hans í skemmtinefndinni er honum mjög minnisstætt. „Við tókum að okkur að halda síldarball á Hótel Höfn á Siglufirði í ágúst 1988 í tengslum við stórafmæli kaupstaðarins það ár. Í skemmtinefndinni voru auk mín þeir Guðmundur Stefán Jónsson og Hallvarður Óskarsson.

Þetta var ekta síldarball. Við létum búa til ýmsa hluti úr síldartunnum og tunnubotnum sem skreyttu danssalinn. Hvert einasta bord í salnum fékk líka nafn eftir síldarplönunum gömlu. Undirbúningur tók langan tíma. Dansleikurinn spurðist út og vakti mikla eftirvæntingu heima. Strax í júní var farið að hringja í okkur og panta miða en við höfðum ákveðið að miðasalan hæfist ekki fyrr en klukkan 5 daginn fyrir ballið. Daginn sem miðasalan hófst var komin löng röð strax klukkan 4 sem náði frá Höfninni að Hallabár. Við seldum 240 miða í mat og fengu færri miða en vildu. Skemmtikraftarnir voru allt brottfluttir Siglfirðingar og stofnuð var sérstök hljómsveit, Síldarbandið, sem lék undir dansi. Selt var inn á ballið eftir bordhaldið og okkur taldist til að 600-700 manns hefðu komið í húsið. Slíkur fjöldi hafði ekki sést á Höfninni í langan tíma,“ segir Ólafur.

Ágóðinn til íþróttamála

Ágóðinn af síldarballinu var látinn renna til Íþróttabandalags Siglufjarðar og var það dágóð upphæð. Ólafur segir að ýmislegt hafi verið á döfinni á Siglufirði þegar merkisafmælis kaupstaðarins var minnst sumarið 1988 og margt fólk á ferðinni. Hann er ekki í vafa um að síldarball Siglfirðingafélagsins hafi líka dregið fólk til Siglufjarðar og hafi jafnvel orðið visir að öðrum og stærri viðburði. „Þetta var tveimur árum áður en Siglfirðingar fóru að halda „Síldarævintýrið“ um verslunarmannahelgina. Mér þykir ekki ólíklegt að síldarballið okkar hafi átt sinn þátt í því að hugmyndin að „Síldarævintýrinu“ kviknaði,“ segir Ólafur.



Ólafur Baldursson, formaður Siglfirðingafélagsins 2001-2006.

Betri tengsl við heimamenn

Ólafur segir að hann og fleiri sem starfað höfðu lengi fyrir Siglfirðingafélagið hafi haft ákveðnar skoðanir á því hvernig starfsemi þess ætti að vera. „Við vildum virkja félagið meira og efla tengslin við heimamenn. Einkum höfðum við áhuga á því að styrkja siglfrska æsku. Okkur hafði borist til eyrna fyrir aðalfund 2001 að sækja ætti forystu félagsins út fyrir þann hóp sem hafði verið virkastur í starfinu undanfarin ár. Við vorum ekki ánægð með það og ég ákvað því að bjóða mig fram og hlaut kosningu,“ segir Ólafur.

Samstarf við Sparisjóðinn

Ólafur segir að leitað hafi verið ýmissa leiða til að treysta fjárhag Siglfirðingafélagsins. „Fljótlega náðum við samningi við Sparisjóð Siglufjarðar sem styrkti félagið gríðarlega. Á 45 ára afmæli félagsins var samningurinn endurnýjaður. Eitt af því sem við börðumst einnig fyrir var að koma á félagsgjöldum. Þar með fékk félagið fastan tekjupóst. Auknar tekjur gáfu félaginu svigrúm til að styrkja ýmis verkefni á Siglufirði og má þar nefna skíðasvæðið, Síldarminjasafnið og grunnskólann.“

Sameining áttahagafélaga

Ólafur getur þess í lokin að mikilvægt sé að fá yngri kynslóðir til starfa í félaginu og stjórn þess við hlið þeirra eldri. Hafa þurfi í huga í félagsstarfinu að vaxandi fjöldi Siglfirðinga hafi vaxið úr grasi eftir að síldin hvarf. Yngra fólk þekki því ekki síldarbæinn Siglufjörð af eigin raun. „Þá finnst mér athugandi hvort ekki sé rétt að áttahagafélög Siglfirðinga og Ólafsfirðinga taki höndum saman. Það myndi styrkja Fjallabyggð ef félögin sameinuðust,“ segir Ólafur Baldursson. *Kjartan Stefánsson*




Rauðka óskar Siglfirðingum nær og fjær
til hamingju með 50 ára afmæli Siglfirðingafélagsins

Hannes Boy
461-7730

Skrifstofa Rauðku
467-1550
www.raudka.is

Kaffi Rauðka
461-7733

*Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin*



**Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin**

Deloitte.

HÆTTI ALDREI AÐ VERA SIGLFIRÐINGUR!

Rætt við Guðmund Stefán Jónsson, formann Siglfirðingafélagsins 2006-2010

Ég hafði sérstakar taugar til Siglfirðingafélagsins strax á æskuárum mínum ekki síst fyrir þá sök að Jón Kjartansson, fyrsti formaður félagsins, var náskyldur mér. Jóni tókst fljótt að afla félaginu trausts og virðingar,“ segir Guðmundur Stefán Jónsson er rætt var við hann um störf hans fyrir Siglfirðingafélagið. Guðmundur var formaður félagsins á árunum 2006 til 2010, en á þeim árum voru gerðar miklar skipulagsbreytingar á Siglfirðingafélaginu.

Guðmundur segist vera með ólæknandi félagsmálabakteríu og hafi verið virkur í félagsstarfi hvar sem hann hafi komið, bæði í fótboltanum, í skólafélögum á námsárunum og síðast en ekki síst í Siglfirðingafélaginu.

Var í „órólegu deildinni“

„Þótt atvikin hafi hagað því þannig til að ég fluttist burt frá Siglufirði þá hætti ég aldrei að vera Siglfirðingur. Þegar ég kom heim frá námi í Bandaríkjunum um miðjan níunda áratuginn lágu leiðir okkar Ólafs Baldurssonar saman á ný. Við félagarnir fórum að sækja fundi í Siglfirðingafélaginu. Við skipuðum okkur í „órólegu deildina“ ef ég má taka þannig til orða. Við vildum sjá áherslubreytingar á ýmsum þáttum í starfinu,“ segir Guðmundur.

Naflasskoðun

Guðmundur lét þannig snemma til sín taka í Siglfirðingafélaginu. Hann sat um tíma í stjórn félagsins í formannstíð Heiðars Ástvaldssonar. Eftir það var hann lengi virkur í nefndastörfum. „Þegar Jón Sæmundur Sigurjónsson varð formaður leyfði hann sér að fara aðeins á svig við lög og reglur félagsins og skipaði mig sem áttunda mann í stjórn af sjö mögulegum! Ég var einnig í stjórn þegar Ólafur Baldursson var formaður. Mér fannst ágætt að vera á hliðarbekknunum og styðja þá sem völdust til forystu. Þegar Ólafur ákvað að hætta árið 2006 var farið að leita að formannsefni og ég stakk upp á Rakel Björnsdóttur. Hún var ekki tilbúin þá. Ég féllst því á það að taka verkið að mér í eitt ár. Mig langaði líka til að hrinda ákveðinni hugmynd í framkvæmd sem var naflasskoðun á starfsemi og hlutverki Siglfirðingafélagsins,“ segir Guðmundur.

Opnað öllum Siglfirðingum

„Við könnuðum veikleika og styrkleika félagsins, veltum upp spurningunni hvað félagið ætti að gera og hvað ekki og skilgreindum tilgang þess,“ heldur Guðmundur áfram. „Hlutverk Siglfirðingafélagsins er fyrst og fremst að rækta félagsleg tengsl Siglfirðinga og annast samskiptin við heimabyggðina. Kjarnastarfsemi felst í föstum viðburðum svo sem jólaballi, árshátíð, Siglfirðingakaffi og fleira.



Guðmundur Stefán Jónsson, formaður Siglfirðingafélagsins 2006-2010.

Stærsta endurbótin sem kom út úr þessari vinnu var sú að lögum félagsins var breytt á þann veg að allir Siglfirðingar geta nú gerst félagar, hvar sem þeir búa, jafnt brottfluttir sem heimamenn. Nafn félagsins var því stytt úr Siglfirðingafélagið í Reykjavík og nágrenni í Siglfirðingafélagið. Félagsgjaldið er valkvætt en við þessa breytingu fjölgaði félögum úr 1.300 í 2.400. Tekjur félagsins jukust því til samhlíða.“

Vildarvinir Siglufjarðar

Ein af stóru spurningunum var hvernig félagið ætti að standa að stuðningi við heimabyggðina. Guðmundur segir að ákveðið hafi verið að setja það verkefni í fastan farveg með stofnun Vildarvina Siglufjarðar sem Siglfirðingafélagið stóð að.

„Hugmyndin er sú að Vildarvinir styðji við atvinnustarfsemi á Siglufirði og önnur framfaramál. Innan þess getur verið vettvangur fyrir stærri safnanir í ákveðin verkefni. Sérstaklega höfðum við í huga ferðatengda starfsemi en Vildarvinir hafa næg önnur verkefni sem horfa til bóta heima á Siglufirði. Það er skemmst frá því að segja að einn einstaklingur, Róbert Guðfinnsson, hóf á sama tíma langþráð uppbyggingarstarf í ferðamálum á Siglufirði og gerir það með sérstökum myndarbrag eins og alkunna er,“ segir Guðmundur.


Fyrsta konan í formennsku

„Ég ætlaði aðeins að vera formaður í eitt ár en árin urðu fjögur. Ég er sérstaklega ánægður með að Rakel Björnsdóttir skuli nú hafa tekið við formennskunni og hún er jafnframt fyrsta konan til að verða formaður Siglfirðingafélagsins,“ segir Guðmundur Stefán Jónsson að lokum.

Kjartan Stefánsson

92.607 Íslendingar

horfa á N4 Sjónvarp í hverri viku*



N4

Auglýsingasími: 412 4400

*25 ára og eldri skv. könnun Capacent Gallup mars 2011



**KLM.IS**
VERÐLAUNAGRIPIR

**KLM VERÐLAUNAGRIPIR
ÓSKA SIGLFIRÐINGAFÉLAGINU
TIL HAMINGJU MEÐ
50 ÁRA AFMÆLIÐ**



olis Vinur við veginn

**ÞÚ FÆRÐ
AFSLÁTTINN
STRAX**

-3kr.
af eldsneyti

Vildarpunktur
Icelandair

Afsláttur
af vörum



SÆKTU UM
STADGREIÐSLUKORT
Á OLIS.IS

ALLTAF GAMAN AÐ HITTA FÓLKIÐ AÐ HEIMAN

Rætt við Ástu Einarsdóttur

Ásta Einarsdóttir, Ásta Theu, flutti frá Siglufirði til Reykjavíkur árið 1964 ásamt eiginmanni sínum, Páli Gunnólfssyni, og tveimur sonum, Herði og Einari. Hún fór fljótlega eftir komuna suður að sækja fundi Siglfirðingafélagsins og var fyrr en varði komin í kaffinefnd félagsins.

Árlegur kaffidagur Siglfirðingafélagsins hefur frá upphafi verið haldinn á sunnudegi sem næst afmælisdegi Siglufjarðar, 20. maí. Fyrsti formaður kaffinefndar var skörungurinn Ólína Bergsveinsdóttir sem var matræður hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í Borgartúni 7. Fyrstu árin var kaffidagurinn haldinn á Hótel Sögu.

Ásta rifjaði upp þessi fyrstu ár: „Þar komum við saman snemma morguns til að smyrja flatkökur með hangikjöti. Nóg barst af tertum. Það var hringt í konur og þær beðnar um að gefa kökur. Stundum voru, að hætti hagsýnna húsmæðra, keyptir botnar, rjómi og niðursoðnir ávextir, svona til vonar og vara. Þessi siður hefur haldist fram á þennan dag og eiga allar konur sem lagt hafa lið skilið þakki því með þeirra dugnaði hefur kaffidagurinn haldið velli. Ég man eftir að þétt var setið á Hótel Sögu og þar stjórnaði Aðalheiður Guðmundsdóttir fjöldasöng.“

Eftir að hætt var að hittast á Hótel Sögu var erfitt að fá veislusal og um tíma var hist í Glæsibæ þar sem Sigurður, sonur Sigurðar Magnússonar múrara, réði ríkjum. Aðstaða fékkst svo í Safnaðarheimili Vídalínskirkju, Kirkjuhvoli, þar sem sr. Bragi Friðriksson þjónaði og eftir að hann lét af störfum tók þar við einn af tengdasonum Siglufjarðar, sr. Friðrik Hjartar, eiginmaður Önnu Nilsdóttur. „Húsmóðir“ í Safnaðarheimilinu var Jóhannína Færseth. Oftast voru skemmtiatriði og ber þar hæst sýningu danspara úr Dansskóla Heiðars Ástvaldssonar. Einnig voru haldnar ræður sem minntu á heimabyggðina

Siglufjörð. Þegar heldur þröngt var orðið í Kirkjuhvoli fluttist kaffidagurinn í Grafarvogskirkju (2004) þar sem fyrrverandi sóknarprestur á Siglufirði, sr. Vigfús Þór Árnason, þjónar.

Ásta var formaður kaffinefndar í mörg ár og við gefum henni aftur orðið: „Ég vildi gera eitthvað fyrir börnin sem komu með foreldrum sínum. Við hjónin rákum á þessum árum söluturn og ég pantaði gosdrykki til að fá þá sem ódýrasta. Við settum upp happdrætti og ég fékk gefins hluti frá Glit, sem Orri Vigfússon stjórnaði, og bækur frá Ólafi Ragnarssyni í bókaútgáfunni Vöku.

Einnig komst það á að 70 ára og eldri fengu frítt í kaffið. Þar var aðeins einn hængur á - að þekkja þá úr, Siglfirðingar eldast svo vel!

Eins og ég minntist á fyrr þá eiga þakki skilið allt það fólk sem gert hefur það mögulegt að halda árlegan kaffidag. Þær konur sem störfuðu mest með mér voru Anna Jónsdóttir, sem vann á Símanum og tók að sér að hringja og biðja um meðlæti, Valgerður Bílddal, Stella Kjartansdóttir, Brynja Guðmundsdóttir, sem var fyrir nefndinni í nokkur ár, Sigríður Einarsdóttir, Sigurlína Sigurgeirsdóttir, Unnur Sigtryggsdóttir, Bylgja Möller, Erla Óskarsdóttir, Erla Þórðardóttir og Kristrún Gunnlaugsdóttir sem tók við af mér og stóð sig með miklum sóma. Bakararnir Sverrir Sigþórsson og Júlíus Matthíasson og einnig Sveinbjörn Pétursson, veitingamaður, voru árum saman gjafmildir á tertur. Margir fleiri hafa lagt hönd á plóg og unnið óeigingjarnt starf og verður þeim seint fullþakkað.

Það var afskaplega gefandi að vera í þessu. Gaman að hitta fólk að heiman og spjalla við það og horfa yfir salinn. Maður hlakkaði alltaf til að sjá væntumþykjuna hjá fólki gagnvart hvert öðru. Það faðmaðist og kysstist og ljómaði af gleði yfir endurfundunum.“



Ásta er fædd árið 1928 og er dóttir Dórótheu Jónsdóttur og Einars Ásgrímssonar. Ásta starfaði fyrir Siglfirðingafélagið í mörg ár, m.a. var hún formaður Fjölskyldudagsnefndar í yfir 20 ár.

Þegar Ásta átti sextugsafmæli, þann 14. maí 1988, heppilega nálægt kaffideginum, fékk hún mikið af blómum. Henni fannst alveg tilvalið að taka þau með og skreyta salinn það árið. Það er ágætt dæmi um hvað þeim sem séð hafa um þennan merka þátt í starfsemi Siglfirðingafélagsins hefur verið annt um að gera allt sem best, og sem betur fer hafa margir verið boðnir og búnir til að gera þessa árlega framkvæmd mögulega, Siglfirðingum til ánægju- og yndisauka.

Ásta hefur mætt á allflestu kaffidaga frá byrjun og verður það að teljast vel af sér vikið. Hún býr í 101 Reykjavík í gömlu, virðulegu og vinalugu húsi. Það var gaman að heilsa upp á hana því hún er hress og minnið í betra lagi en hjá mörgum yngri! Hún er og verður Siglfirðingur þrátt fyrir áratuga búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Kaffidagurinn á sinn þátt í að viðhalda þeirri tilfinningu hjá mörgum.

Jóna Möller

AÐALGATA HEIMSINS

Eftir að síldarævintýrið hófst breyttist fámennst samfélag norður við Dumbshaf í eitthvað sem enginn hafði áður upplifað.

Þar sem áður hafði talist til stórtíðinda að skip sigldi inn fjörðinn, nema skektur eða hákarlaskip heimamanna, ríkti nú sannkallað gullgrafaraæði. Fólki fjölgaði, húsum fjölgaði, söltunarstöðvum fjölgaði og verslunum fjölgaði. Allt þetta gerðist svo hratt að engin önnur dæmi eru um slíkt í íslensku samfélagi. Leó R. Ólason tók saman.



Horft niður eftir Aðalgötunni árið 1929.

Hin siglfirska verslunarsaga er risastór á héraðslöndun mælikvarða og við Aðalgötuna hefur varla staðið nokkurt hús sem ekki hefur verið verslað í. Jón Sæmundur Sigurjónsson nefnir í grein sinni „Búðaráp á Siglufirði“, sem birtist m.a. í Morgunblaðinu 1996, að líklega hafi verið um 70 verslanir í bænum um miðja öldina sem leið. Það virðist í fyrstu vera ótrúlegur fjöldi en eftir að rýnt hefur verið í þessi mál og þau borin undir ýmsa þá sem stóðu á miðju sviðinu fyrir hálfri öld eða meira verður niðurstaðan sú að þetta geti vel verið.

Sagan öll væri efni í bókaflökk upp á marga hillumetra og kemst því ekki fyrir hér nema að litlu leyti. Við höldum okkur því að mestu við Aðalgötuna frá upphafi síldarævintýris fram yfir aldarlok og rifjum upp það sem tiltölulega auðfengnar heimildir skýra frá, eða er enn þokkalega ferskt í minni ritara og viðmælenda hans. Við getum lygnt aftur augunum og látið hugann reika. Séð fyrir okkur önnum kafna sloppklædda búðarmenn og konur, ösina, troðninginn, blindfulla sjóara jafnt sem guðhræddar konur, alla fólksmergðina sem átti leið inn og út um dyr kaupmannsins. Jafnvel leyft okkur að hnýsast í skápa,

hillur og afkima krambúðanna þar sem saga verslunar og viðskipta var bæði meiri og merkilegri en víðast gerðist enda í nafna alheimsins, sjálfri „Aðalgötu heimsins“.

AÐALGATAN – SUNNAN MEGIN

Burís, flónel, flöjel, shirting og lasting niður undir bryggjum

Verslunin Hamburg var í Aðalgötu 1. Hún var dæmigerð krambúð þar sem verslað var með nánast allt sem hugsast gat eins og í flestum öðrum verslunum á fyrri hluta tuttugustu aldar. Í slíkum búðum mátti oft fá jafn ólíka hluti og leirtau, tvisttau, franskt morgunkjólatau og enskt sultutau, burís, flónel, flöjel, shirting, lasting,

pudsextrakt, fitusvertu, rjóltoðak og steinolú. Einnig aprecots, rauðgrauts- og cremduft, skonrok, sago, steyttan kanel og pipar, spírituskompása, þakpappa, fernis, rúðugler og kítta, kniplinga og blunder. Allt á sama stað. Eftir daga Hamburgar var rekin ljósmyndastofa í húsnæðinu og enn síðar var Bjarki Árnason þar með trésmíðaverkstæði.

Halldór Jónasson verslunarmaður og kona hans Kristín Hafliðadóttir bjuggu í Aðalgötu 3 og ráku verslun á neðri hæðinni með járnvörur og þess konar varning. Í litlu húsi beint á móti setti Halldór á stofn, ásamt mági sínum Andrjesi Hafliðasyni, fyrstu sérverslunina í bænum sem var kölluð B-deildin, en nánar um hana síðar. Reksturinn hlýtur að hafa gengið þokkalega því Halldór keypti síðar Gamla bíó í Reykjavík og bauð í það á móti mörgum af ríkustu mönnum í Reykjavík.

Hattar, reiðhjól, bækur og bolsíur

Í húsi nr. 5 var verslun Sigurðar Kristjánssonar sparisjóðsstjóra, þá Vefnaðarvörur Ingimundar, sem Daníel Þórhallsson tók síðar við, og enn síðar Sjómannaverslunin Dröfn sem Jóhann Pétursson rak. Húsið stóð eftir það lengi autt eða þar til Matthías Jóhannsson keypti það á 100.000 kall og opnaði verslunina Tröð. Sparisjóðurinn var um tíma í einu herbergi með séringgangi í húsi númer 5



Aðalgata 3, - verslun Halldórs Jónassonar



Matti og Jóna í versluninni Tröð.

(eða 7) en fluttist síðar yfir götuna á neðstu hæðina á Hótel Hvanneyri. Einnig var hattabúð Ásbjargar þar.

Í Aðalgötu 7b var Íslandsbanki hinn eldri áður en hann breyttist í Útvegsbanka og flutti upp í Grundargötu. Þarna var Verslun Sveins Hjartar þar sem verslað var aðallega með matvöru og gríðarlega mikinn kost til skipa. Gústi Þórðar var með herrafataverslun og eftir það var þarna Járnvörudeild Kaupfélagsins þar sem Þórður Kristinsson afgreiddi í brúnum slopp. Viðar

Magnússon og Jens Gíslason voru þarna með rafmagnsverkstæði og einnig var þarna dekkjaverkstæði.

Bókabúð Hannesar Jónassonar var svo í númer 7 uppi á horninu, en það hús brann. Þá fluttu Hannes og Kidda dóttir hans á Aðalgötu 16, svo 15 og enn síðar á 32b. Seinna var hús Mjólkursamsölunnar byggt á lóðinni. KEA opnaði þar matvöruverslun árið 1970 eftir að KFS fór á hausinn, Húsasmíðjan var þar löngu síðar og nú síðast Iðja. Aðalgata 9 var (og er) á horninu sunnan Aðalgötu og ofan við Vetrarbrautina. Þar áttu margir viðdvöl og stoppuðu mislengi. Gunnar Bílddal rak þar síðast verslunina Hebu og seldi m.a. reiðhjól og var með reiðhjólaverkstæði. Þetta hús brann í apríl árið 1946.

Skömmu fyrir brunann hafði Egill Melsted opnað reiðhjólabúð aðeins fáum metrum ofar í götunni og fór tvennum sögum af kærleikum þeirra kaupmanna, hvað sem satt var í því. Nokkra unga reiðhjólæigendur sem höfðu alla jafna verslað við Gunnar vantaði eitt sinn eitthvert smáræði og komu við hjá honum, en hann átti það því miður ekki til í augnablikinu. Það varð því að fara yfir til Egils sem tók þeim fálega og sagði að hann ætti nóg til af öllu fyrir sína kúnna. Þeir skyldu bara fara á sama stað og þeir komu frá og vera þar þangað til úr réttist. Eftir svoltið spjall og skjall munu þó samningar hafa náðst. Húsið sem Matti Haralds og Alla búa núna í er líka skráð númer 9. Upphaflega var það bæði lítið og lágt en Þorsteinn Pétursson mun hafa byggt ofan á það. Þorsteinn, sem var faðir Péturs hafnarvarðar og bróðir Ásgeirs Péturssonar stórsíldarsaltanda, rak þarna verslun en var síðar umsjónarmaður og útsölustjóri Hóls, Akureyrar- og Sauðárkróksmjólkurinnar í einhvern tíma. Síðast ráku þær Sigga og Kolla gjafa- og snyrtivörubúðina Hebu.



Í þessu litla og lágreista húsi var þó nokkuð stór matvöruverslun Sveins Hjartar á fyrri hluta síðustu aldar.



Reiðhjólaverslun Gunnars Bílddal skömmu eftir brunann.



Aðalgata 19.

Iðjuver Egils Melsted og franskar kartöflur

Í húsi númer 11 bjó Egill Stefánsson (Melsted) og rak verslun á neðri hæðinni. Fyrst kjötbúð, þá matvörubúð en síðast reiðhjólaverslun, sem áður er getið. Á bak við húsið var heil þyrping af skúrum og þar hafði hann verkstæði sitt og aðra aðstöðu. Hann framleiddi barnavagna, þríhjól og stálhúsgögn, gerði við reiðhjól, húsgögn og klósettkassa, ásamt því að starfa við pípulagnir. Þar var einnig reykhus, sennilega þó áður en hann stofnaði Egilssíld 1940. Um tíma starfaði hátt í tug manna í þessu undarlega samsetta iðjuveri Egils. Þórarinn Hannesson opnaði síðar í húsnaðinu myndbandaleigu og sjoppu sem hann flutti síðar á Norðurgötu og enn síðar á Túngötu. Prumupizzur (Jói Bjarna og Anna Hermína) voru þar líka á sama tíma, líklega 1994.

Í litla húsinu númer 13 þar sem Abbý rekur núna Gallerið sitt var Hrólfdís áður með Blóm og Föndur. Tóti Gauti keypti það þó enn fyrr og lagaði heilmikið einhvern tíma upp úr 1970, en þá var það bæði feyskið og fúíð. Hann flutti þangað fatahreinsunina sem hann hafði áður starfrækt í „Sjallanum“ við Grundargötu.

Í Aðalgötu 15 voru síðast skrifstofur Þormóðar Eyjólfssonar hf., en þar áður Bókaverslun Hannesar Jónassonar í stuttan tíma áður en hún fluttist upp í Aðalgötu 32b. Anna Lára Hertervig keypti verslunarplássíð um 1960, en þá hafði það staðið autt um tíma. Hún opnaði þar Matstofuna ásamt Guðrúnu Sigurhjärtardóttur sem sá um reksturinn meðan Anna var á Raufarhöfn 1958-1962. Hrólfdís og Ása Þórarins störfuðu þar um árabil og þar kynntust margir Siglfríðingar frönskum kartöflum og buffi með spældu eggjum í fyrsta sinn. Einhvern tíma þar á undan var svo Gestur Fanndal með vefnaðarvörudeild í plássinu áður en hann flutti verslanir sínar upp í Suðurgötu. Hún var rekin undir nafninu Vöruhús Siglufjarðar. Vöruhúsið hafði þó áður verið í eigu Jóns Valfells sem var mágur Gests, en það hafði þá enn áður verið til húsa í Suðurgötu 2.

Gunna Finna býr núna á Aðalgötu 17, en Guðmundur Hafliðason, sonur Hafliða hreppstjóra, byggði húsið. Þar mun hafa verið rekin hattabúð (ein af fjórum) yfir sumartímamann.

Olíukóngurinn og skíðakóngurinn

Andrjes Hafliðason skrifaði alla tíð nafnið sitt með „je“, þótt hann breytti á einhverjum tímapiðri rithættinum fyrir ofan dyrnar á verslun sinni til nútímahorfs. Hann byggði hús númer 19 við hliðina á bróður sínum Guðmundi. Hann gerðist árið 1904 sendill í verslun Vilhelms M. Jónssonar en réðst árið eftir til Helga bróður síns og var þar til ársloka 1910. Árið 1911 hóf hann störf hjá Gránufélagsversluninni og var þar til 1919, en það ár setti hann verslun á fót undir nafninu Fjallkonan. Árið 1923 tók hann við umboði fyrir Landsverslun Íslands sem síðar verður Olíuverslun Íslands, af Jóni tengdaföður sínum. Hann gerðist umboðsmaður Tóbaksverslunar Íslands, en á þessum tíma var Áfengisverslun ríkisins eitt og Tóbaksverslun ríkisins annað. Þegar þessi ríkisbatteri sameinuðust síðar í Tóbaks- og áfengisverslun ríkisins var nafnið skammstafað TÁR. Vakti þetta að vonum athygli manna og þótti mörgum skondið í meira lagi, en nafngiftin breyttist þó fljótlega í ÁTVR. Hann tók einnig að sér umboð fyrir Viðtækjaverslun ríkisins og firmað Lárus G.

Lúðvígsson hf. sem flutti inn og seldi skófatnað. Einhvern tíma hætti hann þó að versla með skófatnað og margir af eldri íbúnum í bænum hafa talið sig vita skýringuna. Hún á að vera sú að gjafmildi Ingibjargar konu hans hafi rýrt svo lagerinn að verslunin bar sig illa. Ef hún sá illa skófu börn frá heimilum þar sem efnin voru ekki mikil, átti hún það til að kalla á þau inn til sín, og þegar þau fóru út frá henni aftur voru þau komin í splunkunýjan skófatnað. Andrjes mun hafa látið þetta afskiptalítið lengi vel, en einfaldlega gefist upp á rekstrinum að lokum. Kobbí mall bjó í litlu húsi fyrir neðan kirkjuna og þótti karlinn sjaldnast mjög þrifalegur eða vel til fara. Eitt sinn var Andrjes, sem einnig var meðhjálpari, að gera klárt fyrir messu á aðfangadag. Hann hafði verið í kirkjunni frá miðjum degi og kom ekkert heim fyrr en að athöfninni lokinni. Skömmu áður en messan hófst hafði Kobbí átt erindi niður í bæ, Ingibjörg reikist á hann og fundið út að hann átti engin jólaföt, sem henni fannst auðvitað alveg ótækt. Þegar Andrjes var svo kominn heim og allir sestir yfir jólamatinn varð honum að orði: „Hann Kobbí var vel til hafður í dag“, og svo var ekki talað meira um það. Ingibjörg hafði nefnilega klætt Kobbá upp í splunkuný grá jakkaföt með vesti og bindi sem Andrjes hafði nýlega keypt og Kobbí mætt í þeim til kirkju.“

Í Aðalgötu 21 rak Alfons Jónsson veiðarfæraverslunina Víking. Síðan var þar Hattabúð Jennýar, Verslun Jónasar Ásgeirs, Eyrarúðin hans Jóa dívana, Leifsbakaríog nú síðast Efnalaugin Lind.



Mynd úr Hattabúð Guðrúnar Rögnvalds. Afgreiðsludömurarnar eru: Helga Guðmundsdóttir (Einarssonar), Guðrún og Hekla dóttir hennar og Ragnars skattstjóra.



Ytra húsið – þar var m.a. fyrsta pósthúsið o.fl.

Jónas Ásgeirs, skíðakóngur, setti mikinn svip á mannlífð á Siglufirði, þótti skemmtilega uppátækjasamur og fljótur til eins og eftirfarandi saga sýnir. Eitt sinn þegar farið var að síga á seinni hluta sumars og kólna í veðri kom sjómaður inn í búð til hans og vildi kaupa föðurlandsbrækur. Jónas sýndi honum það sem til var en rétta stærðin fannst ekki. Sjómanninum þótti þetta miður og spurði Jónas hvort það væri nú alveg öruggt að rétta númerið

leyndist ekki einhvers staðar. Jónas hugsaði sig um en sagði svo að það gæti verið að það væru einar inni á lager. Hann brá sér þangað og kom að vörmu spori aftur með brækur sem sjómaðurinn mátaði og varð alsæll með því þær smellpössuðu. Hann hafði þó orð á að það væri undarlegt að brækurnar væru volgar. Jónas sagði að það væri ekkert skrytið því þær hefðu verið við ofninn. Sannleikurinn var auðvitað sá að til að leysa málið hafði Jónas farið úr eigin brókum.

Fyrsta pósthúsið var í Ytra húsinu

Í Ytra húsinu hófst í upphafi eiginleg siglfrsk verslun þegar Guðmundur,

kallaður borgari, keypti sér verslunarleyfi árið 1899. Ytri hlutinn, eldri og merkilegri, var því miður rifinn en sá syðri stendur eftir og hafa endurbætur á honum staðið yfir í nokkurn tíma. Sunnan megin hefur verið rekinn söluturn (Höllusjoppa, Lillusjoppa, Gunnusjoppa o.s.frv.) um margra áratuga skeið og um tíma áttu leigubílstjórar sér athvarf á efri hæðinni.

Pétur Björnsson rak matvörubúð á Aðalgötu 25 sem stóð beint á móti Aðalbúðinni, en í austurendanum, Grundargötumegin, var vefnaðarvöruverslunin. Inni í búð Péturs voru skápar á veggjum með gleri í hurðum svo vel mátti sjá freistandi innihald þeirra og þar var sykur, hveiti og rúgmjöl alla tíð vigtað í lausu. Verslunin starfaði fram undir 1960. Eftir það var rekin pokasaumastofa á vegum Óla Blöndal og fleiri í húsnaðinu og síðast ráku Þórhallur Gests og Badda þarna myndbandaleigu í stuttan tíma upp úr 1980. Verslunarplássíð stóð autt eftir það, eða þar til húsið var rífið. Næsta hús fyrir ofan er Norska sjómannaheimilið sem var byggt 1915 og hýsir nú Tónskóla Siglufjarðar á efri hæðinni, en á undan var þar trésmíðaverkstæðið Tréverk. Þar var einnig fyrsta sjúkrahúsið á Siglufirði. Í kjallaranum hefur verið fiskbúð frá því löngu fyrir miðja síðustu öld. Fyrst var þar Petersen og þá var gengið inn í hana að sunnan. Síðan var rekin þar Fiskbúð Kjötubúðar Siglufjarðar, svo undarlega sem það hljómar, en þar var Jósafat verslunarstjóri. Ekki veit ég hvenær innganginum var breytt og farið var að ganga inn í búðina að vestan en líklega hefur það

verið meðan Jósi var viðloðandi reksturinn. Jósi og Böddi tóku síðan við og eftir þá Eysteinn, Guggi og Salli. Nú rekur Eysteinn Fiskbúð Siglufjarðar sem er mun merkilegri búð en margur gerir sér grein fyrir. Hún er nú orðin eins konar minnisvarði fyrir verslunarhætti sem eru orðnir harla fáséðir.

Pylsuvagnar út um allt

Pylsuvagninn, sem var reyndar einn af þremur slíkum sem reknir voru í bænum um miðja síðustu öld, stóð rétt fyrir sunnan fiskbúðina, eða u.þ.b. þar sem sviðið við Ráðhústorgið stendur yfir sumartímamann. Einar Björns opnaði hann upphaflega, líklega vorið 1959, og margir muna eftir honum í flottum drifhvítum fötum við afgreiðsluna. Hann rak vagninn fyrsta sumarið fram í miðjan ágúst, en þá datt hann í það og ekkert spurðist til hans fyrr en vorið eftir. Þá hafði hann samband við Svein bróður sinn og bað hann að sjá um reksturinn fyrir sig um sumarið. Sveinn gerði það og gott betur því sumrin urðu fjögur og lítið bólaði á Einari. Auk Önnu, konu Sveins, unnu þar Sigga Þórðar í Hrímnri, Dilla Péturs á Nöf og Pálína Jóns Frímans. Í pylsuvögnunum var fleira selt en pylsur, t.d. hamborgarar. Einhverju sinni fór of mikið salt í hakkið sem var notað í hamborgarana og um kvöldið rigndi hamborgurum inn um lúguna. Þeir komu svífandi utan úr myrkrinu ásamt spældu eggjum og öðru meðlæti og lentu flestir á veggnum á bak við stelpurnar sem stóðu við afgreiðsluborðið. Eftir það kvöld mun þess hafa verið gætt að salta ekki um of.

Húsnæðið má þó muna sinn fifil öllu fegri en sést á myndinni og lengi var stórt skilti með mynd af „einni með öllu“ uppi á þakbrúninni. Annar pylsuvagn var um tíma gerður út af Óskari Garibalda og Anneyju konu hans. Við þann rekstur var notaður gamall sendibíll sem yfirleitt var staðsettur milli fiskbúðanna tveggja á torginu og rétt við pylsuvagn þeirra Einars og Sveins, stundum líka í Lækjargötunni norðan við Hallasjoppu, líklega þegar böll voru á Höfninni. Afraksturinn fór að mestu til að fjármagna hljóðfæra kaup fyrir Tónskólann. Einhverju sinni mun Hlynur Óskars hafa ætlað að spara í innkaupum og fékk ærhausa hjá Óla Geir í Kjötubúðinni fyrir lítið, en mikið var selt af sviðum á þessum stöðum. Ærhausarnir þurftu langa suðu og kjötið rýrnaði mikið. Afurðin var ólseig og bálreiðir



Brúarfoss t.v., Verslun Gestis Fanndal, gamla mjólkurbúðin og vefnaðarvörudeild KFS t.h.



Pylsuvagninn við Ráðhústorg.



Haugasund brennur.

kaupendur grýttu vagninn með kjömmunum. Morguninn eftir sótti Stebbi lögga svo Hlyn til að þrifa planið við fiskbúðirnar því þar lá gríðarlegt magn af sviðakjömmum á víð og dreif.

Þriðji pylsuvagninn var við Gránugötu milli gömlu slökkvistöðvarinnar og þar sem Iðja stendur núna, en þar afgreiddi Hafliði Guðmundsson kennari um tíma. Hann mun hafa málað glæsilega mynd af skipi á fullri ferð inn á höfnina á norðurhlíð skúrsins. Ekki ber heimildum alveg saman um hver rekstraraðilinn var en flest bendir til að það hafi verið Palli á Höfninni. Sagan segir að hann hafi haft „Lalla á Heiði“ sér til halds og trausts, en sá maður var uppnefndur Haustrúningurinn vegna háralagsins. Lalli hafi verið eins konar útkastari en þarna gátu menn sest inn, hellt upp á sig og spilað upp á peninga.

Horfin hús

Lítið hús sem stóð ofan við Fiskbúðina, og hefur líklega verið númer 29, hýsti Bílastöðina. Eftir að hún var komin út í Túngötu opnaði Matti fiskbúð í húsinu og Dengi (Steingrímur sonur hans) tók síðar við rekstrinum. Þá rak Kristmar Ólafsson einnig lúgusjoppu í húsinu við lítinn fögnuð þeirra Thorarensenbræðra því í „hálfleik“ versluðu bíógestir þar grimmt.

Hattabúð Guðrúnar Rögnvalds var í húsi sem stóð beint á móti þar sem Siglósport er núna. Í austurenda þess var Sumarliði skósmiður en

Hallasjoppa í hattabúðarplássinu eftir að Guðrún flutti upp á Túngötu.

Að morgni 20. maí 1932 brann Haugasund til kaldra kola, en það var tveggja hæða timburhús sem stóð nokkurn veginn beint á móti þar sem nú er Pizza 67. Eldurinn kviknaði út frá olíuvél er verið var að bika gólf uppi í vesturendanum. Magnaðist eldurinn svo fljótt að húsið varð alelda á svipstundu, en fólk bjargaðist án þess að slys hlytist af. Það var í eigu Hinriks Thorarensen lækni og Gunnars Bílddal. Í húsinu voru tvær sölubúðir og brunnu allar vörubirgðir.

Hótel Siglufjörður stóð uppi á túnblettinum þráðbeint upp af Aðalgötunni, eða u.þ.b. í miðjum tröppunum sem nú liggja upp að kirkjunni. Ég velti fyrir mér um tíma hvort húsið hafi verið skráð við Túngötu, Suðurgötu, Aðalgötu eða Lindargötu, en nýlega var fullyrt við mig að það hafi verið númer 1 við

Hvanneyrarbraut. Það mun svo hafa verið rífið um eða upp úr 1960.

Kaupfélagið

Í þessari umfjöllun um Aðalgötuna sunnan megin er nærtækt að kíkja aðeins í Suðurgötuna, nyrsta hluta. Kaupfélagið rak vefnaðarvörudeild og skódeild að Suðurgötu 2 í húsinu sem var rífið líklega einhvern tíma upp úr 1990. Í húsi sem eitt sinn stóð fyrir sunnan það, og var löngum kallað gamla mjólkurbúðin, mun Áfengisverslunin upphaflega hafa verið. Þar var Bjarni Kjartansson verslunarstjóri, en hann var faðir Kjartans fyrrverandi Sparisjóðsstjóra. Þegar sú búð flutti í núverandi húsnæði var mjólkurbúðin opnuð þar. Húsið var rífið 1962 eða '63 en nýtt hús Kaupfélagsins var síðan byggt á lóðinni og verslun hófst þar í maí 1966.

Á síðustu árum síðutogarans Hafliða var orðið erfitt að manna hann, rétt eins og aðra slíka, og þá var brugðið á það ráð að fá á hann fanga af Litla-Hrauni. Þeir fóru beinustu leið um borð og svo var sleppt. Þegar túrinn var á enda og Hafliði lagstur að bryggju gerðist bara akkúrat það sem allir vissu að myndi gerast. Hluti áhafnarinnar fór á blindafylleri og eðlishvöt einhverra Hraunaranna gerði vart við sig. Einn þeirra fór upp í Kaupfélag til Ebbu Skarp og Jóhönnu á annarri hæðinni og fékk að máta föt. Hann fór inn í mátunarklefan með sjö skyrtur, fernar buxur, gríðarlegt magn af nærfatnaði og ýmislegt fleira. Þegar hann kom út úr klefanum sagðist hann ekki ætla að kaupa neitt af þessu dóti. Hann átti síðan í talsverðum erfiðleikum með að komast niður stigann því hann var bólstraður eins og Michelinmaðurinn og göngulagið með undarlegra móti. Við stigaræturnar biðu þeir löggufélagar Hjörtur Ármanns og Bjarni í Visnesi og buðust til að aðstoða við að afklæða þann bústna sem þáði hjálpina eins og ekkert væri eðlilegra.



Hótel Siglufjörður í bæjarbrekkunni. Myndin mun vera tekin 1931 eða '32 því eins og sjá má er verið að byggja kirkjuna.



Nýja kaupfélagshúsið að rísa.



Aðalgata 16, en í húsinu neðan við það var íbúð og járnsmíðaverkstæði.

KFS sem var stofnað 1929 varð gjaldþrota 1970. Eftir það opnaði KEA útibú sitt í húsnæðinu við mismikinn fögnuð bæjarbúa. Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri sagði þó í viðtali við Dag þ. 01.11.1972 að það væri gert vegna óska fjölmargra Siglfirðinga og til að fylla það skarð sem KFS skildi eftir sig. Í dag er þar Samkaup-Úrval.

Veitingahúsið

Brúarfoss stóð á torginu gegnt syðri hluta hússins þar sem nú er Samkaup. Þar var einnig spilaður billiard og haldnir dansleikir.

Stórkaupmaðurinn Gestur H. Fanndal

Rakarastofa Jónasar var til húsa að Suðurgötu 6 um það leyti sem Gestur Fanndal kaupir eignina og flyst þangað með verslanir sínar, en Jónas flutti þá yfir í næsta hús sem var númer 8. Gestur byggði við húsið og jók vöruúrvalið. Segja má að verslunin hafi verið þrískipt, þ.e. matvöruverslun syðst, vefnaðarvöruverslun í miðju og sportvörur og raftæki í nyrsta hluta. Gestur var líka með umboð fyrir DAS, Henson, Vörumarkaðinn, Bridgestone, Svein Egilsson hf., sem seldi Ford, sportvörur frá Fálkanum, Toshiba frá Einari Farestveit & co, þvottavélina Öldu sem bæði þvoði og

þurrkaði, Atari leikjatölvur og filmumóttöku svo eitthvað sé nefnt. Gestur var mikill áhugamaður um flugsamgöngur við Siglufjörð og var umboðsmaður Loftleiða, Flugsýnar, Vængja, Arnarflugs og Íslandsflugs. Þegar Gestur hætti að versla upp úr 1990 leigði Frímann Gústa hluta verslunaraðstöðunnar um tíma og Þórleifur Haraldsson var með ljósmyndavöruverslun í miðplássinu eftir aldamótin 2000. Nú má segja að sé fullskipað „hjá Gest“i, því KS er í matvöruplássinu, Steini og Fanney reka videóleigu og söluturn í vefnaðarvörunni og Ásdís, Lóa og Siggja galleríið sitt í sportdeildinni.



Kaupfélagið og Kjötþúðin um eða upp úr 1960.

AÐALGATAN – NORÐAN MEGIN

Dansstaður og snyrtilegur klæðnaður

Í neðsta húsinu númer 2 var veitinga- og skemmtistaðurinn Gullfoss en hann rak Sigríður sem var eiginkona Halldórs í Frón. Í Aðalgötu 4 rak Halldór Jónasson, í samvinnu við Andrjes Hafliða mág sinn, B-deildina, sem síðan hefur verið nýtt sem trésmíðaverkstæði, geymsla o.þ.h. í áratugi. Þar var til húsa fyrsta sérverslunin í bænum sem var fatabúð. Haft er eftir Önnu Láru Hertervig að hún hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað þarna voru seldar vandaðar og góðar vörur fyrr en hún fór sjálf að reka verslun. Verðið var reyndar í samræmi við gæðin því hún keypti þar eitt sinn kápu og hatt sem kostaði heil mánaðarlaun hennar á pósthúsinu þar sem hún vann á þeim tíma. Í næsta húsi fyrir ofan var rekin kjötþúð einhvern tíma fyrir miðja síðustu öld af Haraldi Hjálmarssyni og e.t.v. fleirum, en efnalaug um eða eftir 1960. Maðurinn á bak við hana hét Árni, var Akureyringur og kallaður „to be“ því hann var enskukennari í Gagganum um tíma. Eftir það tók Pétur Þorsteinsson við efnalauginni. Verslunarplássíð í kjallaranum stóð síðan lengi autt, eða allt þar til Margrét (Maddy) Þórðar verslaði þar á árabílinu 1986-1991 með tískufatnað, barnaföt, skó, skartgrip og snyrtivörur. Verslun Helga Hafliðasonar var í húsi númer 8, en það brann um 1930. Gert var við húsið og eftir það höfðu þeir Jón skóari og Halldór læknir aðstöðu þar árum saman. Þegar Kiwanismenn keyptu neðri hæðina áratugum síðar rifu þeir innan úr henni og gerðu upp. Þá sáust vel merki brunans í timburverkinu. Á neðstu hæð Hótel



Aðalgata 16, en í húsinu neðan við það var íbúð og járnsmíðaverkstæði.

Hvanneyrar var Sparisjóður Siglufjarðar til húsa um árabíl eftir að hann fluttist yfir götuna eða allt þar til hann fluttist upp á Túngötu. Á horni Aðalgötu og Vetrarbrautar, þar sem Gunnóla og Maggi búa núna, var áður járnsmíðaverkstæði sem brann. Eftir það var byggt stórhýsið sem hefur m.a. hýst Verslunarfélagið, Raflýsingu þeirra Sverris Sveins, síðar rafveitustjóra, og Þóris Björns, bróður Bigga Björns, en einnig Framsóknarflokkinn og VÍS.

Ølhallen Hekla

Í Aðalgötu 16, þar sem Gunni Óðins býr núna, var starfrækt krá snemma á síðustu öld. Sú nefndist Ølhallen Hekla, en síðar var þar verslun Páls S. Dalmars til húsa. Fatadeild Kaupfélags Siglfirðinga var þar einnig um tíma, eða nánar tiltekið árið 1945. Eftir það kom þar Hárgreiðslustofa Gróu Halldórsdóttur, systur Jónasar rakara, og síðan Verslunin Ásgeir, Ásgeirs Jónassonar sem árum saman hafði verið einn

af Verslunarfélagsmönnum. Þá opnaði Óli Tóra skóbúð en Gugga, kona Hanna Sigurjóns, sem bjó í næsta húsi var afgreiðslustúlka hjá honum. Síðan var þarna Bókabúð Hannesar Jónassonar í nokkur ár. Samkomu- og veitingahúsið Borgarkaffi var rekið að Aðalgötu 18 í einhver ár fyrir 1960 og þar munu kostgangarar hafa verið í föstu fæði, en það varð eftir það aðsetur Alþýðuflokksins. Nú er þar vinnustofa og íbúð Bergþórs Morthens.

Siggi Sófúsar setti mark sitt á viðskiptalífið

Gestur Fannald var með matvöruverslun sína í Aðalgötu 20 en þegar hann flutti verslanir sínar upp í Suðurgötu fluttu Sófús Árnason og Sigurður sonur hans í plássíð með Litlu búðina af Suðurgötunni. Þar tók gjarnan ilmandi vindlalykt frá Sófusi á móti viðskiptavinunum en Siggi hafði þann vana að hafa á milli varanna sígarettu sem sjaldnast var kveikt í. Siggi Sófúsar rak líka „Sjallann“ við Grundargötu um svipað leyti. Þar matreiddi frænka hans Silla á Steinaflötum m.a. hrefnukjöt svo lystilega að Rotarýmenn trúðu því að þeir hefðu verið að snæða nautakjöt. Þar var líka spilað bingó vikulega. Vinningarnir voru oftast eitthvað matarkyns s.s. rauðkál og grænar baunir úr Litlu búðinni. Næst tók Júlí Júll við með Föndurbúðina og Tómsbundabúðina. Eftir að Júlí hætti var þarna Verslunin Rafbær og síðan Ögn, þeirra Berþórs Atla og Guðrúnar Hjörleifs sem hafði áður verið á Grundargötu.

Aðalgata 22, eða húsið hana Rúdda Sæby, var einn þeirra staða þar sem Verslunarfélagið, eða Versló hafði viðdvöl á vegferð sinni upp eftir Aðalgötunni. Jóhann Stefánsson (Jói dívana) rak síðan Eyrarabúðina í húsnæðinu í mörg ár áður en hann fluttist yfir götuna. Eftir hann voru Rafbæingar einhvern tíma þarna og síðan Ögn. Sú verslun hafði stækkað hratt en hún var upphaflega með leikföng og gjafavöru. Smám saman bættust við blóm, sportvörur, hljómplötur, rafmagnsvörur og síðast leiktæki í spilakassaformi. Eftir að Ögnin leið opnaði



Siggi Sófúsar afgreiðir Ágúst Einar Sæby sem er fyrsti viðskiptavinurinn í Litlu búðinni. Siggi gefur honum þarna krukku af neftóbaki.



Blöðin sótt í Aðalbúðina.

Elín Gestsdóttir verslunina Elínu í plássinu. Húsið var svo rífið nokkru eftir að hún hætti.

Anna Lára, Bryndís, Bára frænka mín og Lalli Blöndal

Það var algengt að hálfgerð öngþveiti myndaðist fyrir framan Aðalbúðina á kvöldin þegar dagblöðin komu með rútunni að sunnan. Þar sem ekki mátti hafa verslanir opnar á kvöldin var útihurðin opnuð og bord

með Mogganum á sett fyrir dyraopið. Önnur blöð voru afgreidd utandyra.

Næst kom Pósthúsið en hinum megin við Grundargötuna var Aðalbúðin sem Jósep Blöndal og/eða börn hans byggðu 1946. Á þeim tíma var ekki leyft að byggja við Aðalgötuna hús sem voru minna er þrjár hæðir og Aðalbúðin átti upphaflega að verða stórhýsi með íbúð á efstu hæð og í risi, skrifstofum

á miðhæð, verslun á jarðhæð og lager í kjallara.

Heimildir herma að Síldarverksmiðjurnar hafi verið búnar að lofa að taka miðhæðina á leigu, en þegar þeir „sviku“ það og fóru í Útvegsbankahúsið guggnuðu systkinin á frekari framkvæmdum. Eftir að verslunarhæðin var risin, var því sett bráðabirgðapak á hana og þannig er staðan enn 65 árum síðar. Þarna ráku Blöndalssystkinin Lárus, Óli, Bryndís og Anna, bókabúð með ýmsum hliðargreinum svo sem ritföngum, vefnaðarvöru og gjafavöru en einnig öðru sem er svolítið skrytið, svona eftir að hyggja í bókabúð, þ.e. gosi og sælgæti. Skömmu eftir að síldin hætti að láta sjá sig, eða um 1970, var búðin minnkuð og sá hluti hennar sem vissi út að Grundargötunni hólfaður af. Þar var í nokkur ár sjoppa og blaðaafgreiðsla sem Matti Jóhanns rak. Birgir Steindórsson keypti svo Aðalbúðina og einnig Bókabúð Hannesar Jónassonar. Hann sameinaði þær og jók vöruúrvalið til muna. Eftir það komu þarna ýmsir við sögu s.s. Hrafnhildur Hreinsdóttir og Guðrún Hauksdóttir, Júlíus Hraunberg, Jón Guðmundsson og Rafbæingar en núna heitir búðin SR-Aðalbúðin. Verslunin hefur ekki alltaf heitið alveg sama nafninu, og vörulínur og áherslur hafa breyst í árunna rás, en



Apótekið hjá Schiöth 1928 og Bíóið ofar.

í hugum flestra Siglufriðinga er þarna til húsa Aðalbúðin og ekkert annað.

Schiöth, - bóhem, stórténór og frumkvöðull

Aage Riddermann Schiöth, nýútskrifaður lyfsali og náfrændi Hinriks Thorarensen, hóf rekstur Apóteks í gömlu húsi að Aðalgötu 28. Reksturinn gekk vel og árið 1930 var búið að flytja húsið af grunni sínum á baklóð og reisa nýtt glæsilegt hús á lóðinni. Gamla húsið öðlaðist þó nýtt hlutverk því það hósti Efnagerð Siglufjarðar sem síðar fluttist til Akureyrar og varð að Efnagerð Akureyrar og eftir það Sana sem enn síðar sameinaðist Sanitas. Á Siglufirði var m.a. framleiddur gosdrykkurinn Valash sem varð geysivinsæll og seldist um tíma mun meira á Siglufirði, og jafnvel víðar á Norðurlandi, en alheimsdrykkurinn kókakóla. Schiöth mun hafa verið veisluglaður maður og sagt er að ósjaldan hafi mátt heyra söng og glasglaum út um opna gluggana á íbúð hans fyrir ofan Apótekið. Eitt sinn mun maður nokkur hafa verið á leið til vinnu sinnar snemma morguns og gengið niður Aðalgötuna. Heyrir hann þá að enn stendur yfir gleðskapur í húsi apótekarans en þó eru orðin nokkuð greinileg þreytumerki á þeim sem þar eru. Hann staldrar við og hlustar um stund en þarna virðast tveir menn vera að reyna að syngja saman þekkt íslenskt sönglag af mikilli innlifun. Önnur röddin var



Bíóið og Bíóbúðin rétt fyrir 1930.

þjört og áferðarfalleg en hin var dimm og nokkuð drungaleg. Ténórinn var áberandi lagviss en sá dimmraddaði var víðs fjarri nokkurri laglínu og hljóðin sem hann gaf frá sér líktust

mest drungalegu bauli. Daginn eftir fréttist að Davíð nokkur Stefánsson frá Fagraskógi hefði sótt apótekarann heim og þeir hafi gert sér glaðan dag saman. Eftir daga Schiöth kaupir Ingólfur Arnarson rafvirki húsið ásamt bakhúsinu og setur upp rafmagnsverkstæði. Fáum árum síðar, eða 1976, opnar Anna Lára Diddabúð í stærri hluta verslunarhúsnæðisins og sá sem þetta ritar opnar fyrstu eiginlegu myndbandaleigu á Siglufirði í vestari hluta þess 1981.

Myndbandaleigur spruttu svo upp eins og gorkúlur á næstu árum á eftir og urðu mest 6 á sama tíma, sem er ótrúlegt miðað við fólksfjölda. Eftir að myndbandaleigan var seld yfir í Nýja Bíó, 1986, var í því plássi Happdrætti Háskólans, pítustaður Svenna Þorsteins, kosningaskrifstofa og pizzustaður Jóa Bjarna og Önnu Hermínu. Árið 1995 keypti Jakob Kárasón neðri hæðina og opnaði Aðalbakarí sem er þar enn.

Læknir sem umhverfðist í bismann

Tóri, eða Hinrik Thorarensen sonur hjónanna Odds C. Thorarensen lyfsala og konu hans Önnu Clöru Schiöth, fluttist til bæjarins árið 1920 sem ungur læknir. Að sögn Óla sonar

hans keypti hann þá strax Siglufjarðarbíó í Norðurgötunni. Aðrar heimildir segja að hann hafi ekki gert það. Hann byggði og opnaði Nýja-bíó við Aðalgötuna árið 1924. Hann rak þar bíóbúðina, sem var blönduð verslun, keypti Hótel Siglunes, sem síðar nefndist Hótel Höfn, rak söluturn efst í Aðalgötunni og annan neðst í sömu götu, svo og skóbúð og veitingastað, einnig lyfjabúð og söltunarstöð sem síðar var kennd við



Spásserað í sumarblíðunni.

Fúsa Bald. Hann hafði 1000 hænur í búi uppi í fjalli og nokkuð af unghænum uppi á lofti í bíóinu. Þetta var á tímum þöglu myndanna og eflaust hafa hænsnfuglarnir einhvern tíma gefið frá sér á hádramatískum augnablikum hljóð sem hafa fallið misvel að söguþræði myndanna. Hann rak líka prentsmiðju í áratug en seldi hana Sigurjóni Sæmundssyni prentara. Tóri var með umboð fyrir Tóbakseinkasölu ríkisins á árunum 1930-32 og sá þá Kristinn Guðmundsson, sem þá var innan við tvítugt, um bókhaldið. Hann byggði sér líka myndarlegt einbýlishús við Lækjargötu sem síðar var kallað Blöndalshúsið. Bræðurnir Oddur og Ólafur Thorarensen tóku við rekstrinum af föður sínum, en síðan aðeins Oddur því Ólafur snéri sér alfarið að verslunarrekstri á Tórahorninu.

Um 1950 leigði Fúsi frá Bræðraá húsnæðið þar sem seinna var Bíóbarinn og opnaði þar verslun sem endaði með því að þar kviknaði í. Mikinn reyk lagði um húsið og Oddur hafði áhyggjur af kvikmyndaflumum sem voru í filmugeymslunni við sýningarklefan. Áhyggjur Odds voru ekki aðeins til komnar vegna mögulegrar sprengihættu sem þeim fylgdi, heldur ekkert síður vegna þess að kvikmyndirnar voru fimm en aðeins þrjár þeirra voru tryggðar. Hann fékk Steingrím Kristins (Baddý í bíóinu) til að lóðsa mannskap upp og koma filmunum út. Á þessum tíma var gengið upp í sýningarklefan að norðanverðu úr sundinu milli sýningarsalarins og Valashgerðarinnar hjá Schiöth. Menn úr slökkviliðinu bundu Steingrím og Helga Sveins saman með stuttri taug og settu súrefnisgrímur á þá áður en þeir lögðu af stað inn í reykjarkófið. Þegar þeir voru komnir ofarlega í stigann kippti Helgi í spottann og vildi snúa við en Steingrímur streitist á móti og hélt sínu striki. Aftur vildi Helgi snúa við en Steingrímur spyrnti við fótum og hálfdró hann á eftir sér. Þegar upp var komið steinleið yfir Helga en Steingrímur kom filmunum út um gluggann Aðalgötumegin. Við nánari athugun kom í ljós að ástæðan fyrir því að Helgi vildi snúa við var síður en svo einhver gunguskapur, heldur hafði gleymst að opna fyrir súrefnið á grímunni hans. Greiðlega gekk að slökkva eldinn sem reyndist ekki mikill, en reykurinn sem kom frá honum var hins vegar alveg gríðarlegur.

Oddur rak bíóið áratugum saman ásamt Guðrúnu konu sinni og sýndi þar allar helstu stórmyndir sem einhverju máli skiptu. Ef engin mynd var í húsi sem hægt var að sýna á barnasýningu var auglýst nokkuð sem bar yfirskriftina „Smámyndir og þættir“. Það var blanda af bútum úr kúrekamyndum, teiknimyndum, gömlum grínsketsum og fleiru þar sem flestir fengu eitthvað við sitt hæfi. Oddur rak um tíma Bíó Café,

vinsælan, reykmettaðan bar á efri hæðinni. Á neðri hæðinni var Bíóbarinn þar sem hann seldi ís sem var landsþekktur vegna góða bragðsins. Uppskriftin var mikið leyndarmál sem var geymt í Færeyjum, að sögn Odds. Á sildarárunum var oft mikið stuð á Bíóbarnum og það gaf mestu hasarsenunum í vestrinum vinsælu ekkert eftir. Slegist var með kjafti og klóm, jafnvel dregnir upp hnífar, skallað og spítalavinkir réttir í allar áttir. Ég man eftir atviki fyrir framan útstillingargluggann á bíóinu sem var alls ekkert fyndið þá, en virkar einhvern veginn allt öðruvísi í dag. Ég var varla meira en 10 ára gamall polli á röltinu þarna um gangstéttina. Oddur var að hengja upp auglýsingu um mynd kvöldsins út í glugga og tvær gelgjur þess tíma fylgdust spenntar með. „Gvööööð það er danskur texti“ andvarpaði önnur. „Og myndin er í lit“ skríkti hin. Svo flissuðu þær báðar og ég skynjaði vel þótt ungur væri, að þær ætluðu alveg örugglega að kíkja á myndina fyrst hún var bæði með dönskum texta og í lit - og kannski líka aðeins á strákana svona rétt í leiðinni. Samkvæmt mínum útreikningum ættu þær að vera komnar eitthvað á sjötugsaldurinn í dag blessaðar stúlkurnar. Steingrímur Kristinsson og fjölskylda keyptu bíóið árið 1982 og reksturinn varð fjölþættari. Næstu ár á eftir er rekin þar sjoppa, myndbandaleiga, haldnir dansleikir o.fl., auk þess sem Bíó Café er endurvakið á efri hæðinni, en bíósýningar leggjast svo af 1999 vegna breyttra ytri skilyrða. Tómas Óskarsson og Ásta Oddsdóttir tóku svo við rekstrinum og létu gera á húsinu gríðarlega miklar endurbætur og breytingar. Brynjar Sigurðsson og Guðrún Jónsdóttir ráku húsið um skeið. Næstu rekstraraðilar þar á eftir voru Hulda Alfreðs og Didda Ragnars síðan tóku við Friðfinnur Hauksson, Sigurbjörg Elíasdóttir, Ægir Bergsson og Hallfríður Hallsdóttir, en Haraldur Björnsson og Ólafía I. S. Guðmundsdóttir eiga það og reka í dag.

Jólakjöt og nýlenduvörur

Húsið Aðalgata 32 var byggt árið 1929 af þá nýstofnuðu Kaupfélagi Siglufjarðinga (KFS) í samvinnu við Kjötubúð Samvinnufélags Fljótamanna og Kaupfélags Fellshrepps. Kjötubúðin var í Aðalgötu 32b. Þar starfaði sannkallað

einvalalið s.s. Ragnar Jóhannesson (síðar skattstjóri), Gottskálf Rögnvaldsson, Haraldur Hjálmarsson, Eldjárn Magnússon, Erlendur Pálsson, Óli Geir, Aðalheiður Rögnvalds og fleiri. Útstillingar og uppakomur í Kjötbúðinni tengdar jólunum eru goðsagnakenndar og allt að því ótrúlegar. Stundum þarf einfaldlega að sjá til að trúa. Jólasveinninn á myndinni hét réttu nafni Þórður Jónsson, kallaður Þórður á stöðinni. Eftir daga kjötbúðarinnar var þar til húsa Bókabúð Hannesar Jónassonar, Álfhóll, Matvörubúð Konna Bald, Verslunin Torgið, Rafbær og síðast Siglóspört.

Í vesturenda hússins, eða Aðalgötu 32, var svo KFS í meira en þrjátíu ár. Eftir að það flutti upp á Suðurgötu ráku Þórður og Bjarki byggingavörverslunina Einco í húsnæðinu. Kristján Möller opnaði þar síðan verslunina Siglóspört ásamt Oddnýju konu sinni og Lóu Kristjáns og Sigga Rikka, en þau seldu Guðna Sveins og Helgu Sigurbjörns hana um það leyti sem Kristján var kjörinn á þing. Guðni og Helga ráku hana í nokkur ár en seldu aftur Helgu Freys og Gunnlaugi Odds, sem eru núverandi eigendur, og keyptu Verslunarfélagið. Þeir sennilega mjög svo fátíðu hlutir gerðust síðan að verslanirnar Rafbær og Siglóspört höfðu vistaskipti. Rafbær flutti þó starfsemi sína fljótlega yfir í „bakhluta“ hússins og nafnið umbreyttist í Raffó þegar Alli Arnars keypti, en Tómas Óskarsson opnaði Pizza 67 í plássinu, rak í tiltölulega stuttan tíma og seldi síðan Erlu Gunnlaugsdóttur og Ásgeiri Sölvasyni.

Turnarnir og Tórahornið

Þá er aðeins eftir að nefna stærsta húsið við Aðalgötuna norðan megin, sem er númer 34. Útvegsbankinn sameinaðist Verslunarbanka, Alþýðubanka og Iðnaðarbanka árið 1990 og varð að Íslandsbanka en rekstur Íslandsbanka á Siglufirði var síðan seldur Sparisjóði Siglufjarðar sem flutti sig þá yfir götuna. Áður en þetta mikla hús var byggt, en það var vígt árið 1946, stóðu á lóðinni turnarnir hans Tóra. Það var einhvern veginn tvískipt hús með tveimur turnum og tveimur búðarplássum. Í öðru þeirra rak Aðalbjörn gullsmiður verslun sína og verkstæði, en í hinu rak Rósa í turninum veitingasölu fyrir Hinrik Thorarensen. Útvegsbankinn sem var til húsa í Grundargötunni ásældist þessa góðu lóð og Tóri nýtti sér samningsstöðu sína og fékk lóðina greidda með



Jól í Kjötbúðinni.

vesturhluta jarðhæðar hins nýja stórhýsis. Turnana seldi hann síðan til flutnings. Þeir voru hlutaðir í sundur og færðir á lóð við Vetrarbraut austan barnaskólans. Tóri fyllti verslunarplássið af vörum og gaf síðan Óla syni sínum. Óli stóð sig mjög vel með tiskuvörur og það var alveg óþarfi að fara suður til að kaupa þær. Útsölnar hjá Óla voru líka frægar. Þá var oft handgangur í öskjunni og vildu margir ná í góðar vörur á góðu verði. Þegar sá sem þetta ritar hitti Óla að máli fyrr á

þessu ári sagði hann svo frá:

„Ég leit þá svona í kringum mig og sá að það voru heildsalarnir sem voru að græða mest. Ég ákvað því að gerast minn eigin heildsali og fór alltaf sjálfur út til að gera innkaupin. Þá gat ég lagt almennilega á vörurnar en samt verið mjög ódýr. Ég efnaðist alveg þokkalega en þegar ég var 62 ára seldi ég allt mitt og fór út í heim. Ég dvaldi m.a. á Kanarí, Indlandi, í Afríku og Californíu. Ég eyddi öllu á 25 árum og er innilega þakklátur Siglufirðingum fyrir að gera mér þetta mögulegt. Ég hef lifað skemmtilegu lífi og langar mest til að halda því áfram næstu 20-30 árin.“

Óli hvarf á braut um tíma og Anna Lára leigði Tórahornið frá 1966 til 1976 en þá flutti hún niður á Aðalgötu 28 og opnaði þar Diddabúð eins og fyrr er getið. Óli kom aftur og opnaði skóbúð í hluta húsnæðisins en leigði Þorgeiri Reynis litla plássið sem Ægir rakari hafði verið í undir myndbandaleigu. Óli seldi síðan Kalla Páls rekstur skóverslunarinnar og Útvegsbankanum húsnæðið og flutti til sólarlanda. En núna er sem sagt Sparisjóðurinn kominn á Tórahornið og Apótekið, sem Ásta Kristjáns og Hálfán Sveins fluttu úr Norðurgötunni, komið þar sem Útvegsbankinn var áður.

Frá Togga og Ingibjörgu til Didda og Önnu Láru

Í lokin kíkjum við aðeins út fyrir Aðalgötuna og yfir í næsta nágrenni, syðsta hluta Túngötunnar. Fiskbúðin hans Togga (Þorgríms) á Túngötu 1 var önnur tveggja slíkra. Fyrir norðan húsið var skúr þar sem Toggi hélt áfram að höndla með kjöt og fisk eftir að Ingibjörg kona hans fór að selja vefnaðarvöru og fleira inni í búðarplássinu. Þau fluttu úr bænum og opnuðu Tösku- og hanskabúðina á Skólavörðustígnum. Gyða Jóhanns keypti þá verslunina og rak hana í eitt ár en seldi hana eftir




Guðmundur Davíðsson og Karl Eskil Pálsson við opnun Álfhóls.

Það Önnu Láru og Didda. Í þeirra tíð fengust m.a. hin geysivinsælu bítlabindi eða lakkrísbindi, sem voru toppurinn á tilverunni í algleymi Bítlaæðisins. Skúrinn fyrir norðan húsið var þó ekki úr sögunni því þar seldi Diddi pylsur og annan sjoppuvarning. Svo var keypt stór rafmagnsplata og til varð svolíttill vísir að grilli og heitar kótelettur seldust í tonnatali á Diddabar, eins og staðurinn var kallaður. Fljótlega var þó opnað á milli búðarinnar og sjoppunnar sem var í framhaldinu breytt í herradeild. Þegar húsið og verslunin var keypt var ekki til króna upp í kaupverðið sem var 200 þúsund kr., því Diddi og Anna voru nýbúin að byggja íbúðarhúsið suður á Laugarvegi. Enga peninga var að hafa á Siglufirði og því var slegið lán suður í Reykjavík. Ekki löngu síðar fengu þau hjónin 200 þúsund kr. vinning í Happraetti Háskólans. Að sögn Önnu var það í eina skiptið sem þau unnu eitthvað í happraetti og þessi óvænti glaðningur var auðvitað notaður til að greiða upp lánið.

Fortíðarþrá með blik í auga

En lengra komumst við ekki að að sinni. Það má þó vera öllum sem til þekkja alveg ljóst, að fjölmörg stykki vantar í söguna sem er eins og risastórt púsl. Svo til allar hinar göturnar eru eftir og þar gerðist líka margt. Margra verslana og eigenda þeirra er bæði lítt eða ekki getið vegna skorts á heimildum. Þá eru ótalin þau fjölmörgu fyrirtæki sem stunduðu inn- og útflutningsverslun af ýmsum toga, fyrirtæki sem aldrei voru nafngreind á skrautletruðum skiltum sem hengd voru yfir krambúðardyr. En hér hefur þó verið lítið um öxl yfir sviðið þar sem stórkostlegur sjónleikur var leikinn af miklum krafti. Upphafið var óvænt, ris hans varð mikið og hann fékk á vissan hátt harmrænan endi. Vísbending í þá áttina er að



Skruðganga á leið í kirkju. Líklegt er að þarna sé verið að fagna sumardegnum fyrsta, 1. maí eða 17. júní.



Túngata 1 hýsti fiskbúð Togga og Ingibjargar en síðar verslun Didda og Önnu Láru. Til gamans má geta þess að Anna Lára átti bjölluna sem er að taka beygjuna niður á Aðalgötuna.

íbúafjöldinn í dag er svipaður og hann var árið 1923. Fortíðarþráin dregur samt þau okkar sem bæði sáum og upplifðum alltaf aftur og aftur á þessar sömu slóðir. Við verðum fjarræn í fasi og fáum blik í auga þegar hugurinn hvarflar til stórfengleikans. Við finnum yllinn, stoltið og gleðina fylla sálarkirnuna vegna þess hver við erum og hvar rætur okkar liggja. En sagan var reyndar ekki öll því annar þáttur leikritsins hófst. Þar rís bærinn hægt og hægt upp úr hinum efnahagslegu rústum, þó ekki sé það á þriðja degi. Uppbyggingin hefur tekið langan tíma og stendur enn

og vonandi hættir hún aldrei. Þetta er saga frá einum merkilegasta bæ í heimi Siglufirði, þar sem veruleikinn varð eitt sinn að risastóru ævintýri og ævintýrið að ótrúlegum veruleika.

Ljósmyndir eru allar frá Ljósmyndasafni Siglufjarðar nema myndin af verslun Andrjesar Hafliðasonar (ljósmyndari ókunnur) og Túngötu 1 sem er úr einkasafni Önnu Láru Hertervig. Heimildaskrá: Anna Lára Hertervig, Arna Rut

Gunnlaugsdóttir, Benedikt Sigurðsson, Gunnar Trausti Guðbjörnsson, Jón Andrjes Hinriksson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Jóna Möller, Margrét Þórðardóttir, Ólafur Thorarensen, Sigurður Fanndal, Sigurður Hafliðason, Steingrímur Kristinnsson, Sveinn Björnsson, Valgeir Sigurðsson. Sksiglo.is, snokur.is.

Bækur:

Brauðstrit og barátta – Benedikt Sigurðsson. Frá Hvanndölum til Úlfsdala – Sigurjón Sigtryggsson. Siglfriskur annáll – Þ. Ragnar Jónasson. Siglufjörður 1818-1918-1988. Svartur sjór af síld – Birgir Sigurðsson. Svipmyndir úr Síldarbæ – Örlygur Kristinnsson. Viðtal við Andrjes Hafliðason sem birtist í bókinni Siglufjarðarkirkja 1932-1982 – (Höf. ók.).

FJÖLLIN TAKA Á MÓTI MANNI

Bergþór Morthens, Siglufirði

Það er vera Siglufirðingur er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Fyrst og fremst er það bærinn sjálfur, umhverfið og sagan sem gerir það að vera Siglufirðingur svo merkilegt.

Siglufjörður er nyrsti kaupstaðurinn á Íslandi, stendur við lítinn fallegan fjörð og er umlukinn háum fjöllum sem taka hlýlega á móti manni. Umhverfið er með því fallegra á landinu og bærinn er virkilega fallegur. Með meira átaki í umhverfis- og húsnæðismálum er hægt að gera hann enn betri.

Siglufirðingar fyllast stolti yfir sögu bæjarins og sagan er einnig grundvöllur framtíðar bæjarins. Það að vera Siglufirðingur þýðir að maður er hluti af þessari sögu og þátttakandi í framtíð Siglufjarðar. Það finnst mér spennandi.

Ég lít á sjálfan mig að hluta til sem Siglufirðing, bærinn hefur tekið mér og minni fjölskyldu vel, börnin mín hafa alist hér upp frá fæðingu og okkur líður

vel í sögufræga húsi á Eyrinni.

Maður finnur fyrir merkilegri sögu bæjarins í gegnum húsið og ég tel mig vera að bæta nýjum kafla í sögu þess. Húsið sem um ræðir er Aðalgata 18. Skóarahúsið, Grænahúsið, Tynesarhúsið, Borgarkaffi, Kratahöllin og loks aftur Tynesarhús – þetta eru nöfnin sem þetta sögufræga hús hefur haft í gegnum tíðina.

Einnig á ég fjölskyldutengsl við bæinn en amma mín, Ragnheiður Magnúsdóttir, bjó hér um tíma með móður sinni, Jóhönnu Vilmundardóttur. Sonur minn Vilmundur Emil er einmitt skírður í höfuðið á Vilmundi sem var langalangangafi hans og bjó



Bergþór er fæddur árið 1979 og flutti til Siglufjarðar fyrir 7 árum. Hann er listmálari og kennari við Menntaskólann á Tröllaskaga.

einnig á Siglufirði. Þess má einnig til gamans geta að dóttir mín heitir Indíana eins og Indíana fagra sem bjó í Tynesarhúsi með eiginmanni sínum, Ole O. Tynes.

Það að vera Siglufirðingur er merkilegt!

Óskum
Siglufirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin

 **ERNST & YOUNG**
Quality In Everything We Do

**RAFVERKTAKAR
SIGLUFIRÐI**

Tökum að okkur
alla alhliða
rafverkatakavinnu



FÓLK SEM KANN AÐ SKEMMTA SÉR

Rætt við Önnu Laufeyju Þórhallsdóttur

Anna Laufey Þórhallsdóttir er einn þeirra Siglufirðinga sem voru á stofnfundi Siglufirðingafélagsins og hefur unnið af ósérhlífni fyrir félagið til þessa dags. Hún var meðal annars hægri hönd skólabróður síns Ólafs Ragnarssonar þegar hann var formaður.

Þegar ég hitti Önnu Laufeyju barst fyrst í tal að hún var í hópi þeirra sem héldu fyrsta síldarballið að Fólkvangi á Kjalarnesi haustið 1978. Í nefndinni voru auk hennar Jónas Jónsson (Öbbu), Steinunn Friðriksdóttir, Alli Rúts og Eldjárn Magnússon.

„Á þessum tíma rak Steinunn fataverslun og hún gaf okkur gínu sem vantaði annan fótinn á,“ segir Anna Laufey. „Einhvers staðar fengum við síldarpils, köflotta skyrtu og höfuðklút. Ég kom svo með ullarsokka og stígvél af börnunum mínum. Jón Þórisson fór með mér upp á Kjalarnes og kom með góðar ábendingar um hvernig heppilegast væri að skreyta salinn. Við fórum svo þangað með slatta af tunnum og botnum með nöfnum



Heiðar Ástvaldsson og Anna Laufey á góðri stundu.

síldarsaltenda sem höfðu verið á Siglufirði í den. Á ballinu voru svo seldar samlokur. Það seldist strax upp á þetta ball. Miðasalan fór að venju fram í Tösku- og hanskabúðinni hjá Ingibjörgu og Togga sem alltaf voru tilbúin að aðstoða Siglufirðingafélagið. Sjálf var ég á saumanámskeiði á þessum tíma og eiginmaðurinn nýkominn úr bakaðgerð og lá því heima. Hann hringdi neyðarhringingu í skólann og bað mig að koma strax heim því eldhúsið væri fullt af konum sem vildu fá miða á ballið. Það stóð heima – þegar ég kom sátu þær þrjár við eldhúsbordið og hann var að gefa þeim kaffi. Við bættum við miðum og ég

hafði á orði að við værum líka að selja lautatúra. Ballið mátti bara vera til klukkan eitt um nóttina en þar sem sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu var á ballinu þá fengum við leyfi til að framlengja til klukkan tvö. Konan sem rak húsið var alveg undrandi – sagðist aldrei hafa fengið þetta áður. Síldartunnurnar voru ágætis stólar og þjónuðu okkur vel sem slíkar.“

Árið eftir var síldarballið haldið í Stapanum í Ytri-Njarðvík. Síldarballsnefndin var þá skipuð Steingrími Lillindahl, Andrési Færseth, Höllu Haraldsdóttur, Eygló Geirdal og Héðni Skarphéðinssyni. Sætaferð var úr Reykjavík og þaðan kom full rúta, auk þeirra sem komu á eigin bílum. Þetta síldarball var einnig mjög vel heppnað. Þriðja ballið var svo á Seltjarnarnesi og gínan og tunnubotnarnir stóðu ennþá fyrir sínu og gerðu í mörg ár.

„Í framhaldi af þessari síldarballsáttíni kom upp sú hugmynd að gera félagatal. Ólafur Ragnarsson útvegaði aðgang að þjóðskránni. Heiðar Ástvaldsson lánaði húsnæði í Brautarholtinu. Þangað var smalað fólki til að leggja hönd á plóginn. Legið var yfir manntalinu mánuðum saman til að finna fólk sem fætt var á Siglufirði og svo alla þá sem fólki datt í hug að hefðu áhuga fyrir Siglufirði. Allt var þetta samviskusamlega skráð niður,“ segir Anna Laufey. Hún, Guðmundur Jónsson, Ólafur Baldursson og Ásta Einarsdóttir endurskoðuðu skrána nokkrum árum síðar og enn síðar kom Jónas Skúlason skránni í betra horf.

Eftir að Gunnar Trausti Guðbjörnsson flutti suður (á



Anna Laufey er fædd 1944. Hún er dóttir Þórhalls Björnssonar í Verslunarfélaginu og Hólmfríðar Guðmundsdóttur.

níunda áratugnum) var farið að gefa út fréttablað. „Blaðið var kostað með auglýsingum en eftir einhvern tíma var orðið erfitt að fjármagna það á þann hátt. Þá var ákveðið að koma á félagsgjaldi til að borga kostnaðinn.“

„Einu sinni var farin ferð til Lúxemborgar á vegum Siglfirðingafélagsins,“ segir Anna Laufey. „Farið var síðdegis á föstudegi, 6. desember 1982, og komið til baka um miðjan dag á þriðjudegi. Ekki var margt sem fór – aðeins ellefu manns. Það voru Ida Christiansen og Gísli maður hennar – með þeim voru Árni Elfar og Kristjana kona hans, ég og Lúlli minn, Jenfrid Wheeler (sem býr nú í Bandaríkjunum), Unnur Björnsdóttir (Óla) og Rögnvaldur maður hennar (búsett á Akureyri), Guðrún Meyvantsdóttir (sem kom úr Keflavík) og vinkona hennar.“

Valgeir Sigurðsson, sem þá



Síldarstúlkan tilbúna á síldarballi hér á árum áður.



Ida Christiansen og Anna Laufey.

rak Cockpit Inn í Lúxemborg, og Sólrún Jónsdóttir (Núra) tóku vel á móti hópnunum. „Þau leigðu fyrir okkur litla rútu með bílstjóra og Núra var óþreytandi að fara með okkur út og suður. Við fórum m.a. til Trier að versla og snæddum villibráð á fjallahótelu í Frakklandi. Einnig fengum við átta rétta máltíð á finu veitingahúsi í Lúxemborg, auk þess sem við komum í nokkur skipti á veitingastað Valgeirs. Mér fannst það dálítið sérstakt að hittast þarna því að ég, Núra, Valgeir og Birkir Baldvins vorum öll alin upp í sama verkamannabústaðnum á Siglufirði. Árni Elvar ýmist settist við píanóið á stöðunum eða með teiknigræjurnar. Í Frakklandi fékk allur hópurinn frían dessert vegna þess að Árni skildi eftir mynd af staðnum teiknaða á servíettu. Það var bara notað það sem hendi var næst.“


Anna Laufey segir að Siglfirðingar séu fólk sem kann svo sannarlega að skemmta sér, hvort sem það hittist norðan heiða, sunnan heiða eða í útlöndum.

Jóna Möller

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin


— VEITINGASTADUR —

við Aðalgötuna
í hjarta Siglufjarðar

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin


VERDIS

Ármúli 13 - Reykjavík
www.verdis.is

TENGIST SIGLUFIRÐI STERKUM BÖNDUM

Jón Baldvin Hannesson, Akureyri



Jón Baldvin er fæddur árið 1953. Foreldrar hans eru Hannes Baldvinsson og Halldóra Jónsdóttir. Jón Baldvin er skólustjóri Giljaskóla á Akureyri.

Fjölmargin kemur upp í hugann þegar ég hugsa til uppvaxtarára á Siglufirði: kraftmikið atvinnulíf, öflug menning, ágætir skólar, íþróttalíf, fjölbreytni í skemmtunum og afþreyingu, sérstakir karakterar, frelsi ungdómsins, framkvæmdagleði, trú á eigin möguleika og staðarins, lognið á firðinum, peningalyktin, einangrunin, þrautseigja íbúanna.

Siglfirðingar voru duglegir að bjarga sér og í raun miklir heimsborgarar. Það var sjálfsagt að geta allt og gera allt sem varla var á færi nema stórra staða.

Það var kraftur í Tónlistarskólanum, lúðrasveit starfandi, kabarettssýningar í Bíósalnum og ég átti því láni að fagna að læra nokkur ár á hljóðfæri, bæði hjá Sigursveini D. Kristinssyni og Gerhard Schmidt. Kórar störfuðu, Karlakórinn Vísir var t.d. mjög öflugur, leikfélagið setti upp flottar sýningar. Hér starfaði fjöldi hljómsveita, Gautarnir þekktastir.

Athafnalíf var ótrúlega fjölbreytt, síldarverksmiðjur, plön með síldarsöltun, frystihús, útgerð, slippur, smíðaverkstæði, Egils síld, verslanir, sjoppur, bíó, billjardstofa, nokkur bifreiðaverkstæði og vélaverkstæði ofl. ofl.

Börn sem fullorðnir nýttu öll tækifæri til að vinna. Ég vann m.a. sem strák-pjakkur á plani, aðstoðaði mömmu lítillaga við söltun, var 10 ára orðinn sendill á Pósthúsinu og á Loftskeyta-stöðinni, vann á bryggjum Síldarverk-smiðja ríkisins, fyrst sem sendill. Ég fór í ketilhreinsun, það var bara fyrir smáa menn eða gutta, og alls ekki fyrir neinn með innilokunarkennd, var tvö sumur næturvörður á Hótel Höfn, í fáeinar vikur í frystihúsi, smíðaði bæði inni og úti, sló upp fyrir einbýlishúsi og vann að fyrstu viðgerðum á fótstykki Roalds-brakkans, hjarta Síldarminjasafnsins, einnig var ég tvö sumur á sjó.

Leikir og tólmstundir voru af ýmsum toga. Við strákarnir vorum út um allt og alls staðar, undir bryggjunum, á haugunum, í kirkjugarðinum, í leikjum á

túnnum og götum, og ekki síst á heimasmiðuðum bárujárnskajökum út um allan fjörð, án björgunarvesta. Viða voru settir upp kaðlar til að sveifla sér í. Mjög lengi vorum við með kaðla niðri á Rauðkubryggju, hengdum þá í Tórin sem stóð út af bryggjunni í kannski 10-12 metra hæð. Náðum miklu tilhlaupi á bryggjunni og hentum okkur út yfir sjóinn til að sveiflast síðan aftur upp á bryggjuna. Að sjálfsögðu duttum við í sjóinn öðru hverju.

Í Æskulýðsheimilinu var skátastarf, þar var ljósmyndakompa og hljómsveita-aðstaða, ennfremur ýmis afþreying. Skíði stunduðum við mikið á vetrum. Það þurfti að hafa fyrir því að troða/þjappa allar brautir, hvort sem var í stökki eða svigi. Skautar voru stundaðir þegar færi gafst. Veidar með pilk við bryggjurnar skiluðu oft miklum afla. Veidar með spún, á bryggjum og í Hólsánni gátu einnig gefið vel.

Lífið á Sigló einkenndist af mörgu: Vinnu, áreynslu, þrautseigju, fjölbreytni, sjálfstæði, krafti, leik, áhættu, þreytu, bjartsýni, ást og lífsgleði. Það er því ekki skrítið að maður tengist Siglufirði sterkum böndum. Hvernig maður mótast er auðvitað flókið, inn í það spila erfðir, uppeldi, aðstæður og fleira. En ég er afar þakklátur fyrir hlut Siglufjarðar og Siglfirðinga í reynslu minni og mótun. Og kynni mig að sjálfsögðu með stolti sem Siglfirðing.



Landssamband íslenskra útvegsmanna
Federation of Icelandic Fishing Vessel Owners



Borgartúni 35 • 105 Reykjavík • www.liu.is • Sími/Tel.: +354 591 0300 • Fax: +354 591 0301

SJÓÐUR SEM ALDREI TÆMIST

Theódóra Baldvinsdóttir, Noregi

Ég fór suður til náms í Kennarskólann 1962, og út til Noregs í framhaldsnám 1969. Hef dvalið þar síðan. Síðustu þrjátíu árin hef ég búið í Molde (25.000 íb.) í Möre- og Romsdalfylke. Í Molde hef ég starfað við sálfræðideild skóla, verið virk í stjórnámum og setið í bæjarstjórn fyrir Verkamannaflokkinn. Á þrjú uppkomin börn, sem búa í Noregi.

Mér hefur alltaf fundist það meiri háttar að vera að norðan. Eins og flestum öðrum er mér hlýtt til áttaganna og á góðar minningar frá uppvaxtarárunum með fjölskyldu og vinum í fallegum firði.

Við sem erum fædd um og eftir síðustu heimsstyrjöld ólumst upp í bæ sem í nokkra mánuði á ári var miðdepill atvinnulífs sem færði þjóðarbúinu gífurlegar tekjur og laðaði til sín 10-12.000 manns á góðum árum. Hér voru erlendir síldarkaupmenn, erlendir sjómenn og landlegur sem gerðu þennan afskekkt og einangraða bæ að kraumandi, iðandi vettvangi mannlífs sem veitti útrás lausbeislaðri lífsorku.

Þetta var það merkilega við að alast upp á Siglufirði í þá daga og ég held að



Theódóra er fædd 1945, dóttir Baldvins Jóhannssonar og Önnu Júlíusdóttur, sem lengst af bjuggu í Bakka.

Þetta samband við umheiminn frá blautu barnsbeini hafi víkkað sjóndeildarhringinn og gert okkur opnari fyrir því óþekkta. Þau áhrif hafa gagnast vel á lífsleiðinni. Þessi hamskipti bæjarins að sumri voru ef til vill sá orkugjafi sem stuðlaði að einstaklega virku og blómstrandi menningar- og félagslífi á myrkum vetrarmánuðum þegar bærinn var einangraður landleiðina og háður

flóabátnum Drang og veðurguðunum.

Hér starfaði hið þekkt Leikfélag Siglufjarðar undir stjórn Júlíusar Júlíussonar, Tónskóli Siglufjarðar var stofnaður og rekinn af verkalýðsfélögum, fjölbreyttur kórsöngur og lúðrasveit, gott bókasafn, bíó og strjalar en skemmtilegar sýningar á rússneskum barnakvikmyndum í Suðurgötu 10. Og Gautarnir. Að eiga kost á fjölbreyttu og vönduðu menningarlífi og læra að meta gildi þess er sjóður sem þú ferð með þér að heiman og aldrei tæmist.

En við kynntumst líka alvöru lífsins, atvinnuleysi og verkföllum. Feður okkar fóru að heiman í atvinnuleit. Flest heimili voru barnmörg og plásslítil, þannig að mikið mæddi á mæðrunum. Stéttarkenndin var sterk og verkalýðsfélögin róttæk. Þetta voru líka atriði sem höfðu áhrif og urðu til þess að móta viðhorf til margra hluta í þjóðfélaginu seinna meir.

Síldin hvarf um það leyti sem minn árgangur var að vaxa úr grasi. Svo komu mörg og mögur ár en nú, með Héðinsfjarðargöngunum, hafa opnast nýir möguleikar sem munu verða Siglufirði til farsældar.

GULLGRAFARABÆR Á SUMRIN

Gunnlaugur Jónasson, Svíþjóð



Gunnlaugur er fæddur á Siglufirði 1948, sonur Jónasar Tryggvasonar og Kristínar Baldvinsdóttur. Hann vinnur hjá sænska sjónvarpinu, SVT, sem dagskrárgerðarmaður (produsent) leikins efnis.

Ég tel mig vera heppinn að fæðast og alast upp á Siglufirði. Ef aðstæður hefðu verið aðrar hefði ég kannski búið þar lengur en til 16 ára aldurs. En það sem ég hafði með mér eftir þessi ár er minningin um að búa í bæ sem var gullgrafarabær á sumrin og stór menningarbær á veturna. Hugsið ykkur alla þá músík og allt það leikhúslíf sem við upplifðum. Þessi arfur er það sem hefur gert mig að því sem ég er og er ástæðan fyrir því að ég geri það sem ég geri í dag.

Og það sem er merkilegt við að vera Siglfirðingur er að Siglfirðingar koma alltaf til með að vera í fremstu röð að skapa verðmæti og menningu fyrir íslensku þjóðina. Einu sinni Siglfirðingur, alltaf Siglfirðingur.

SIGLÓ ER HEIM! SAMA HVAR MAÐUR BÝR

Jón Ó. Björgvinsson, Svíþjóð



Jón Ólafur er fæddur 1962 og er sonur Björgvins Jónssonar og Halldóru Pétursdóttur. Hann er tólmstunda- og félagsmálafræðingur og vinnur í Alegymnasium. Býr í Gautaborg.

Ég er búinn að búa í 21 ár í Svíþjóð en samt finnst mér Siglufjörður alltaf vera heim. Í hvert skipti sem ég fer til Íslands liggur mér á að komast norður. Strax! Á langri keyrslu þangað tek ég ekki eftir mörgu fyrr en ég kem í Skagafjörð og beygi í norðurátt hjá skiltinu Vegur 76, Siglufjörður. Manni finnst maður kannast eitthvað svo við sig þarna! Þegar ég kem yfir blindhæðina í Sléttuhlíð og við tekur útsýni yfir Fljótin og allur Tröllaskaginn birtist í falletum bláma hugsa ég: „Þarna lengst úti bak við þessu falletu fjöll á ég heima, þar á ég mínar rætur, vini og ættingja, fólk og náttúru sem mér líkar vel við.“ Það er líka alltaf skyldustopp við Strákagöngin, áður en farið er í gegnum fjallið sem felur þennan leynistað, þennan fallega fjörð, og þegar maður er kominn í gegnum göngin þá, og bara þá, er maður kominn HEIM.

Í fyrrasumar kom ég með eldri syni mínum Pétri og Josefin kærustunni hans. Við vorum svona alvöru sænskir túristar en byrjuðum á að fara strax til Siglufjarðar á ættarmót hjá Vatnsenda-ættinni. Komin göng til Héðinsfjarðar og í einhvern annan fjörð sem ég man ekki alveg hvað heitir! Við fórum strax niður í bæ og gengum Aðalgötuna en komumst ekkert áfram, vorum alltaf að hitta fólk og faðmast og kyssast og allt voru þetta

frænkur og frændur. Eftir nokkra stund segir Pétur: „Við Josefin erum að spá í hvort þú sért skyldur öllum í þessum firði?“ Ég hugsaði mig aðeins um: „Ja, akkúrat þessa helgi er ég líklega skyldur meira en helmingnum af öllum sem eru í bænum og hina þekki ég líka.“ Það er erfitt að útskýra svona lagað fyrir fólki sem er alið upp í stórum borgum.

Þetta var frábær heimsókn til Siglu-fjarðar og Héðinsfjarðar, með söng, gleði og dansi langt fram á íslenska nótt, sólskin allar nætur og blankalogn. Fjörðurinn skartaði sínu fegursta þannig að dagar og nætur runnu saman í endalaus ánaegu og gleði. Siglufjörður sló alveg út Reykjavík, Gullfoss og Geysi. Leikurinn var endurtekinn í sumar, núna með yngri stráknum mínum Sölva og vini hans Elias, sem spilar á gítar og syngur. Þjóðlagahátíð, sem Gunnsteinn frændi minn skipuleggur, var í vikunni sem við stoppuðum. Elias tróð upp,

Við fórum strax niður í bæ og gengum Aðalgötuna en komumst ekkert áfram, vorum alltaf að hitta fólk og faðmast og kyssast og allt voru þetta frænkur og frændur.

óundirbúið, sem trúbador spilaði og söng vísur Cornelius Wreeswijk á Allanum, Torginu, Aðalgötunni, en samt mest á Harbour House Café. Aftur langar bjartar nætur, söngur, gleði og dans úti um allan bæ alla daga vikunnar. Strákarnir spurðu hvort alltaf væri svona mikið líf og fjör. Allt eitthvað svo auðvelt og eðlilegt þegar Siglfirðingar skemmta sér og svo mega bara allir vera með ef þeir vilja.

Stórkostlegar breytingar hafa átt sér

stað á Sigló. Fjallið er komið nær bænum með snjóflóðavarnargarðinum, bara flott, nema þessi andsk... lúpína út um allt. Rauðkusvæðið með Hannes Boy, Harbour House og fleira, smábátahöfnin, túristar og tjaldstæði, allt innrammað í ótrúlega fallega fjallasýn. Og ekki má gleyma flottasta safni heims, Síldarminjasafninu. Ég reyndi í sumar að útskýra fyrir strákunum, Sölva og Elias, hversu stórkostlegt ævintýri það var að alast upp í þessum bæ. Já, síldin hvarf og bryggjur og brakkar brotnuðu og rotnuðu, en ég og vinir mínir áttum okkur bækistöðvar í öllum þessum brökkum. Duttum í gegnum bryggjurnar, hittum drauga og þóttumst vera kóngar þegar við sátum í Chesterfieldsófum á skrifstofum síldarkónganna sem skildu allt eftir. Það var eins og þeir og allir hinir hefðu farið í gær, og sama tilfinning kemur yfir mann í Síldarminjasafninu. Þeir fóru í gær! Öldur minninganna skulu á mér þegar við skoðuðum safnið og ég hrópaði yfir mig: „Ó nei, hann Örlygur hefur stolið kajakanum mínum og falið hann hér sunnan við bátahúsið.“ Sagði svo strákunum frá kajakasmíðum og miklum sjóorustum sem voru háðar suður á firði. Líka bardögum á milli Húna, Villó og Bakkagutta sem aðallega fóru fram uppi í fjalli, gríðarlegir bardagar milli drengja sem bjuggu í sama bæ. Ég man ekki eftir að mér hafi verið illa við nokkurn þeirra, enda vorum við bestu vinir daginn eftir. Svo var safnað í örugglega stærstu brennur á Íslandi. Ljósín í skálinni. Skíðin, fótboltinn og sundfélagið. Alltaf nóg að gera. Leiddist aldrei. Leikfélagið og Nýja bíó, tvær sýningar á viku, stappa og æpa: „Passaðu þig Roy Rogers hann er fyrir aftan þig.“ Tóraís í hálfleik og svo heim og dreyma um komandi ævintýri morgundagsins. Því það var eitt allsherjar ævintýri og algjör forrættindi að alast upp á Sigló. Og ég á alltaf heima þar þótt ég búi ekki í firðinum fagra.

ÓLÆKNANDI SJÚKDÓMUR

Birkir Baldvinsson, Dubai

Eins og alþjóð veit er það ólæknandi sjúkdómur að vera Siglfirðingur. Spurningin er hvað tók maður merkilegt með sér þaðan fyrir nærri sextíu árum. Ég tók mikið, en sál og hugur er þar enn. Að alast upp í litlum bæ í faðmi fjalla gefur öryggiskennd og vellíðan.

Ég fór alfarinn frá Siglufirði 12 ára gamall og hef ég hugsað um það hvað mótaði mig mest á þeim árum sem ég dvaldi þar. Til að hefja þann upplestur myndi ég segja að fólkið, síldin og umhverfið sé þar í aðalhlutverki, auk móður minnar Donnu Lárusdóttur. Maður lærði strax að bera virðingu fyrir vinnandi fólki og því fólki sem stóð sig. Maður lærði þolinmæði og þrautseigju þar sem biðin eftir sumri og síld var oft löng.

Þetta litla bæjarfélag, að mér fannst, kyldist saman á löngum vetri og maður fann fyrir samheldninni, hjálpseminni og gagnkvæmri virðingu fólks fyrir hvert öðru. Þegar vetur er langur og maður kemst ekki út úr húsi þróast ímyndunaraflið til leikja. Veðrið er áhrifavaldur og hvetur menn til verks eða leiks meðan færi gefst og maður lærði að ljúka því sem byrjað var á og grípa gæsina meðan hún gafst.

Ég var svo heppinn að móðir mín leigði virtum útgerðarmönnum að sunnan og hjá ungum strákurum eru eyrun alltof stór og þar heyrði maður alla síldarsinfóníuna, ef svo mætti að orði kveða. Þarna var samið um stóra hluti og þeir innsiglaðir með

handabandi og maður heyrði að menn báru traust og virðingu hver til annars.

Móðir mín kenndi mér, þegar ég var ráðinn 8 ára gamall til að gefa tómar tunnur, að aldrei skyldi maður gefast

Góða heilsu er hægt að þakka volgu lýsi sem hellt var ofan í mann. Allt þetta hefur mótað mig til framtíðar.



Birkir er fæddur 1940. Foreldrar hans voru Donna Lárusdóttir og Baldvin L. Sigurðsson. Hann hefur verið atkvæðamikill í ýmsu sem tengist flugrekstri.

upp og fara heim fyrr en síldin væri öll komin upp úr bátunum. Ég get ekki gleymt eina skiptinu sem ég mætti of seint í vinnuna á Sunnuplaninu og var látinn ýta slorinu í rennu í stað þess að gefa tunnur. Síðan hef ég alla tíð verið stundvís.

Á sumrin var bærinn oft fullur af útlendingum og lærði maður að umgangast þá með því að fara milli báta og snikja sér beinakex og annað góðgæti. Ég held að þetta hafi haft þau áhrif að ég hef aldrei fundið fyrir útlendingahræðslu og haldið mínu sjálfstrausti gagnvart þeim.

Að þurfa að láta skrifa í reikning hjá

Fanndal í von um gott síldarsumar til að standa við greiðslu, kenndi manni að fara vel með peninga og var hvatning til náms og athafna seinna meir. Góða heilsu er hægt að þakka volgu lýsi sem hellt var ofan í mann. Allt þetta hefur mótað mig til framtíðar og hefur reynst mér vel í mínu starfi og á mínum viðskiptaferli, heima sem erlendis.

Ég hef verið erlendis í nærri fimmtíu ár en haldið góðu sambandi við mínar æskustöðvar. Staðurinn og fólkið mótar manninn og finnst mér ég eiga Siglufirði mikið að þakka fyrir þá velgengni sem mér hefur hlotnast um ævina. Ég hef búið í sex löndum og farið mörgum sinnum kringum jörðina á flesta þá staði og lönd sem eru þess virði að heimsækja, en Siglufjörður er sá staður sem ég kalla alltaf „heim“ og fer aldrei úr minni.

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

.....
**VERÐ FRÁ
6.990 KR.
EINTAKIÐ**
.....



**Farðu inn á www.odd.is og búðu til
persónulega og skemmtilega bók.**

Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.



Prentun frá A til Ö

GOTT VEGANESTI FRÁ UPPVAXTARÁRUNUM

Magnús Pálsson, Reykjavík

Ég er fæddur í Mjóstræti 2, eða Pálshúsi á Siglufirði, en það hús byggði pabbi.

Ég er í meyjarmarkinu. Ég ólst upp í villimannahverfinu, eins og mitt hverfi var kallað. Ég var í sveit yfir sumarið frá 6 ára aldri til 15 ára. Þá tók síldarvinnan og puðið við og ég lærði margt sem kom sér vel síðar meir. Ég fór að heiman 18 ára gamall eins og margir gerðu yfir veturinn og fór suður á Keflavíkurflugvöll. Ég fór í Kanann! Indriði bróðir minn vann hjá Aðalverktökum og kom hann mér í vinnu hjá þeim. Við unnum við að innréttu flugskýli þarna á vellinum og ég var aðeins utanvelta því ég hafði aðra vinnusiði en þeir strákar sem þarna unnu. Þegar kom að því að einangra bogann í skýlinu var ég valinn úr vinnuhópnum í það verk. Þetta var akkorðsvinna og ég var öfundaður. Af hverju ég? Ég hafði vinnusiði og útsjónarsemi heiman frá Siglufirði og þess vegna var ég valinn. Verkstjórinn benti víst á mig. Um helgar fór ég til Reykjavíkur en þar voru strákar sem ég þekkti að heiman og við vorum alltaf saman. Þeir voru Þorvaldur Jóhannsson, Guðjón Hallsson, Sigurður Jóhannsson, Gunnar Jóhannsson og fleiri. Þegar við þessir ungu menn fórum út að skemmta okkur þá héldum við hópinn og oft vorum við spurðir að því hvaðan við værum eiginlega. Við töluðum svo harða íslensku. Við erum að norðan, frá Siglufirði sögðum við stoltir.

Árin liðu og við héldum kunningsskapnum og gerum enn í dag.

Ég hóf vinnu hjá fyrirtæki sem hét Hlaðbær og var fljótlega orðinn vörubílstjóri hjá þeim. Við gerðum allar göturnar í neðra Breiðholti. Oft var ég spurður um hvernig ég vissi eitt og annað eða sæi út hvað best væri að gera þegar upp komu smá vandamál. Ég svaraði því að ég hefði lært að takast á við vandamál á Siglufirði og þaðan hefði ég það.

Ég gerðist svo lögreglumaður og var sendur til Vestmannaeyja í gosinu 1973 og var beðinn um að vera þar áfram sem varðstjóri. Þar þurfti oft útsjónarsemi í afgreiðslu mála sem upp komu. Árið 1979 fór ég með konu minni til Ameríku, til Texas, og gerðist þar öryggisvörður. Ég var sendur til gæslu í stóru fyrirtæki en þar hafði verið eitthvað um þjófnaði. Þar sem ég hafði verið lögreglumaður heima á Íslandi fannst þeim upplagt að senda mig þangað. Þegar ég hafði verið þar



Magnús Pálsson er fæddur 1939 og er sonur Páls Ásgrímssonar og Ingibjargar Sveinsdóttur.

í þrjá mánuði var ég orðinn yfirmaður öryggisgæslu hjá Standard Meat sem rak fyrirtækið sem ég byrjaði hjá. Aftur heidarleiki, samvirkusemi og útsjónarsemi sem réði því. Ég var þarna í sjö ár og þá fórum við heim. Ég lét vita af heimkomu minni og Ragnar Guðmundsson sem var framkvæmdastjóri og byggingastjóri í Kringlunni, sem þá var í byggingu, hringdi í mig til Texas og við gengum frá því að ég yrði öryggisstjóri í Kringlunni og tók ég við því starfi 2. maí 1987. Ég var þarna í 20 ár en þá lét ég af störfum 68 ára gamall. Og enn og aftur get ég þakkað fyrir þá vísu, heidarleika og útsjónarsemi sem ég fékk á uppvaxtarárunum á Siglufirði.

Í dag á ég æskuheimili mitt, Pálshús, á Siglufirði. Ég hef gert það upp og er stoltur af því. Ég er þar mikið yfir sumarið og alltaf í hverjum mánuði á veturna.

Ég hef gert mikið af vísu og ljóðum bæði til Siglufjarðar og önnur ljóð.

Tvö þeirra eru á geisladisknum Hvað er lífið?, sem Bátsmannstríóið á Siglufirði gaf út. Ég vil enda þessa upprifjun mína á fallettum hugsunum heim í fjörðinn okkar, ljóðinu Æskuminning frá Siglufirði. (Lag: Undir bláhimni).

*Þegar sólin að sævarströnd hnígur
sindrar himinn sem gullroðinn sær.
Æskuminning úr öldunum stígur
um þig fjörður sem ert mér svo kær.*

*Fjöllin tignarleg friðsæl svo fögur
fagrar minningar vekja í sál.
Síðkvöld kyrrlát þau sögðu okkur sögur
sem við áttum úr Hvanneyrarskál.*

*Lækjarniður og blómskrýddar breiður
breiddu út faðm sinn í fjallanna sal.
Yfir vakti blár himinn heiður
sem úr hljómaði fuglanna hjal.*

*Æskutímann við öll viljum geyma
unaðsstundir frá árunum þeim.
Eitt er víst að við öll munum dreyma
um að komast til þín aftur heim.
Já um að komast til þín aftur heim.*

LYFTI UPP SÁLARLÍFINU

Guðni Gestsson, Thailandi

Um 25 árum áður en ég fæddist hófst þetta stóra undur, síldarævintýrið á Siglufirði og jókst með hverju ári. Hvergi annars staðar á landinu urðu íbúarnir vitni að annarri eins uppbyggingu og framförum. Mér er svo minnisstætt að sjá öll þessi skip, hundruðum talsins, koma inn fjörðinn um helgar á sumrin, frá svo mörgum þjóðum, og allt fólkið sem kom til að taka þátt í ævintýrinu og afla sér peninga. Þegar við Siglufirðingar vorum 3.000 á manntali voru oft 10.000 manns í bænum á sumrin.

Alltaf var félagsstarfsemi í miklum blóma í firðinum, sérstaklega á veturna og þá var skíðaíþróttin stunduð af krafti, enda áttum við Siglufirðingar í mörg ár bestu skíðamenn landsins. Ég man vel eftir því þegar verið var að byggja hafnarmannvirkin, síldarplönin, síldarverksmiðjurnar, ketilhúsið, túrbínuhúsið og stóra skorsteininn. Og auðvitað mjölkúsið (Ákavíti) sem var í þá daga stærsti gólfllötur á Íslandi.



Guðni er fæddur 1928. Foreldrar hans voru Rakel Sigríður Pálsdóttir og Gestur Guðjónsson.


Auðvitað lyfti það upp sálarlífinu að verða vitni að öllu því sem þá var að gerast á Siglufirði. Þetta mikla fjör og framkvæmdir sem áttu sér stað, enda var maður ekki eins og sveitastrákur þegar maður fór fyrst að heiman til að sjá fyrir sér sjálfur. Það var líka dálítið sérstakt að festa ráð sitt heima á Siglufirði og ala börnin sín upp þar. Og sérstakt að hugsa til þessara miklu athafnamanna þar eins og Hinriks Thorarensen og Aage Schiöth.

Ég missti Jónínu konuna mína vorið 1987. Flutti til Ameríku og fór að fiska á togurum við Alaska, giftist amerískri konu en missti hana ellefu mánuðum síðar. Sex árum síðar kynntist ég thailenskri konu í Seattle, giftist henni og við fluttum til Thailandis og höfum búið þar í þrettán ár. Ég hef það mjög gott í ellinni og bið að heilsa öllu góða fólkinu sem ég kynntist á Siglufirði.

**Óskum
Siglufirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin**



SÆMARK

**Óska
Siglufirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin**

Bylgja Hauks

SÍLDIN VAR OKKUR HLIÐHOLL

Anna Bráinsdóttir, Noregi

Foreldrar mínir voru Ólöf Júlíusdóttir frá Ísafirði og Þráinn Sigurðsson fæddur á Akureyri en fluttist með foreldrum sínum nokkurra mánaða gamall til Siglufjarðar og taldi sig alltaf Siglfirðing.

Ég fæddist 26. apríl 1937 á Siglufirði og var því bara tveggja ára þegar heimsstyrjöldin síðari braust út og átta ára þegar henni lauk.

Ég man að ég og nokkrir fleiri krakkar vorum að ganga á Hlíðarveginum fyrir ofan Bretatúnið og hermenn komu og gáfu okkur sælgæti yfir girðinguna. Það fannst okkur mikil gjöf því sælgæti var ekki að fá í búðum á stríðsárunum og ýmsar vörur voru skammtaðar til dæmis sykur, kaffi, smjör og fleira.

Vefnaðarvara, tilbúinn fatnaður og skófatnaður var sjaldséð í búðum, einnig ávextir og ýmsar aðrar vörur. En hvað gerði það til? Við höfðum rabarbara og hundasúrur, bláber og krækiber. Við vorum nægjusöm í þá daga.

Ég man þegar fyrstu stígvélin eftir stríð komu í búðirnar, í mörgum litum. Þá fékk ég ljósgræn stígvél sem mér þóttu afar falleg. Ég held að styrjaldarárin hafi kennt mér nægjusemi. Enn þann dag í dag hendi ég aldrei matarafgöngum og bý oft til nýja rétti úr þeim.

Þegar stríðinu lauk komu betri tímar þó hægt gengi.

Skömmtnun á matvöru var smám saman hætt og ávextir fóru að koma í búðirnar.

Síldin var okkur hliðholl og allir sem vettlingi gátu valdið unnu við hana, líka við krakkarnir.

Strákarnir voru í tímavinnu við ýmis störf á planinu og við stelpurnar söltuðum síld í tunnur og fengum greitt eftir því hve margar tunnur við söltuðum. Við fengum útborgað einu sinni í viku, að mig minnir. Sumir báru út blöð og svo var vinnu að fá í skólagörðunum á sumrin. Það var mikils virði fyrir sjálfstraustið að vera í vinnu og fá laun eins og fullorðna fólkið. Sparsemin var



Anna er húsmóðir í Stordal og starfaði sem kennari. Hún er komin á eftirlaun og nýtir tímann m.a. til að sauma út í norska þjóðbúninginn, og er alltaf með biðlista.

meiri í þá daga og það var ekki hlaupið í fyrstu búð til að eyða laununum, nei það var farið í bankann og lagt inn á vexti til seinni tíma.

Annars liðu árin við skólagöngu, leik og útiveru. Við létum ekki veðrið aftra okkur. Byggðum snjóhús, fórum á skiði eða renndum okkur á gólfduksþjötum í gryfjunum, þar var hátt og bratt og full ferð niður brekkurnar. Á sumrin höfðum við sundlaugina og það var bæði gagn og gaman. Á sunnudagsmorgnum fórum við í barnamessu kl. 11:00, sungum fallega sálma og hlustuðum á sögur úr Biblíunni. Stundum fengum við litmyndir með texta á bakhlíðinni frá sögunni sem okkur var sögð. Þessum myndum söfnuðum við.

Í ágúst var farið í berjatúra og tínt í saft og sultu. Við höfðum líka reit í garðinum þar sem voru kartöflur, grænkál, radísur og rabarbari og svo höfðum við rifsber og jarðarber.

Siglufjörður var einangraður staður. Vegurinn yfir Skarðið lokaðist snemma á haustin og var ekki opnaður fyrr en seint næsta vor. Það var því lítið um ferðalög. Á vetrum var bara farið í nauðsynjaferðir, til augnlæknis eða annarra sérfræðinga, eða í atvinnuleit í öðrum landshlutum, á vertíð eða annað. En fólk lagðist ekki í dvala. Það voru spilakvöld, bingó og bíó og áhugafólk um leiklist setti upp leiksýningar við mikla aðsókn. Barnaskólinn setti upp sýningar á vorin með kórsöng og einsöng, þjóðdönsum, leikfimi og stuttum leikþáttum og peningarnir sem komu inn voru notaðir til að kosta ferðalag austur í Mývatnssveit og Námaskarð fyrir síðasta bekk í barnaskólanum. Gagnfræðaskólinn setti upp leikrit til að kosta sitt ferðalag og ég held að allir hafi lært eitthvað af því, til dæmis að koma fram, sjálfsbjargarviðleitni og það að peningarnir koma ekki af sjálfu sér. Það þarf að hafa fyrir hlutunum.

Eftir skyldunám var ekki margra kosta völ á Siglufirði. Fólk fór til náms á öðrum stöðum á landinu en alltaf var haldið heim (sem var Siglufjörður) í öllum fríum hvort sem þau voru stutt eða löng. Mikilvægast var að komast heim í nokkra daga.

En svo fór að halla undan fæti fyrir Siglufirði. Síldargöngurnar færðu sig austur fyrir land og að lokum var svo lítið um síld að veiðum var hætt. Námsfólk fékk sér vinnu á öðrum stöðum og margir fluttu í kjölfarið.

Við sem bjuggum á Siglufirði þegar ég var að vaxa úr grasi eigum góðar minningar þaðan og fengum með okkur góðan lærdóm í farteskið.

Ég óska Siglfirðingafélaginu til hamingju með áfangann í haust og bið að heilsa samtímamönnum mínum á Siglufirði og þakka fyrir þann áfanga á lífsleiðinni.

FJALLABYGGÐ EFTIR ENDILÖNGU

Þegar þau hjón og göngugarpar Björn Ásgrímsson og Sóley Ólafsdóttir buðu mér og konu minni Sigríði Hjaltsted að taka þátt í göngu um Fjallabyggð endilanga tók ég því þegar í stað. Kom þar einkum til að gönguleiðin þótti mér áhugaverð þar sem leggja átti upp frá Þrasastöðum og þaðan eftir fjallsbrúnum út á Siglunes.

Ennfremur mátti með sanni segja að ferðaáætlunin snérist í raun um það „Hvort unnt væri að toppa Fjallabyggð?“ eftir endilöngu en eins og nærri má geta er slíkt erfitt bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Ferðasaga Valtýs Sigurðssonar.



Sigríður Hjaltsted norður af Ólafsfjarðarskarði. Fjöllin innan við Stíflu sjást í bakgrunni.

Ferðin hófst í raun að kvöldi þriðjudagsins 19. júlí en þá var farið með tjöld, svefnpoka og mat upp í Hólsskarð þar sem búnaðurinn var skilinn eftir. Næsta morgun var haldið í blíðviðri inn í Fljót en gangan hófst við rætur Hreppsendasúlna. Það var tignarleg sjón sem við blasti þegar komið var upp á tindinn sem er 1050 metra hár og við blöstu Fljótin, sér í lagi Þrasastaðir þar sem ættmenn mín höfðu búið öldum saman. Hinu megin var Lágheiðin og hár og fagur fjallahringurinn. Þarna hafði langafi minn Guðmundur Bergsson bóndi á Þrasastöðum, og ég man eftir, farið iðulega um í vondum veðrum og fylgt mönnum um heiðar og skörð yfir Lágheiði og um Sandskarð til Svarfaðardals o.s.frv. Þar sem hann þótti óvenju ratviss og öruggur á sínum fjallaferðum var mikið leitað til hans. Vert er að rifja upp harmsögu sem gerðist þarna 1897 en aðdragandi hennar var sá að Ingibjörg, systir Guðmundar, hafði farið frá Þrasastöðum með konu að nafni Guðrún Jónsdóttir og hugðist

Það var ævintýrlega fallett að horfa samtímis niður í Héðinsfjörð og Ólafsfjörð þegar líða tók á kvöldið en eftir rúmlega 12 tíma göngu náðum við í Hólsskarðið.

fylgja henni áleiðis yfir Lágheiðina til Ólafsfjarðar. Ungur drengur á bænum, Bergur Jónsson, mun hafa farið í óleyfi og illa búinn á eftir þeim og slóst í förina. Illviðri skall á eins og hendi væri veifað. Konurnar tíndu af sér fót á drenginn, grófu sig í fönn og stungu stafprika í skaflinn. Þegar þær fundust voru þær miklu norðar á heiðinni en búast mátti við og á réttri

leið. Guðrún var þá allhress en Ingibjörg og drengurinn meðvitundarlaus. Tók Guðmundur systur sína og bar hana hvíldarlaust í fanginu til næsta bæjar sem var Hreppsendaá í Ólafsfirði. Ingibjörg komst ekki til meðvitundar.

Það var farið að hvarfla að mér að þessi merkisferð yrði endasleppt þegar við hugðumst halda norður af Hreppsendasúlum þar sem þverhnípi var og tvísýnt framhaldið án þess að tapa mikilli

hæð. Eftir talsverðan tíma, eina eða tvær skrámur og grjóthrun tókst það svo að hægt var að taka stefnuna norður eftir eggjunum. Skemmst er frá að segja að við gengum í góðu veðri

með fallega fjallasýn eftir Kötlubrúnum niður í Ólafsfjarðarskarð og aftur upp á brúnir. Það var ævintýrlega fallegt að horfa samtímis niður í Héðinsfjörð og Ólafsfjörð þegar líða tók á kvöldið en eftir rúmlega 12 tíma göngu náðum við í Hólsskarðið. Þar tjölduðum við undir fyrsta snjóskaflinum og þrátt fyrir að tjaldstæðið væri ekki hlýlegt og nokkuð hart var afar gott að skríða í pokana.

Næsta dag var ljóst að við vorum í töluverðum vandræðum því þoka lá yfir tindum þrátt fyrir að mjög hlýtt væri í veðri. Því töldum við ekki öruggt að fara niður í Hestskarð eftir fjallsbrúnum enda er það forsenda fyrir þeirri erfiðu leið að hafa gott skyggni. Því lækkuðum við okkur niður í Hestskarðsskálina, eftir viðkomu á Presthjnúknum og héldum síðan upp á Hestskarðshnjúkinn. Ekki

Næsta dag var haldið aftur upp í Hólsskarðið til að ná í búnaðinn og því næst í sumarbústað þeirra Björns og Sóleyjar við Miklavatnið.

létti þokunni fyrr en á blá toppnum en þar eyddum við talsverðum tíma og horfðum á tindana í fjallahringnum ýmist birtast í þokunni eða hverfa. Við ákváðum engu að síður að láta slag standa og fíkra okkur niður eftir egginni en fórum varlega enda mikið grjótflog. Því miður þéttist þokan eftir því sem neðar dró þannig að okkur var hætt að lítast á blikuna og töldum loks óráð að halda áfram þessari leið við slíkar aðstæður. Því var stefnan tekin aftur upp snarbrattan Hestskarðshnjúkinn með tilheyrandi klettaklifri. Þegar þangað var komið héldum við til austurs þar til við gátum látið okkur dúndra niður í Nesdal, eftir Einbúastíg. Nesdalurinn er bæði langur og fallægur og því ekkert að því í sjálfu sér að ganga hann. Það var hins vegar erfitt að horfa upp á fjallsbrúnina þegar þokunni létti allt í einu. Við erum hins vegar bara mannleg og því var e.t.v. ekki orka til að hífa sig upp á brún á nýjan leik. Þess í stað nutum við þess að ganga eftir þessum fallega dal og fyrir Nesnúpinum og á Siglunes þar sem göngunni lauk eftir aðra 10 tíma. Það hefði mátt halda að allt væri þrælskipulagt þar sem skömmu síðar kom Jónas Þórðarson á slöngubátinum til að ná í nokkra fornleifafraeðinga sem höfðust við á Nesinu og voru á leið í helgarleyfi, þannig að



Göngugarparnir Björn Ásgrímsson og Sóley Ólafsdóttir. Héðinsfjörður til vinstri og Ólafsfjörður til hægri.



Valtýr og Björn „skýjum ofar“ á Hestskarðshnjúk. Nesnúpur í baksýn.



Næturstaður við Hólsskarð, Almenningshnakki í baksýn.

við fengum far í bæinn. Þá var bara að skella sér í sturtu og á tónleika í Batahúsinu. Næsta dag var síðan haldið aftur upp í Hólsskarðið til að ná í búnaðinn og því næst í sumarbústað þeirra Björns og Sóleyjar við Miklavatnið. Þar var setið úti á palli í kvöldsólinni langt fram eftir kvöldi. Slíkt var lognið að það eina sem gáraði flötinn á Miklavatninu

var himbrimi sem kom inn til lendingar þarna fyrir fram- an bústaðinn og naut blíðunnar með okkur. Enn hefur því Fjallabyggð ekki verið toppuð eftir endilöngu, að því er ég best veit, og bíður það okkar eða annarra þrátt fyrir að við höfum gengið hana eftir endilöngu.

VIÐ VORUM BEST Í ÖLLU

Ómar Ingimundarson, Noregi



Ómar Landmark fæddist á Siglufirði 1946. Móðir hans var Ester Landmark og faðir hans Ingimundur Sæmundsson.

Að vera fæddur og vel uppallinn á Siglufirði (það er að segja fyrir um 50-70 árum síðan) veitir öllum sem voru svo heppnir alveg sérstakan sess í lífinu. Við vorum best í öllu. Og getum verið stolt yfir svo mörgu: Stærsta síldveiðihöfn í heiminum. Það var á Sigló sem fólkíð þénaði peninga. Það var Siglufjörður sem sá um að afla gjaldeyris fyrir stríð, eftir stríð og meðan á stríðinu stóð. Best vorum við í öllum skíðagreinum. Við lærðum að vinna frá unga aldri

og stóðum okkur svo tekið var eftir þegar við höldum út í heiminn.

Þegar maður þurfti að fara annað og var spurður: Hvaðan ertu? Þá svöruðum við bein í baki með stoltu blíki í auga: Siglufirði! Og höldum áfram að gera það.

Þegar ég segi frá mínum æskuárum þá er það eins og hlýða á ævintýri frá liðinni tíð. Allavega þegar ég segi þau Norðmönnum. En Íslendingar, og sér í lagi Siglfirðingar, vita hvað ég meina.

Af mér sjálfum er það að segja að ég hleypti heimdraganum 17 ára og var eftir það heima með hléum. Síldin hélt austur og ég á eftir. Til Seyðisfjarðar. Eftir það fór ég til Noregs í lýðháskóla og var þar í tæpt ár. Þar hitti ég Áse sem síðan hefur verið konan mín. Eftir þvæling á milli Íslands og Noregs settist ég að í Þrándheimi og vinn þar í mínu fagi sem er auglýsingagerð. Við búum í Stenkjer rétt norðan við Þrándheim en þar eru um 2500 íbúar. Næstbesti staður á jörðinni.

Síðustu árin hef ég leitað mikið til Sigló. Ég festi kaup á hinu háeruverðuga Landmarkshúsi þar sem ég eyði sumrunum í að gera það upp. Á þann hátt er ég, eins og svo margir brottfluttir Siglfirðingar, að koma í stand gamla æskuheimilinu. Endilega kikið inn!

Ég er glaður yfir að nú greinir maður vissa bjartsýni í Fjallabyggð eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð. Til hamingju!



Upplifgandi
lausnir
sem verja
og vernda

HEIMILI
FYRIRTÆKI
STOFNANIR

glerfilmur

MERKIS
UMHVERFISMERKINGAR



MENN
SKILTAGERD

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030

FALLEGASTI BÆR Á ÍSLANDI

Sigurjón Kjartansson, Þýskalandi

Það er haft fyrir satt að Siglufjörður sé settur saman af ótal sterkum karakterum sem hann hefur notið góðs af í tímans rás. Þar starfa ennþá mörg félög sem eiga það öll sameiginlegt að rembast eins og rjúpan við staurinn við að lyfta þessum góða bæ upp í hærra og æðra veldi.


Ég get ekki látið undir höfuð leggjast að drepa á hið helsta sem félög þessi hafa afrekað á einn eða annan hátt. Ég á þar við þá uppbyggingu sem verið hefur síðustu árin á Siglufjarðar-eyri, sem var komin langt niður en er að rísa á ný. Um leið verður bærinn fallegri og fallegri og brúnir bæjarbúa lyftast að sama skapi uns fallegasti bær á Íslandi, Siglufjörður, stendur í fremstu röð.

Siglufirðingar hafa stærra sjóndeildarhring en aðrir. Allt er stærst í huga okkar sem þar eigum rætur. Þar eru stærra söfn, veitingahús, kaffihús, danshús og knæpur. Þar eru stórskáld, stjórnmálagarpar, bæjarstjóratröll og stórkostleg fiskbúð! Þessi mynd breytist ekkert þótt menn búi árum saman í stórborgum

erlendis. Sjóndeildarhringurinn er alltaf mestur og fallegastur á Siglufirði.

Er þetta ekki nóg til að vera Siglufirðingur? Eitt sinn Siglufirðingur, alltaf Siglufirðingur. Ræturnar eru á sínum stað þótt flugið út hafi verið tekið með farfluglunum fyrir 35 árum.

Sigurjón er fæddur 1949 og er sonur Kjartans Bjarnasonar og Helgu Gísladóttur. Hann vann sem rafvirki í Wetzlar en er kominn á eftirlaun.



BARA GAMAN

Steinunn Friðriksdóttir, Seltjarnarnesi

Ég lít á það sem forréttindi að hafa fæðst og alist upp á Siglufirði, þegar uppgangur staðarins var sem mestur. Fallegi fjallahringurinn og sumarblíðan hvergi meiri. Þar bjó einstaklega gott fólk og hjálpsamt. Allir unnu mikið á meðan síldarvertíðin stóð. Þar var enginn mannemunur. Ungir strákar hlaupandi um allan bæ að ræsa út í söltun eða pönnun í íshúsunum.

Þess á milli vorum við krakkarnir á Eyrinni í leikjum sem nú eru að mestu horfnir. Stelpurnar voru í París, Karlparís, Kerlingaparís og Tröppuparís. Boltaleikir voru stundaðir á öllum húsum með sléttum veggjum. Slábolti var líka vinsæll á vorin og tóku allir þátt, börn, gamalmenni, forstjórar og kaupmenn. Húsið Frón var notað til að fara í leikinn YFIR, enda hentaði hæðin á því



Steinunn Friðriksdóttir er fædd 1934, lærður fatahönnuður en vann lengi á skrifstofu hjá Verðlags- eftirlitinu og Samkeppnisstofnun. Hún er dóttir Friðriks Guðjónssonar og Ástriðar Guðmundsdóttur.

til þess. Skólabalinn var aðalleiksvæði okkar.

Við fylgdumst með öllu sem var að gerast í bænum, hverjir voru að koma eða fara með flugvélnum, eða með Esju og Heklu. Það fór ekkert framhjá okkur.

Þegar mikil síld barst á land var ógleymanlegt að ganga bryggjurnar og horfa á síldarkonurnar hamast við söltunina. Lyktin af saltinu og kryddinu var sérstök. Svo kom bræla og öll skipin komu inn. Þá var fjörðurinn einn allsherjar skógur af möstrum skipanna. Því fylgdi einnig drykkja sjómanna og slagsmál. Þá fór maður ekki út eftir kvöldmat nema með foreldrum sínum, enda allar götur fullar af fólki og öll heimsins tungumál töluð.

Svo kom haustið. Síldin búin, fólkíð farið. Skólinn tók við. Skíði, sleðar, stúkufundir, barnamessa og fimmbíó á sunnudögum. Bara gaman.

BASL EN ALLTAF GAMAN

Inga Helgadóttir, Akranesi

É er fædd eins og systir mín Helga í húsinu að Suðurgötu 26 hjá ömmu minni Guðlaugu Gísladóttur og afa mínum Jóni Jóhannessyni fræðimanni. Þar bjó mamma með okkur tvær þegar pabbi drukknaði. Auðvitað var þetta basl en alltaf gaman.

Ég man eftir því að kvöldið áður en ég fermdist var ég kölluð út til að umsalta kryddsíld og ég var logandi hrædd um að ég myndi ekki geta náð af mér lyktinni fyrir ferminguna. Mamma fór eitt sinn að salta hjá Sunnu þegar við vorum litlar og skildi okkur eftir í kvistherberginu sem snýr niður að bryggjunum og uppálagði okkur að ef eitthvað kæmi uppá þá ættum við að flagga laki úti í glugga. Við vorum þarna við



Systurnar Helga og Inga Helgadætur í síld á Ísafirðingaplaninu árið 1957. Inga er fædd á Siglufirði 1931, dóttir Klöru Jónsdóttur og Helga Sigfússonar sem drukknaði 1933. Hún hefur búið á Akranesi síðan 1954.

leik í rúmfötunum og sett-um lak út um gluggann. Næsta sem við vitum er að mamma stendur á síldarpilsinu á miðju gólfi fokvond yfir gabbinu: „Þið eruð búnar að hafa af mér heila tunnu!“

En minningarnar frá Sigló eru dásamlegar. Á sumrin fullt af fólki – skemmtanir – gleði samheldni og samkennd. Allir klárir í bátana þegar síldin barst að landi. Og á vetrum hvernig tunglið glampaði á hjarnbreiðunum og lýsti upp Hólshyrnuna og spegilsléttan fjörðinn. Mér hefur alltaf þótt Siglfirðingar vera hressleikafólk sem hefur spjarað sig hvar sem það drap niður fæti.

siglo.is nokkrir punktar sem gott er að vita

Fréttir

3-4 nýjar fréttir daglega, allar tengdar bænum og nágrenni.

Brotfluttir

Skemmtileg myndskreytt viðtöl við brottflutta siglfirðinga

Gisting

Ljósmyndir og upplýsingar af íbúðum sem eru til leigu. Þjónusta við ferðamenn.

Okkar fólk

Afmæliskveðjur og önnur spennandi tilefni.

Ljósmyndasafn

Rúmlega 250.000 gamlar ljósmyndir sem allar tengjast Siglufirði á einhvern hátt

Greinar

Margar athyglisverðar aðsendar greinar um menn og málefni

Heimsóknir

Daglega heimsækja 1.500 til 2.000 manns síðuna.

Aflafréttir

Landanir og aflafréttir uppfært vikulega.

siglo.is
2.000 heimsóknir daglega



FJÖLBREYTT REYNSLA Í FARTESKINU

Einar Gústavsson, Flórída

Ég er fæddur á Siglufirði 5. júlí 1943, sonur Dagbjartar Einarsdóttur (Dögg) og Gústavs Þórðarsonar (Gústa Þórðar) sem var kaupmaður, síldarsaltandi og síðar starfsmaður Síldarútvegsnefndar.

Ég á einn bróður, Svein, sem er búsettur í Kópavogi.

Sem gutti starfaði ég fyrst sem sendill á símstöðinni í tvö sumur við að hjóla út skeytum og símakvaðningum hjá þeim aldeilis öðlingsmanni Otto Jörgensen. Eftir það var ég í sex sumur á Pólstjörnunni undir öruggri og staðfastri handleiðslu Einars Indriða, og síðar Bjarna M. Þorsteins. Þarna lærði maður í skóla lífsins, lærði vinnugleði, vera fljótur að hugsa og framkvæma, vera lipur, samvinnuþýður og áreiðanlegur. Ég flutti 1960, þá 17 ára, frá Siglufirði til Reykjavíkur til skólagöngu og áfram til Bretlands 1963 og 1964.

Ég hóf starf hjá Loftleiðum á Íslandi 1965, var fluttur til New York í maí 1966 til starfa fyrir Loftleiðir þar, og var farteskið mitt austurþýsk ferðataska keypt hjá Gestu Fanndal, og ég á enn þann dag í dag. Ég starfaði hjá Loftleiðum og síðar Flugleiðum við ýmis störf en þó mest að sölu- og markaðssmálum og var sölu- og markaðsstjóri Flugleiða fyrir Bandaríkjamarkað 1978-1990.

Árið 1990 söðlaði ég um og tók við starfi hjá Ferðamálaráði Íslands sem forstöðumaður skrifstofu þeirra í New York og var aðalstarf mitt að stjórna og framkvæma markaðs- og kynningaraðgerðir á vegum íslenska ríkisins í Bandaríkjunum og Kanada. Ég settist í helgan stein 31. desember sl. og fluttist til Palm Beach Flórída eftir hartnær 45 ára starfsferil og búsetu í New York.

Og hvað er svo það veganesti sem ungur strákur fær með sér frá Siglufirði, þessum litla og einangraða stað norður við heimskautsbaug, og til New York, höfuðborgar alheimsins eins og hún er oft kölluð? Hreint ekki svo lítið!

Í huga mínum var Sigló á þessum tímum mun meira spennandi dvalarstaður en nokkur annar staður á landinu, þar með talin Reykjavík, en köllunin að skoða heiminn réði hér ferðinni og varð engu breytt með það. Siglufjörður í den var einnig miklu meira en stærsti síldarbær jarðarinnar, því hann var í raun litla heimsborgin í norðrinu. Ég á þar við hina miklu heimsborgarastemningu og allt það líf og fjör sem þar var að finna, mannlífið, orkuna, mannaúðinn, áhættuna, uppgripin, ævintýrið og alþjóðlegu stemninguna og allt hitt sem þessu fylgdi og gaf okkur sérstakan innri kraft og geislun sem flestir aðrir ekki

Og hvað er svo það veganesti sem ungur strákur fær með sér frá Siglufirði, þessum litla og einangraða stað norður við heimskautsbaug, og til New York, höfuðborgar alheimsins eins og hún er oft kölluð? Hreint ekki svo lítið!



Einar Gústavsson býr í Flórída.

höfðu. Og þótt íbúarnir hafi ekki verið nema rúmlega þrjú þúsund þá mátti finna þar næstum allar manngerðir og karaktera sem fyrirfinnast yfir höfuð. Allir þessir litríku og fjölbreyttu karakterar sem skreyttu bæjarlífið voru heimsborgarar á sína vísu og að umgangast og þekkja þá varð mér að góðu liði í lífi mínu og vinnu sem verulega auðveldaði aðlögunina í Ameríku. Einnig veit ég, og er bara handviss um, að þetta

upplag sem Sigló gaf í uppeldinu er það sem dugði mér svo vel þegar stundum harnaði á dalnum, aleinn úti í heimi með litlu fjölskylduna mína. Ég hef alla mína hundstíð haft mikla ánægju og verið stoltur af því að vera frá Sigló og ávallt gætt þess að verða aldrei annað en Siglufirðingur enda alltaf talið það einstaka heppni og forréttindi sem ég hef notið um dagana. Varla hefur sá dagur liðið að hugur minn hafi ekki leitað á gamla staðinn milli fjallanna háu og tignarlegu. Eftir að hafa heimsótt staðinn í nokkra daga í sumar þá varð mér strax ljóst að nýr og spennandi geisli logar yfir bænum okkar, nýtt og dugmikið fólk er að framkvæma ótrúlegustu hluti sem eiga eftir að

lyfta ímynd Siglufjarðar í nýjar hæðir um ókomna framtíð og þökk sé fyrir það.

Áfram Sigló.

SPOR SIGLFIRÐINGA LIGGJA VÍÐA

Ólafur G. Einarsson, Garðabæ

Meirihluta ævi minnar hef ég búið fjarri æskuslóðum Siglufjarðar. Samt er það svo að ég tel mig ætíð Siglfirðing. Var þó aðeins tæpra sextán ára þegar foreldrar mínir og við þrjú systkinin fluttum til Akureyrar. Þar var ég aðeins í fimm ár, svo við háskólanám í Reykjavík, en síðan í meira en hálfa öld í Garðabæ. Og nú á ég tæpt eitt ár í áttætt.

Vel man ég hversu erfitt mér þótti að flytja frá Siglufirði, að kveðja alla félagana og fjörðinn fagra. En við vorum ekki þau einu sem fluttumst burt á þessum árum. Það urðu örlög margra fjölskyldna þegar sildin brást. Og víst hafði það áhrif til allrar framtíðar fyrir flesta. Ég þykist vita að ég hefði ekki farið í menntaskóla, ekki lokið háskólanámi eða átt þá framtíð sem varð og þannig varðaði líf mitt og starf. Með þessu er ég ekki að segja að það hefði orðið eitthvað fátæklegra hefði ég verið áfram á Siglufirði. En mikil hefur breytingin orðið á þessum tíma. Sú var tíðin að íbúatala bæjarins var yfir þrjú þúsund, en nú um tólf hundruð. Það segir sig sjálf að víða liggja því spor Siglfirðinganna um landið.

Ein lítil saga um hvernig gott orðspor verður til. Ég vann eitt sumar í nokkuð fjölmennum steypuvinnuflokki. Verkstjórinn var harður nagli sem hélt mönnum að vinnunni. Hann þótti slyngur að verða okkur úti um næturvinnu, sem var eftirsótt. Þegar hann valdi mig



Ólafur Garðar er fæddur á Siglufirði 1932. Foreldrar hans voru Einar Kristjánsson og Ólög Ísaksdóttir. Hann er fyrrverandi sveitarstjóri, alþingismaður og ráðherra. Ljós. Sveinn Þormóðsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

í fyrsta sinn til slíkra trúnaðarstarfa var rökstuðningurinn þessi: „Ég hef haft nokkra Siglfirðinga í vinnu á undanförunum árum. Undantekningarlaust hafa þeir verið öðrum duglegri.“ Þessi orð nægðu til þess að ég dró hvergi af mér og hét sjálfum mér því að bregðast ekki því trausti sem Siglfirðingar áttu öðrum fremur skilið.

Margs er að að minnast frá æskuárum. Ég nefni einangrun bæjarins áður en vegurinn yfir Siglufjarðarskarð var lagður. Síðan eru komin jarðgöng í báðar áttir. Ég man líka fólksmergðina

á sumrin þegar sagt var að allt að tíu þúsund manns væru þar saman komnir. Ég man líka samheldnina meðal íbúanna og hið blómlega félagslíf.

Þá verð ég að guma af því að vera af hinum gagnmerka „árgangi ‘32“. Við höfum haldið hópinn býsna vel, en mörg skörð eru nú orðin. Fyrst gerðum við för okkar til Siglufjarðar árið 1982, að mig minnir um fjörutíu talsins að sunnan, en þá voru held ég tólf úr árganginum enn búsett á Siglufirði. Þetta var árið sem við urðum fimmtug, sama ár og haldið var upp á fimmtíu ára vigsluafmæli kirkjunnar, og þá vígt félagsheimilið á kirkjuloftinu, þar sem við áður höfðum stundað námið í gagnfræðaskólanum.

Og síðan höfum við heimsótt bæinn við önnur tækifæri. Nú tölum við um að gera för okkar norður á næsta ári. Þá eigum við áttæðisafmæli. Og kirkjan einnig. Þar fermðumst við á sínum tíma, nutum leiðsagnar séra Óskars J. Þorlákssonar, sem síðar varð Dómkirkjuprestur í Reykjavík. Hann tók við embætti af séra Bjarna Þorsteinssyni, sem nefndur hefur verið faðir Siglufjarðar. Séra Bjarna hefur verið reistur veglegur minnisvarði með Þjóðlagasetrinu. Og nú er komið Ljóðasetur. Gott framtak það. Síldarminjasafnið minnir okkur á liðinn tíma með einstökum hætti. Þökk sé þeim sem þar hafa haldið á málum betur en aðrir hefðu getað gert.

Og svo að lokum: Hamingjuóskir til Siglfirðingafélagsins 50 ára.

**Aðalfundur Siglfirðingafélagsins
verður haldinn í Kornhlöðunni.**

*Kaffveitingar.
Allir velkomnir.*

**27.
október 2011
kl. 20.30**

Á LEIÐINNI HEIM

Ólafur Haukur Árnason, Reykjavík

William Heinesen segir einhvers staðar að Þórshöfn í Færeyjum geti verið miðja veraldar ekki síður en hver annar staður á jörðinni. Ég hef hins vegar ekki verið í vafa um frá því ég skynjaði fyrst heiminn að Siglufjörður er veraldarmiðjan. Og hver sem á fyrstu minningar sínar bundnar firðinum góða getur efast um það? Sólin á hádegi ofan Hólshyrnu, komið þar fyrir til að skína á okkur; tunglið gleiðbrosandi yfir Hafnarfjalli, sett þar til að bregða birtu yfir heiminn okkar; og stjórnurnar óteljandi á svörtum vetrarhimni yfir hvítum fjöllum. Við erum í miðju sköpunarverkinu.

Fyrir ekki ýkja löngu minntust tveir snillingar á það í Sjónvarpinu að Aðalgatan á Siglufirði væri eitt af merkustu strætum Íslands. Orð í tíma töluð. Ég er til að mynda eilíflega þakklátur fyrir það að á þeirri götu steig ég fyrstu skref mín utan dyra og fyrstu bernskuminnningar mínar eru tengdar henni. Að vísu hafa ýmsir höfundar haft á orði að hún hafi verið drullusvað í rigningatíð en rykský hvílt yfir henni á heitum sólskinsdögum. En flestir þeir ágætu rithöfundar láta undir höfuð leggjast að geta þess að prýðilegar gangstéttir voru við götuna, að minnsta kosti norðan hennar. Eins og allir vegir lágu til Rómaborgar til forna lá leið flestra Siglfirðinga í Aðalgötuna. Þar voru alls konar verslanir og ekki fáar, þar var apótekið og bíóið og norskí spítalinn og fyrir enda götunnar reis Hótel Siglufjörður og þar ríkti Páll á Hótelinu sem pumpaði undraverðan lúður ef upp þurfti að kveðja slökkvilið bæjarins. Í götuna kom fólk úr fjarlægum bæjarhverfum, Guðmundur í Bakka með harðan hatt og staf, Helgi læknir sunnan úr Neðrihöfn ekki síður vel klæddur – og jafnvel fólk af sveitabæjunum frammi í firði. Á sumrin voru þó innfæddir oft í miklum minnihluta á götunni. Síldarstúlkur og ungir menn komin til að afla sér skotsilfurs í síldinni



Ólafur Haukur er fæddur 1929 og er sonur Árna Jóhannssonar og fyrri k.h. Guðrúnar Erlendsdóttur. Hann var skólustjóri í Stykkishólmi og á Akranesi og síðar áfengisvarnaráðunautur ríkisins í Reykjavík. Ljósmynd: Brynjar Gauti Sveinsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

fóru um í flokkum, að ógleymdum sjómönnum sem skiptu stundum hundruðum í landlegum. Og þar var fólk af mörgu þjóðerni, ekki einungis norrænir menn, því að með slæddist annarra þjóða fólk, meira að segja gult og dökkt á hörund þegar lýsistökuskip komu til að flytja verðmæta framleiðsluvöruna til framandi landa. Tíðum sátum við Páll vinur minn Sam á varinhellunni heima milli kjötbúðarinnar og kaupfélagsins og virtum fyrir okkur mannlífið. Færeyingarnir voru flottastir með fallegar húfur og í stórkostlegum

tréklossum sem glumdi í karlmannlega. Skemmtilegast þótti okkur samt að horfa á bílana. Við þekktum alla bíla í bænum og vissum deili á bílstjórunum sem okkur þótti mikið til koma.

Elstu kynslóðina man ég líklega best, öldunga með skegg niður á bringu og brostu í kampinn þar sem þeir röltu til vinnu eða heim, gamlar konur sem klæddust svörtu frá hvirfli til ilja og áttu erindi í búðir. Sumir áttu kýr sem voru reknar fram á fjörð á morgnana og hver gleymir Fúsa í Hlíð eða Stóra-Brandi lötra á eftir fé sínu út í Hvanneyrarkrók til að beita því á saltan og safaríkan þarann?

Flóðgarðurinn var skemmtilegur. Að spásséra eftir honum var ekki síðra en að sitja á bestu svölum í leikhúsum heimsins. Fjörðurinn blár fyrir fótum manns, Siglunesið eins og strík við sjóndeildarhring og við héldum að húsin þar væru stórir steinar. Hljómlistin var öldugjálfríð við mól og sand og niðurinn sem barst úr hvítum fossum í Hvanneyraráni.

Mér finnst peningalykt góð. Morgun einn á Akranesi var ég að venju á leið í skólann. Útsynningurinn bar kunnuglegan ilm að vitum mér. Verið var að bræða í síldarverksmiðjunni, Mér leið vel. Það var eins og hluti af bernskunni hefði vitjað mín þennan úrsvala morgun á Skaga. Hann lifir nefnilega í okkur fjörðurinn góði. Hvert sem við förum fylgir hann okkur.

Hvar sem við erum er hann hluti af okkur. Ef til vill vetrarhvít fjöllin og bærinn með formfagra kirkjuna í öndvegi, kannski vorið og

Eins og allir vegir lágu til Rómaborgar til forna lá leið flestra Siglfirðinga í Aðalgötuna. Þar voru alls konar verslanir og ekki fáar, þar var apótekið og bíóið og norskí spítalinn og fyrir enda götunnar reis Hótel Siglufjörður og þar ríkti Páll á Hótelinu



PRÍR FRAKKAR

Café & Restaurant



Serréttir

Ferskir sjávarréttir og hvalkjöt

PRÍR FRAKKAR café & restaurant Baldursgötu 14, Reykjavík sími 552 3939

Opið virka daga 11.30-14.30 og 18.00 - 23.30

Opið um helgar frá 18.00 - 23.30

netfang: frakkar@islandia.is

Í gamla bænum - rétt við hjarta miðborgarinnar

Það verður engin nótt, eða sumarið og sólargeislarnir ná varla gegnum þykka gufubólstra, og það gæti líka verið haust-rökkrið og hóandi Fljótamenn að reka sláturfé niður gamla Skarðsveginn.

Sólbjört októberblíða á Akureyri og degi tekið að halla. Við erum í göngu-ferð um miðbæinn nokkrir siglfriskir menntaskólanemar. Kemur þá ekki í flasið á okkur kunnuglegur náungi að heiman. Það er Theódór Pálsson, gamall hákarlaformaður og hefur lengi sett svip á bæinn eins og fleiri af hans kynslóð. Hann hafði ungur flust til Ameríku eins og þá var mikil tíska en kom heim aftur og settist að á Siglufirði til frambúðar enda mannlífið þar uppbyggilegra en vestanhafs. Gamli maðurinn heilsaði okkur alúðlega, kvaðst hafa komið með Esju í morgun og væri nú á leið um borð til að fara með henni til baka. Við röltum með honum niður á Torfunefsbruggju. Við landganginn námum við staðar og Theódór kvaddi okkur innvirðulega, óskaði okkur góðs gengis í þessum framandlega bæ, sem honum þótti kappnóg að dveljast í fáeina klukkutíma, og bað okkur lengstra orða að muna alltaf eftir Siglufirði og vera honum til sóma hvar sem við værum og hvert sem okkur bæri. Við skynjuðum að öldungnum fannst mikið á okkur lagt að þurfa að þrauka á þessum stað heilan vetur. Sjálfur var hann á heimleið.

Þessa stund með hákarlamanninum gamla hef ég geymt í hug mér langa ævi. Hann var á leið heim. Og erum við ekki öll á leiðinni til upphafsins, að veraldarmiðjunni, heim? Í huganum að minnsta kosti.

INGIMAR YRÐI EKKI SAMA

Sigurður Jónsson eða Siggi drumbur fer oft skemmtilega með málshætti. Eitt sinn voru skipverjar á Dagný að ræða um að Daddi Júll ætlaði að hætta hjá Ingimar bakara Þorlákssyni og setja upp Konditoríu á Siglufirði.

Siggi tók að tina og við vissum að þá var von á gullkorni:

- Það renna þá tvær kringlur á Ingimar!

ÓLUMST UPP Í GÓÐU SAMFÉLAGI

Edda Ragnarsdóttir, Hollandi

Eftir því sem árunum fjölga verður manni ljóst að það að vera fæddur og uppalinn Siglfirðingur sé dálítið sérstakt. Maður verður alltaf Siglfirðingur, sama hvar maður hefur búið. Hvað ætli það sé? Fyrir því eru sjálfsgat margar ástæður.

Mín tilfinning er að við höfum alist upp í góðu samfélagi. Þá er ég að tala um mína reynslu sem barn og unglingur á sjötta og sjöunda áratugnum.

Félagslíf var öflugt, sérstaklega á veturna. Mikil starfsemi var hjá leikfélaginu í Sjómannahéimilinu. Í pólitíkinni var hart barist milli vinstri og hægri manna. Mörg félög voru starfandi og eins klúbbar, eins og Lions og Rotary, sem héldu jólaskemmtanir sem við krakkarnir biðum í ofvæni eftir. Við vinkonurnar tókum þátt í fundum hjá barnastúkunni Eyrarrós númer 68 ásamt því að mæta vel í barnamessur hjá séra Ragnari Fjalari.

Hvort þetta hefur mótað okkur að einhverju leyti og gefið okkur andlegt þrek er erfitt að segja til um.

Í minningunni var snjópungt á veturna, en snjórinn var okkur krökkunum ekki til trafala. Hann bauð endalausa möguleika til leikja og til að fara á skíði. Dansandi norðurljós í brakandi frosti og nýbakaðar pönnukökur á sólardaginn 28. janúar eftir skammdegismyrkrið er líka ógleymanlegt.

Veðurbliða á sumrin þar sem við krakkarnir lékum okkur saman á götunni.

Mikil var tilhlökkunin þegar við fengum nýja strigaskó á sumardaginn fyrsta. Að hlaupa upp í fjall eða upp í Hvanneyrarskál til að vaða í ánni og

busla í „sundlauginni“ okkar, eða tína ber á haustin.

Þessar minningar tekur enginn frá okkur.

En fjöllin eða fjallahringurinn? Héldu fjöllin verndarhendi yfir okkur eða mótuðu þau okkur líka? Þau eru stór hluti af því að alast upp á Siglufirði.

Þrátt fyrir innilokun Siglufjarðar yfir vetrarmánuðina eru Siglfirðingar opið fólk og víðsýnt. Vanir að hafa margt aðkomumanna við vinnu í síldinni á sumrin, og utan aðkomandi alltaf tekið öllum örmum.

Það eitt hvað við Siglfirðingar heilumst innilega þegar við hittum gamla Siglfirðinga er líka alveg sérstakt. Alveg eins og við höfum verið ein stór fjölskylda.

Öll árgangsmótin sem haldin eru á sumrin sýna líka þörf okkar fyrir að hittast og koma til baka á æskuslóðirnar, koma heim.

Rétt tæplega 16 ára fór ég að heiman. Með heimasamuð handklæði með bróderuðum stöfunum mínum í, afrakstur handavinnukennslu fröken Arnfinnu, hélt ég til Akureyrar í Menntaskólann. Við vorum ung, en



Edda er fædd árið 1949. Hún er dóttir Þ. Ragnars Jónssonar og Guðrúnar Reykdal. Hún hefur verið húsmóðir í Nordwijkerhout í 23 ár.

sem betur fer nutum við góðs af því að vera undir föðurlegum verndarvæng skólameistara. Heim komumst við aðeins í jólafrí og páskafrí. Þurftum þá að sigla með Drang þegar öldur Norður-Atlantshafsins voru þungar og háar, og sjóveikin var að fara með mig. Sjórinn hefur því síðan ekki verið minn besti vinur, enda þótt hann hafi gefið Siglufirði mikið líf og atvinnu.

Ég lít svo á að það séu ákveðin forréttindi að hafa fengið að slíta barnsskónum á Siglufirði, við frelsi og í nálægð við fjöllin og náttúruna.

Alltaf er jafn notalegt að koma heim og alveg sérstaklega um Jónsmessuna, þegar dagurinn rennur saman við nóttina og lognið verður alveg yfirþyrmandi.

Í mínum eyrum hljómar söngur karlakórsins Vísis þar sem Daníel Þórhallsson syngur: „Alltaf birtir upp um síðir, aftur kemur vor í dal“.

Gott heilræði fyrir Siglfirðinga sem veganesti út í lífið.

En fjöllin eða fjallahringurinn? Héldu fjöllin verndarhendi yfir okkur eða mótuðu þau okkur líka? Þau eru stór hluti af því að alast upp á Siglufirði.

SUÐUPOTTUR FJÖLSKRÚÐUGS MANNLÍFS

Jósep Blöndal, Stykkishólmi

Ég leyfi mér að vitna í viðtal við Einar Gústavsson, yfirmann íslenskra ferðamála í Bandaríkjunum, í Ríkisútvarpinu fyrir nokkru, en Einar hafði þá starfað í Bandaríkjunum í 40 ár: „Vorur það ekki gríðarleg viðbrigði fyrir þig, 22 ára gamlan, að koma frá Íslandi í iðandi mannlífið á Manhattan?“ Þá svaraði Einar: „Nei, það voru eiginlega engin viðbrigði. Ég kom frá Siglufirði.“ Og við, sem lifðum síldarárin hér á Siglufirði, vitum við hvað Einar átti því annar eins kraumandi suðupottur fjölskrúðugs mannlífs og við ólumst upp við hér átti ekki sinn líka á Íslandi.

En það er annar þáttur siglfirskis mannlífs sem á það til að hverfa í skugga síldarævintýrisins, og það er mannlífið á veturna. Hér þreifst einskonar microcosmos – einangruð örveröld á mörkum hins byggilega heims – örveröld tónlistar, leiklistar, íþróttar, alls kyns félagsstarfsemi, öflugsskólalífs og ríkrar flóru skrautlegra karaktera og – ekki sízt



– jákvæðra lífsviðhorfa. Siglufjörður var einskonar heimsborg í dvergsham og sá sem ólst hér upp á þeim tíma mótaðist fyrir lífstíð. Mig grunar að Einar hafi einnig haft þetta í huga þegar hann svaraði fréttamanni RÚV.

Og enn er merkinu haldið hátt og metnaður mikill eins og sjá má á þeirri menningarstarfsemi sem enn þrífst hér á Siglufirði, og ekki hvað síst Síldarminjasafninu, Þjóðlagahátíð og Þjóðlagasetri. Mennt og konur móta umhverfi sitt og því meira og varanlegar sem væntumþykjan er meiri. Mennt eins og séra Bjarni Þorsteinsson skilja eftir sig arf á staðnum sem lifir lengur en margan grunar og á ríkan þátt í að móta bæði stað og einstaklinga.

Jósep er fæddur 1947, sonur Óla J. Blöndal og Margrétar Björnsdóttur. Hann er læknir í Stykkishólmi.



fánar
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030
www.merkismenn.is

EITT SINN SIGLFIRÐINGUR - ÁVALLT SIGLFIRÐINGUR

Kristrún Jónsdóttir, Egilsstöðum

Eftir nær hálfa öld á Héraði er ég enn Siglfirðingur. Ég fer ennþá **heim** – tala um fólkið **heima**, (fólkið sem ég mæti á torginu í dag þekki ég fæst, en þess fleiri í kirkjugarðinum). Já, og svo eru endurminningarnar að „**heiman**“. Samkvæmt þeim var alltaf sól og blíða, logn á firðinum, stjörnuþjört vetrarkvöld, iðandi mannlíf og ævintýrin alls staðar hvort heldur rifjuð eru upp bernskuárin í Skúrnum, unglingsárin í verkamannabústaðnum eða þá fullorðinsárin við afgreiðslu í Kjötbúðinni.

En hvað á helst að setja á blað? Er plássíð í afmælisritinu ótakmarkað?

Kannski Þormóðsgötuna - stórkostlegustu sleðabraut í heimi.

Stundum fór maður alveg upp að vatnsprónni við Seljaland og lét svo gossa, yfir Hólavegin, Hlíðarvegin, Hvanneyrarbrautina og Túngötuna, alveg niður að Albýðuhúsi.

Svo var skíðað. Við krakkarnir úr Reitnum vorum aðallega í Bæjarfógetabrekkunni, fórum upp hólinn utan við hús Hjörleifs Magnússonar, og eins langt upp í hlíðina eins og hverjum þóknaðist. Svo var brunað niður utan við hús Hjörleifs, framan við Netagerðina og niður að gamla Bæjarfógetahúsinu. Og skíðabúnaðurinn var ekki af verri endanum, tréskíði og leðurbindingar, (made in Sumarliði eða Jón skóari). Á um það bil mitt skíðið var fest leðurræma, af svipaðri lengd og fótubúnaðurinn, sem oftast voru stígvél, á öðrum enda ræmunnar var hæll og í honum leðurólar sem spenntar voru yfir ristina, yfir tána kom svo önnuról. Skíðastafirnar voru úr bambus og á höndunum sveiþæfðir lopavettlingar frá ömmu. Ég tek fram að ég var bara venjulegur skussi á skíðunum og hætti mér ekki í brekkur **snillinganna**. Seinna varð það tíska að fara á kvöldin á gönguskiðum fram á Hólsdal eða yfir á Ás, þá gjarnan mörg saman og ævinlega stjörnuþjört og tunglsljós, **rómantikin** í öllu sínu veldi.



Kristrún (Dúrri) er fædd 1942, dóttir Jóns Kr. Jónssonar bílstjóra og Ólínu Hjálmarsdóttur.

Svo, á leið heim af balli á Höfninni milli jóla og nýjárman ég að fólk staldraði við á torginu, hélt í hendur, söng og dansaði kringum jólatréð, þá var líka stjörnuþjört og tunglsljós!

Upp áður nefndan „snarbrattan“ hól, utan við hjá Hjörleifi og Elinóru, var svo efniviðurinn í áramótabrennunna fluttur. Brennuefnið, sem geymt var hingað og þangað undir tröppum, í skúrum og skotum frá því söfnun hófst að hausti, varð, því nær er dró áramótum, eftirsótt af brennvörgum annarra hverfa og því var settur vörður til að halda *Villó-unum* og öðrum stigamönnum frá. Stundum skarst í odda en þó aldrei til skaða það ég man.

Sumrin...nóttlaus voraldar veröld!!

Siglfirskt sólskin er öðruvísi en annað sólskin- og **sumarnæturnar!**

Ég man margar nætur þegar bærinn logaði í gullinni sólardýrð. Krakki, þá enn í Skúrnum, man ég fólk koma sunnan íþróttavöllinn, kannski af sjómannadagsballi, drullupollarnir ennþá á Túngötunni

en völlurinn spegilgljáandi í sólinni. Fólkið var kátt og hresst og kannski syngjandi. Allt í einu eru þau Regína og Guðmundur Árna, ung og glæsileg, dansandi á vellinum, og þannig hvarf þessi káti hópur úr augsýn, en minninguna á **ÉG**.

Seinna eyddi ég sjálf mörgum slíkum nóttum, oftast í góðra vina hópi, úti á Öldubríót eða á bryggjunum, uppi í fjalli eða yfir á Ás, stundum líka ein....lét mig dreyma.

Já margs er að minnast: Barnaskólinn, Gagginn, kennarnir, skólafélagarnir, vinirnir. Kjötbúðin, afgreitt yfir borðið, eftirminnilegir einstaklingar sem settu svip á bæinn. Viljandi hef ég ekki nefnt **síldarævintýrið**, það er efni í annan pistil - ekki styttri.

En af hverju fór ég frá Siglfirði? Ég var tvítug og í góðri vinnu. Var nokkur ástæða til að yfirgefa æskustöðvarnar? **Varla**.

Nema kannski að ungan langar mann að prufa eitthvað nýtt og kanna ókunna stígu. Ég held reyndar að foreldrar mínir hafi aldrei fyrirgefið mér það að fara, og

einhverntíma þegar þessi mál bar á góma og pabbi sagði „ég hef aldrei skilið af hverju þú fórst“ þá svaraði ég, að vísu í hálfkæringi og hundleið á þessum vangaveltum í honum.... „**Pabbi, ef ég hefði ekki farið væri ég uppþornuð pipar-**

junka á Siglfirði, ég átti engan sjens heima lengur þeir voru allir farnir“. Eftir að hyggja er þetta trúlega rétta svarið.

Það voru allir að fara og árið var 1962.

Tókuð þið eftir því? **Það var aldrei** illviðri á Sigló - aldrei stórhrið? Alltaf sama blíðan, sólardýrð eða stjörnuþjört og tunglskin.

Bestu kveðjur **heim** og til ykkar allra er lesið.

Stundum fór maður alveg upp að vatnsprónni við Seljaland og lét svo gossa, yfir Hólavegin, Hlíðarvegin, Hvanneyrarbrautina og Túngötuna, alveg niður að Albýðuhúsi.

MOKVEIÐIN

Jón skíðakappi Þorsteinsson átti dag í Fljótaá sumar eitt um í byrjun sjöunda áratugarins.

Hann er að búa sig undir að hefja veiði kl. 6 að morgni í efsta hyl upp við Skeiðsfoss þegar allt í einu hverfur allt vatn úr ánni og Jón horfir ofan í hylinn á iðandi laxakösina.

Þetta var fyrir daga sleppinga og votur draumur veiðimannsins að renna upp og íþróttakappinn er ekki seinn á sér að snarast niður í hylinn að einhenda fiskum á land. Þegar Jón er kominn með á milli 50 og 60 fiska á land þá er eins og við manninn mælt að vatnsflaumurinn skellur aftur á.

Jón fyllir skottið á bílnum og ekur glaður í bragði með aflann til Siglufjarðar.

En fiskisagan flýgur og um kvöldið banka þeir Bragi Magg og Guðmundur Árna í stjórn veiðifélagsins uppá hjá Jóni að kíkja á aflann. Jón sýnir þeim fullt baðkarið glaður í bragði. Þeir stjórnarmenn gaumgæfa hvern fisk og leita að netaförum og öðrum misþyrmingum sem blessaður laxinn gæti hafa lent í, en allt kemur fyrir ekki.

En til öryggis þá ráku þeir Jón úr félaginu!

Jón mátti hafa fyrir því að fara upp í Skeiðsfoss og fá afrit hjá nafna sínum Kristjánssyni og vottorð um að akkúrat þennan morgun hafði orðið bilun sem varð þess valdandi að nauðsynlegt reyndist að loka fyrir rennsli.

ÚR FISKBÚÐINI

Gunnþóra Hebbja kom eitt sinn í Fiskibúðina að kaupa ýsuflok hjá Eysteini.

Þetta var skömmu eftir myntbreytinguna þegar 100 kallinn kom í stað hundraðkrónuseðilsins. Þegar hún ætlaði að greiða vafðist fyrir henni að greina á milli klínksins.

Loksins stundi aumingja Gunnþóra upp: - Af hverju gátu þeir ekki beðið með þetta þar til gamla fólkíð var dáíð!

Og stuttu seinna kom Inga á Eyri og bað um kjöt af óslátruðu!

Þá var Eysteini öllum lokið.

BREYTTUR BÆR

NÝTT HJARTA Í SIGLUFJÖRÐ



Ingvi Hrafn Jónsson.

Ég kom til Siglufjarðar með fjölskylduna í ágúst 1999, til að sýna þeim hvar ég lék mér sem barn í eilífri voraldar veröld Skútudals. Þar sem fjörðurinn var fullur af skipum og reykur úr verksmiðjunum blandaðist gný hreyflanna á Gruman flugbátunum, sem næstum skriðu yfir þakið á Sólvangi, bústaðnum okkar, sem afi Tynes hafi byggt endur fyrir löngu.

Við gistum á Hótel Læk og er við vöknudum á laugardagsmorgni mátti heyra duggu, dugguhljóð, notalegt hljóð frá trillu sem var að leggja frá bryggju. Sonum mínum og eiginkonu fannst þessi svefnbær lítt spennandi. Það var ekki fyrir en við vorum komin upp gamla Skarðið og drengirnir komust í snjókast í skafli að lifnaði yfir þeim.

Tíu ár liðu þar til ég kom næst, skreppitúr úr Fljótaá í vinahópi á laugardegi. Fyrstu helgi í september. Enn svaf bærinn og allt var lokað, meira að segja Harbour Café.

En það var verið að bora nýjar æðar gegnum fjöll og firnindi. Guðmundur Skarphéðinsson bæjarfulltrúi og erindreki, fékk leyfi til að við mættum keyra gegnum göngin til Héðinsfjarðar. Okkur fannst þetta flott og spennandi en vorum aðallega hissa á hve mjór Héðinsfjörður

var. Svo fór Guðmundur með okkur í ökuferð um bæinn og sagði okkur frá nýju fyrirtæki, Rauðku, sem væri að gera upp gömul hús niður við höfn og þar ætti eitt og annað að gerast.

Næst lá leið mín til Siglufjarðar 23. júlí í sumar. Það var engu líkara en töfrasprota hefði verið veifað og nýtt hjarta grætt í bæinn, sem hafði sofið hálfgerðum Þyrnirósarsvefni síðan síldin hvarf að vetrarlagi 1967. Bærinn var eins og á 17. júní,

troðfull-ur af bílum og fólki og í Hannes Boy og Rauðku, Harbour Café og öllum greiðasölustöðum bæjarins, Olís líka, glumdi í peningakössum og korta-vélum svo undir tók í Hólshyrninni og Hvanneyrarskálinni. Afl nýs fjármagns, nýrra drauma athafnamanns, sem hafði snúið aftur til heimabyggðar með ávinn-ing útrásarævintýra, til að búa í haginn fyrir næstu kynslóð, streymdi um þennan gamla hornstein íslensks efnahagslífs. Það var nefnilega þannig í den, að ekki var hægt að loka fjárlögum á Alþingi fyrir en vitað var hvað fékkst fyrir siglfirskar afurðir á erlendum mörkuðum.

Tveir Hrafnabingsþættir sem ég tók upp með athafnamanninum Róberti Guðfinnssyni og Finni Yngva Kristinsyni, tengdasyni hans, vöktu mikla athygli og urðu til þess að fjöldi karla og kvenna lagði land undir fót með ljúfar minningar í hjarta til að skoða gamlar leik- og starfsstöðvar og enginn varð fyrir vonbrigðum. Ég segi síldin er komin aftur, nú kemur hún bara í bílum gegnum fjöll.

Til hamingju Siglufirðingar, heimamenn, brottfluttir og allir aðrir Siglufirðingar Íslands.

Ingvi Hrafn Jónsson

TORGIÐ ER NAFLI ALHEIMSINS

Sjálfsgætt er mismunandi meðal brottfluttra Siglufirðinga hvað þeir taka sér fyrir hendur fyrstu klukkustundirnar eftir að komið er heim til Siglufjarðar. Hvað sjálfan mig varðar er málið ekki flókið. Eftir að hafa heilsað upp á mína nánustu, liggur leiðin gjarnan rakleitt í miðbæinn. Hann hefur alltaf togað í mig er heim er komið og ekki að undra, enda veit ég að margir aðrir brottfluttir hafa sömu sögu að segja. Séra Bjarni Þorsteinsson sem skipulagði göturnar í miðbænum var klárlega framsýnn og það er sannarlega notalegt að tylla sér á bekk í miðbænum og hugsa til séra Bjarna. Hólshyrnan, Hvanneyrarskálín og Strákahyrna innramma skipulagið.

„Siglufirðingar eiga að drekka Carlsberg“ Í blálok níttjándu aldar, 1899, fór séra Bjarni til Kaupmannahafnar og rannsakaði í nokkra mánuði tónlist í íslenskum handritum í Árnasafni. Þetta ár komu út *Sex sönglög* eftir hann og einnig *Íslenskur hátíðarsöngur*, sem enn hljómar á stórhátíðum í flestum kirkjum landsins.

Skömmu eftir aldamót fékk séra Bjarni styrk til að safna íslenskum þjóðlögum frá danska Carlsberg-sjóðnum.



Torgið á góðum degi.

Eftir að hafa dvalið nokkurn tíma í Kaupmannahöfn við rannsókn á handritum afhenti hann stjórnarnefnd Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags handrit að þjóðlagasafni og óskaði eftir útgáfu. Reykjavíkurdæld félagsins var klofin í afstöðu sinni til útgáfu á safninu, þannig að Bjarni snéri sér á nýjan leik til Carlsberg-sjóðsins góða. Sjóðurinn tók okkar manni vel og féllst á að gefa út safnið, *Íslensk þjóðlög*.

Karlakórinn Vísir hefur heimsótt verksmiðjur Carlsberg í Kaupmannahöfn og sungið fyrir starfsfólk verksmiðjanna í þakklætisskyni fyrir þennan mikilvæga styrk. Mér er sagt að sala á drykkjum Carlsberg í útsölu ÁTVR á Siglufirði sé góð, bæjarbúar vilji með kaupum á Carlsberg þakka fyrir

stuðninginn við séra Bjarna. „Siglufirðingar eiga að drekka Carlsberg“, sagði góður og gegn Siglufirðingur við mig í sumar, en bætti svo við að ekki mætti heldur gleyma Þjóðlagasetrinu.

Fólkið

Miðbærinn gerir það að verkum að fólk á Siglufirði hittist. Nánast allt er á sama punktinum. Eystein í Fiskbúðinni er nauðsynlegt að heimsækja og ef Abbý er ekki þar er bara að röltu niður Aðalgötuna og athuga hvort hún sé ekki á vinnustofunni sinni neðar í Aðalgötunni, Á báðum þessum stöðum er kaffikannan í gangi allan daginn. Síðan má alltaf heimsækja Gunnu Finna. Hún býr auðvitað við aðalgötu bæjarins, enda selskapsdama. Ef setið er á bekk á Torginu í klukkustund er nánast öruggt að Helga Magg bregði fyrir, sömuleiðis Ómari Hauks, Halla Bó, og auðvitað fjölmörgum öðrum. Þetta er sem sagt Torgið heima á Siglufirði. Nafla alheimsins.

Ég óska Siglufirðingafélaginu hjartanlega til hamingju með afmælið. Megi það dafna um ókomin ár.

Karl Eskil Pálsson
Akureyri

Óskum Siglufirðingafélaginu

til hamingju með 50 árin



MINNSTA STÓRBORG Í HEIMI

Albert Einarsson, Noregi



Albert er fæddur 1949. Sonur Einars Albertssonar og Þórunnar Guðmundsdóttur. Hann starfar sem ráðgjafi, seniorráðgjiver, í norska menntamálaráðuneytinu.

Vorið er að koma. Um miðjan apríl fer Sigló KAI 192 á flot, þveginn og bónaður. Auðvitað heitir hann Sigló, 8 metrar og með Mercedes Benz OM 636 undir þiljum. Á rólegri siglingu um Oslóarfjörðinn, inn í Vestfjorden, milli Háeyjar og Gráeyjar, sjávar-

lykt og kyrrð og hugurinn ber mig alla leið heim á Sigló. Þú losnar aldrei úr þessum álögum.

Þegar ég kom fyrst til Oslóar, um 1970, var stundum sagt að Osló væri stærsti sveitabær í heimi. Eftir því sem ég kynntist Osló og öðrum borgum, varð mér ljóst að Siglufjörður var minnsta stórborg í heimi. Þessi stórborg skilaði mér og mörgum öðrum út í heim með undirbúning og viðhorf sem ekki bara komu sér vel fyrsta

kastið heldur er ég ennþá að tína upp úr sarpinum. Það eru ekki allir sem fá svo gott nesti.

Ég er sem sagt fæddur í kjallaranum í suðurendanum á ysta verkamannabústaðnum úti í Bakka. Pabbi var

skósmiður og bjó til bússur handa mér. Límdi renning ofan við stígvél númer 26. Ég var ekki hár í loftinu en hélt ég gæti vaðið yfir fjörðinn í bússunum, allavega áleiðis. Oft á dag kom ég hundblautur heim, en lét ekki segjast. Ég get ennþá framkallað í huganum hljóðið í vetrarbriminu í fjörinni.

Leiðin lá úr Barnaskólanum í Gaggann og svo í Menntaskólann á Akureyri og með stúdents-prófið upp á vasann hélt ég til Þýskalands haustið 1969. Ég ætlaði að læra fiskifræði. Vorið 1970 flutti ég mig til Noregs og hélt áfram námi í Oslóarháskóla. Fiskifræðin varð að félagsfræði og svo endaði ég sem kennari og síðar skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Árið 1995 lá leiðin á ný til Oslóar, borgarinnar við ósa árinna Lo. Þar bý ég enn, á hæðinni austur af miðborginni og horfi út á fjörðinn, sem er fjörðurinn minn þegar ég sigli um á Sigló og hugsa heim í Siglufjörðinn.

Svo íslensk að undrum sætir...

ÍNN ÍNN ÍNN



EKKI BARA ÍSLENDINGUR

Borgeir Reynisson, Noregi

Þegar ég var gutti hélt ég að Trausti á Sauðanesi ætti heima í útlöndum! Þannig að Sigluförður hlaut að vera nafli alheimsins. Ó, já ég hef fundið það út að það er hann ennþá. En ég er ekki bara Íslendingur ég er Siglfirðingur og ég er stoltur af því.

Ég á afmæli 15. desember þannig að mér var slegið undir í apríl sennilega á síldartunnu á Hrímnisplaninu! Kannski er ég aprílgabb og ég er stoltur af því að það er ennþá er svoláttill síldar- og bræðslufnykur af mér því að sú lykt þýddi peningar. Í mörg ár gerði íslenska ríkið ekki fjárhagsáætlun fyrr er síldaruppgjörið kom frá Siglufirði og því miður vorum við ekki nógu flinkir að fá inn peninga í bæjarfélagið sjálft. Allir seðlarnir fóru suður. En ég er stoltur af því að vera Siglfirðingur því nú kem ég til Reykjavíkur og geng á gangstéttunum mínum sem voru gerðar fyrir síldarpeningana sem komu frá Siglufirði.

Ég bý í Noregi og þar hitti ég marga eldri menn sem þekkja til á Sigló og verð stoltur af því að vera Siglfirðingur þegar þessir menn segja sögur frá síldarævintýrinu og því sem þeir upplifðu á Sigló.

Ég get skrifað miklu meira um það hvað ég er stoltur yfir því að vera Siglfirðingur, en ef ég geri það þá verð ég kallaður grobbhani svo að ég stoppa hér.



Borgeir er fæddur 1954, sonur Reynis Árnasonar og Jakobínu Þorgeirdóttur. Hann vinnur við eignaumsýslu í Sandefjord.

Innréttingar, hurðir og sérsmiði að þínum þörfum.



Komdu með teikningar og fáðu tilboð
eða kynntu þér málið á beyki.is.



BEYKI
e
h
f

Smíðastofa
Tangarhöfða 11
www.beyki.is

HUNGURTÚRINN Á HAFLIÐA 1952

Gulnað blað, vélritaður listi með nöfnum á 41 manni, sem datt út úr bunka af gömlum skipshafnaskráum sem ég var að blaða í gegnum í tengslum við starf mitt á sýsluskrifstofunni á Siglufirði, varð til að rifja upp fyrir mér endurminningar frá löngu liðinni veiðiferð til Grænlands, sem meðal þátttakenda og þeirra sem til þekktu, gekk undir nafninu „Hungurtúrin á Hafliða.“ Hannes Baldvinsson skráði.

Á stæðan fyrir því að ég legg í að reyna að festa þessar endurminningar á blað er sú að mér finnst nokkuð tilvinnandi að reyna að forða vitneskjunni um þessa veiðiferð frá algerrí gleymsku. Meira en helmingur þeirra sem þátt tóku í túrnum er nú fallinn frá og ekki lengur til frásagnar, en hinir sem eftir lifa og sjá þessa samantekt geta þá leiðrétt það sem mig kann að misminna frá ferðinni, eða bætt í eyðurnar um það sem ég læt ekki getið hér eða hef gleymt í árunna rás.



En þó bærilega gengi að manna skipin voru aðrir þættir í undirbúningi á túrnum erfiðari. Þrengingar og fjárskortur í rekstri urðu til þess að seinlega gekk að fá kost og veifarféri hjá verslunum í Siglufirði, án þess að leggja fram tryggingar í einhverri mynd og ekki varð það til að bæta úr skák að framkvæmdastjórinn, Eyþór Hallsson, varð um þessar

mundir að hverfa suður til Víflsstaða vegna gamalla veikinda sem tóku sig upp hjá honum. Það var því að lokum ákveðið að senda Haflíða til Reykjavíkur vegna þess að fengist hafði loforð um úttekt á því sem uppá vantaði í túrinn, í einhverri verslun (mig minnir hjá Einari Long) í Hafnarfirði.

Á þessum tíma, þegar samgöngur við Siglufjörð voru með öðrum hætti en nú, jafnaðist það á við happdrættisvinnung að ná í frítt far til Reykjavíkur. Og því var það að þegar Haflíði lagði úr höfn undir lok vikunnar mátti heita að hver koya í skipinu væri tvískipuð, það er að segja skipverjum og farþegum. Sumir farþeganna risu aldrei úr rekkju sökum sjóveiki en hinum, sem á kreiki voru, var boðið uppá veislu-borð í hvert mál og gekk þá strax á matarforðann sem lagt var upp með frá Siglufirði. Skipshöfnin hafði ekki af þessu neinar áhyggjur enda vissi hún ekki annað en fyllt yrði í skörðin þegar suður kæmi. En annað kom á daginn þegar á reyndi. Kaupmenn í Hafnarfirði reyndust engu fúsari til að láta kost í té án trygginga en kollegar þeirra á Siglufirði, og voru því horfur á að enn drægist að leggja úr höfn til veiða. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Nú bárust fréttir af því að loks væri búíð að leysa þennan vanda. Hægt væri að birgja skipið vistum í Færeyingahöfn á Grænlandi, væntanlegum afla yrði landað í Danmörku og því engin tormeiki á að greiða fyrir þau matvæli er þarna fengjust fyrir skipið. Ég fylgdist ef til vill betur með þessum gangi mála en aðrir í áhöfninni vegna þess að ég var trúnaðarmaður um borð, og auðvitað var urgur í mönnum að leggja uppí saltfisktúr með lítinn kost. En þegar fréttin um lausnina í Færeyingahöfn var fengin virtist ekkert að vanbúnaði að halda af stað til veiðanna.

Aðdragandi

Sumarið 1952 var talin ördeyða á Íslandsmiðum, hvað þorsk-gengd snerti. Togarinn Haflíði, sem var á öðru ári í eigu Bæjarútgerðar Siglufjarðar, var sendur til síldveiða, enda var búnaður til síldveiða í eigu útgerðarinnar frá árinu áður en hafði þá verið keyptur vegna þess að þorskveiðarnar brugðust einnig það sumar.

Ekki varð síldaraflinn til að bjarga útgerðinni, fremur en fyrra árið svo þegar síldarvertíðinni lauk var farið að huga að þorskveiðum á ný. Fregnir höfðu borist um reitingsafla á miðum við Vestur-Grænland og því brá útgerðin á það ráð að senda báða togara sína, þá Elliða og Haflíða, til veiða í salt við Grænland. Ég hafði verið í landi um sumarið og unnið við nótabætingar hjá Jóni Jóhannssyni, netagerðarmeistara, en þar sem ekki var um áframhald að ræða á þeirri vinnu fram á haustið sótti ég á ný um pláss á Haflíða og var það auðfengið, enda hafði ég verið á skipinu frá því það kom til bæjarins að undanskilinni seinni síldarvertíðinni. Yfir 80 manns þurfti til að fullmanna báða togarana og gekk það greiðlega, enda voru menn þá ekki að víla fyrir sér að þiggja þá vinnu er bauðst, þó séð væri fram á langar fjarvistir og sumir ekki með mikla reynslu af sjómennsku. Veiðar við Grænland, bæði austur- og vesturströndina, þóttu sjálfsgarðar á hinum öflugum nýsköpunar-togurum, „sem ekki gátu sokkið“, ef afli brást á heimamíðum og vinsælustu lögin á þessum tíma í Óskalagaþætti sjómanna voru: „Það gefur á bátinn við Grænland“ og „Í flýti förum við nú á Jónsmið.“



Til Grænlands

Siglingin til Grænlands var tíðindalaus. Sett var á stímvaktir og aðrir úr áhöfninni sendir í netalest til að huga að veiðarfærum, eins og venja var þá ef einhver tími gafst frá fiskiríi. Ekki sást til lands við Hvarf en nokkrir borgaris-jakar gáfu til kynna nánd við Grænland og væntanlegar fiskislóðir.

Skipstjóri í þessum túr var Einar Sigurðsson, stundum kallaður „Puttinn“ vegna þess að hann hafði misst fram-an af fingri á sínum yngri togaraárum þegar hann var sjálfur á dekki. Einar þótti fiskinn í meðallagi, en hörkutól og blandaði lítt geði við aðra í áhöfninni, lét til dæmis færa sér allar máltíðir upp í brú og sást aldrei í borðsalnum. Við höfðum því ekki mikið af honum að segja á siglingunni en á fiskiríinu sendi hann okkur stundum tóninn út um brúargluggana, ef honum fannst eitthvað miður fara á dekkinu.

Eftir að við höfðum siglt þó nokkuð upp með vesturströndinni var trollinu kastað, en sannast sagna vissi ég aldrei nákvæmlega hvar við vorum að veiðum. Oftast vorum við á grunnu vatni, en fremur langt undan landi, því ekki minnst ég að við sæjum til lands nema þegar við sigldum þangað, en frá því segir síðar.

Séð fram á langan túr

Aflinn olli nokkrum vonbrigðum strax í upphafi því hann var vægast sagt tregur. Annað hvort voru fregnirnar um góða aflann ýktar, gangan farin hjá, eða við of seint á ferðinni. Önnur íslensk skip við vesturströndina höfðu sömu sögu að segja. Við urðum lítið varir við þessi skip, enda hafsvæðið

stórt, en stöðugt loftskeytasamband milli skipanna færði fréttir af aflabrogðunum. Það mátti líka heita eina samband okkar við umheiminn. Ekkert heyrðist í íslenska útvarpinu og lítið í öðrum útvarpsstöðvum, nema á óstöðugri stuttbylgju sem lítið

var á að græða. Það voru kannske ekki svo mikil viðbrigði vegna þess að yfirleitt var ekki hlustað á útvarp við vinnu á dekki. Undantekning var þó að einstaka sinnum var hátalara stungið út um brúarglugga meðan „Óskalagaþáttur sjómanna“ var fluttur, en nú var ekki um það að ræða. En áreiðanlega söknuðu flestir útvarpsfréttanna að heiman.

Talsverð leit um hafsvæðið í upphafi veiðanna breytti litlu um aflabrogðin og lengst af vorum við að skarka sem næst þeim stað þar sem við hófum veiðar. Það gátum við merkt af því að við toguðum æði oft framhjá flaki, sem sagt var að væri af doríu-veiðiskipi, sem hafði sokkið þarna á svo grunnu vatni að endar á möstrunum, sem héngu öfug í reiðanum, stóðu upp úr yfirborði sjávar og kallinn virtist nota þetta sem einskonar bauju við veiðarnar.

Veðurfar á veiðisvæðinu var fremur leiðinlegt, kalsasuddi og flesta daga fremur hráslagalegt, en ekki man ég eftir neinu stórvíðri né miklum frostum svo orð væru á því hafandi.

Þessi slaka veiði í upphafi gerði mönnum ljóst að veiðiferðin gæti hugsanlega dregist á langinn og orðið lengri en ráðgert hafði verið í upphafi. Fljólega kom líka í ljós að menn höfðu áhyggjur af fleiru en takmörkuðum kosti í löngum túr. Það kvisaðist sem sé að tóbak var í lágmarki hjá flestum, sem á annað borð reyktu í skipshöfninni, en vonir voru bundnar við

Á þessum tíma, þegar samgöngur við Siglufjörð voru með öðrum hætti en nú, jafnaðist það á við happdrættisvinning að ná í frítt far til Reykjavíkur.

Einstaka sinnum var hátalara stungið út um brúarglugga meðan „Óskalagaþáttur sjómanna“ var fluttur.

Óskum Siglfirðinga- félaginu til hamingju með 50 árin



Fjallabyggð

Reykjavíkur Apótek

LipoSan
ULTRA™



„Liposan Ultra hefur ótrúlega góð áhrif á meltinguna, svo er algjör bónus að frá því að ég byrjaði að taka Liposan Ultra hef ég lést um 3 kg og haldið minni kjörþyngd síðan. Ég tek alltaf 2 hylki með aðal máltíðum dagsins.“

Gunnur Andrea Jóhannsdóttir

Náttúrulega leiðin til að léttast

- ▶ Náttúrulegar trefjar
- ▶ Bindur fitu úr fæðunni
- ▶ Jákvæð áhrif á kólesteról
- ▶ Gott fyrir meltinguna

Íslensk framleiðsla



Fæst í apótekum, Fjarðarkaup, Krónunni, Hagkaup og fleiri verslunum um land allt.



að sá vandi myndi einnig leysast við komuna til Færeyinga-hafnar. Enda voru margir orðnir ópolinmóðir að bíða þess að stefnan yrði sett á Færeyingahöfn og hressst upp á birgðirnar.

Síðasta kjötmáltíðin

Sunnudag nokkurn var tilkynnt að nú yrði borin á borð síðasta kjötmáltíðin. Kartöflur voru löngu þrotnar svo þær voru ekki á „matseðlinum“, en höfuðrétturinn var einskonar smásteik úr hrossakéti, minnir mig. Einhverskonar sósa var lögud úr síðasta hveitinu sem til var og borin fram með kjötinu. Ég var svo heppinn að ég hafði séð þegar hveitiskúffan var tæmd úti á dekki og í henni leyndist eitthvað af smávöxnum, hvítum möðkum sem enduðu ævina soðnir í sósunni. Ekki hvarflaði að mér annað en að borða sósuna, en ég verð að viðurkenna að ég skoðaði hana af mikilli nákvæmni og safnaði möðkunum á diskbrúnina því ekki get ég sagt, þó svangur væri, að mig langaði til þess að gæða mér á þessum kræsingum, en ekki gat ég samt hugsað mér annað en að ljúka við kjötið þó einhver aðskotadýr væru í sósunni.



Rósmundur Guðnason.

Rósmundur og lýsið

Rósmundur Guðnason var bræðslumaður á Hafliða í þessum tús og þó fiskirí væri fremur tregt og fiskurinn lifrarlítill, var oftast eitthvað um að vera í bræðsluplássinu. Þegar við höfðum verið matarlausir í nokkurn tíma og þess farið að gæta á holdafari manna, svo að á sá, fannst Rósa tími til kominn að blanda sér í málin. Hann var upp frá þessu óþreytandi og notaði hvert tækifæri sem gafst til þess

að hvetja okkur sem unnum á dekkinu til að koma við hjá sér í bræðslunni á vaktaskiptunum og fá okkur lýsi. Það myndi slá á hungurtilfinninguna hjá okkur og auðvelda okkur að fást við störfina á dekkinu. Ég verð að viðurkenna að ég, sem þekkti ekki annað en lýsisgjafirnar í barnaskólanum, var mjög vantrúaður á þessa staðhæfingu Rósmundar um kraftinn í lýsinu, en lét þó að lokum til leiðast að prófa hugmynd Rósa og varð, áður en túrnum lauk, einn af fastagestum hjá Rósmundi. Hann notaði stóra emileraða ausu við að fleyta lýsinu ofan af soranum sem settist á botninn í bræðslukörnum. Hana notaði ég einnig til þess að drekka úr og drakk oftast fulla ausu. Lýsið var volgt og algerlega bragðlaust svo að þetta líktist á engan hátt lýsisgjöfinni í barnaskólanum þar sem börnin voru þvinguð til að taka inn lýsi sem var orðið bæði þrátt og bragðvont. Mér verður æði oft hugsað til Rósmundar með þakklætiskennð þegar ég stend fyrir framan ísskápinum heima hjá mér með lýsisflöskuna í höndunum, því upp frá þessu hef ég tekið lýsi í stórum skömmtum og er sannfærður um hollustuna og kraftinn sem býr í lýsinu. Fljótlega kom í ljós að Rósmundur hafði á engan hátt ýkt hin góðu áhrif af lýsis-

tökunni og varð innilega glaður þegar við sem fórum að hans ráðum urðum stöðugt fleiri. Því það kom í ljós að við stóðum miklu betur af okkur kulda og vosbúð og horuðumst ekki eins sýnilega niður og þeir gerðu sem ekki nýttu sér lýsi.

Burt með helvítis rússann

Leggurinn, sem festur var á höfuðlínuna var svo settur í ferliðu á keisnum og hífaður í botn þar til hægt var að setja snörlu á leysin og síðan var belgurinn snörslaður inn og trollið afgreitt á venjulegan hátt.

Þegar við höfðum verið matarlausir í nokkurn tíma og þess farið að gæta á holdafari manna svo að á sá, fannst Rósa tími til kominn að blanda sér í málin.

Sjómenn sem höfðu verið við veiðar í Barentshafi tóku heim með sér fleiri nýjungar en Andanesljósinn, sem nú eru orðin lögboðin siglingaljós og notuð eru til að gefa til kynna að veiðarfæri torveldi stjórn skipsins. En annað tól sem menn höfðu séð rússneska sjómenn nota við að afgreiða trollið á síðutogurum var sokaður rússi. Þetta var hanafótur gerður úr grannri vírmanilla, sem var benslaður á höfuðlínuna og á belgleysin aðeins neðan við fyrstu spóluna í belgnum. Leggurinn, sem festur var á höfuðlínuna, var svo settur í ferliðu á keisnum og hífaður í botn þar til hægt var að setja snörlu á leysin og síðan var belgurinn snörslaður inn og trollið afgreitt á venjulegan hátt. Að þessu var verulegt hagræði því oftast var látið flatreka meðan trollið var tekið, og menn hópuðust í ganginn við hliðina á spilinu og drógu inn belginn með netakrökum, þar til hægt var að koma snörlunni

utanum belginn og byrja að nota spilið við að hífa hann inn. Stóðu menn þarna á síðunni, óvarðir og oft undir ágjöf og pusi, og æðimargir blotnuðu og fóru upp fyrir, sem kallað var, þegar öldur gengu inn yfir borðstokkinn og fylltu ganginn af sjó. Fyrirskipun kallsins, sem hann æpti út um brúargluggann, um að skera burtu rússann kom þess vegna öllum sem unnu á dekkinu við að afgreiða trollið jafnmikið á óvart, og það sem gerði þessa ákvörðun Puttans um að fjarlægja rússann alveg fáránlega, var að í svo til hverju holi var trollið hálfullt af botngróðri, sem ýmist var kallaður ostur eða nálapúðar vegna þess að lögunin minnti á stóra osthleifa og þyngslin á þeim eftir því, en væru þeir brotnir virtust þeir fullir af smánálum sem orsökðu kláða og óþægindi í greipum ef þeir voru handleiknir, sem stundum var óhjákvæmilegt. Þessi ákvörðun kallsins um að fjarlægja rússann var því illskiljanleg og Karl Pétursson, sem var stýrimaður vinnandi á dekkinu í þetta sinn, lét kallinn endurtaka skipunina áður en við fjarlægðum „helvítis rússann.“

Ef til vill hefur Einar haldið að vírmanillan, sem stundum varð eins og gormur ef hún náði að slúðra á spilkoppnum, hafi takmarkað opnunina á skvernum og þar með dregið úr afla, en ekki jókst fiskiríði þó rússinn væri fjarlægður, en við vorum eftir það mun lengur að afgreiða trollið og hundblotnuðum oft, ef sjóir fylltu ganginn.

Dorían

Einn morgun um vaktaskiptin var mikið um að vera bakborðsmegin á dekkinu. Verið var að afgreiða trollið og kallinn stjórnaði verkinu með fyrirskipunum og ópum út um brúar-



Daglegar ferðir til og frá
Siglufirði með Eimskip Flytjanda

| Eimskip Flytjandi, Klettagörðum 15 | 104 Reykjavík | Sími 525 7700 |

EIMSKIP
Flytjandi

**KANNAÐIST EKKI
VIÐ LYKTINA**

Jóni Gíslasyni - Nonna pósti þótti góður sopinn og var oft góðglaður við póstburðinn.

Nonni þurfti að bregða sér af bæ og fékk afleysingamann í skarðið.

Leifi Hólm múrari innti Jón eftir því hvaða maður þetta hefði verið.

- Andskotann að það komi þér við, svaraði Jón með þjósti.

- Nei sagði Leifi með hægð, ég kannaðist bara ekkert við lyktina af honum!

Óskum Siglfirðingafélaginu til hamingju með 50 árin  

ÓSKUM
SIGLFIRÐINGA-
FÉLAGINU 
TIL HAMINGJU
MEÐ 50 ÁRIN


**Fiskbúð Siglufjarðar
Abbý & Eysteinn**

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin


BÁS
Vélaleiga
Steypustöð

gluggann, eins og hann var vanur. Einhverjar hífingar áttu sér stað svo kojuvaktinni var bent á að fara stjórnborðsmegin afturí. Það síðasta sem heyrist í kallinum var að hann hrópaði: „Þið verðið bara að skera á þetta.“ Þegar farið var að spyrjast fyrir um hvað hefði eiginlega gengið á þarna bakborðsmegin kom í ljós að aflinn í þessu holi var doría sem hafði sokkið þarna á svæðinu. Í fljótu bragði virtist hún ekki ekki mikið skemmd. Henni var svo dröslað upp á keis og fest milli björgunarbátanna og þar átti hún að vera til að þurrka hana. Þegar farið var að spyrja nánar um hvað kallinn hefði verið að hljóða og hvað hefði átt að skera varð Steini, bróðir Budda Jóhanns, fyrir svörum. Hann var góður félagi og skemmtilegur og mikill æringi. Hann fann á spurningum eldri manna að einhver beigur var í þeim og greip tækifærið til að auka á þá tilfinningu með smá ósannindum en honum sagðist svo frá að fast í doriunni hefði verið lík af sjómanni í hvítum bússum og kallinn hefði verið að skipa fyrir um að skera það í sjóinn aftur. Sannleikurinn var aftur á móti sá að hann var að skipa fyrir um að skera gat á skverinn, svo hægt væri að hífa doriuna upp úr belgnum þá leiðina. Ekki leið á löngu þar til eldri mennirnir voru farnir að sjá sjómanni í hvítum bússum bregða fyrir í bakborðsganginum og Steini J. tók duglega undir þetta og staðfesti að þetta hefði ekki verið missýning hjá þeim.

Það sem eftir var af túrnunum kvað svo rammt að þessu að margir fengust alls ekki til þess fara bakborðsmegin aftur eftir skipinu, jafnvel þó þeir leggðu sig í talsverða hættu með því að fara stjórnborðsmegin, ef vindur stóð upp á þá síðuna.

Færeyingahöfn

Þegar það fréttist að nú ætti loksins að fara til Færeyingahafnar urðu margir fegnir því að þar stóðu vonir til að vandamálin myndu leysast og endir bundinn á skort á tóbaki og matvælum og fleiru því sem hafði verið að kvelja okkur. En óhætt er að segja að lausn fyrirfannst engin og þarna urðu á vegi okkar endalaus vonbrigði. Togarinn Elliði var þarna í höfn á sama tíma. Við hittum að visu félaga okkar þar um borð, og þeir báru sig mjög vel og sögðu að matsveinarnir á Elliða hefðu fljótlega séð fram á matarskort og tekið upp stífar skömmtunarreglur. Þeir höfðu heldur ekki þurft að matreiða fyrir hóp af farþegum í upphafi ferðar því þeir höfðu allir farið með Hafliða, sem fór aðeins fyrr frá Siglufirði. Okkur var meira að segja boðið upp á kaffi og kringlur, en ekki voru þeir aflögufærir að öðru leyti.

Það eina sem fékkst í Færeyingahöfn var vatn og olía til að ljúka túrnunum og til heimferðarinnar. Færeyingarnir afsökuðu vöruskortinn hjá sér með því að síðasta birgðaskipið



Hafliði SI-2 klakaböndum.



að borga með hveiti og sykri sem þeir áttu nægar birgðir af. Við yrðum aftur á móti að koma aftur til hafnar, skipa lúðunni í land og sækja greiðsluna. Kallinn samdi um þessi vöruskipti fyrir okkar hönd.

Við snérum aftur samdægurs til að missa ekki af viðskiptunum, sekkjavaran var flutt að skipshlið á litlum traktor og tókum við Sigurður

Finnsson, loftskyeitamaður, á móti varningnum og réttum hann innfyrir lunninguna. Við vorum búnir að taka á móti tveimur hveitisekkjum og einum sykarpoka þegar fyrirbandið á seinni sykarpokanum losnaði og pokinn tæmdist á augnabliki í sjóinn. Sigurður greip í tvö horn á tómunum pokanum og hristi hann eins og hann væri að ganga úr skugga um að hann væri alveg tómur. Kallinn renndi brúarglugganum niður og æpti heldur hranalega til okkar Sigurðar og skipaði okkur báðum niður í lest til að umsalta. Þar mætti kannski hafa eitt-hvert gagn af okkur ef við ynnum þar undir stjórn manna sem kynnu til verka og hægt væri að treysta.

Við vorum ekki mjög borubrattir þegar við skreiddumst niður í lestina og Siggí var eitthvað að tuldra um það að kallinn hefði enga heimild til að skipa sér til vinnu í lestinni, en lét þó kyrrt liggja fyrst um sinn.

Kaffi, sykraðar pönnukökur og kæfa

Birgðir fóru minnkandi á fleiri en einu sviði því þegar við fórum frá Færeyingahöfn kom fljótlega í ljós að farið var að sneiðast um lesefni í skipinu. Við Guðni Gests, sem var bátsmaður í þessum túr, höfðum fengið kojur aftur í káetu og klefafélagi Guðna var Rósmundur Guðnason, bræðslumaður, en ég deildi klefa með Vagga í Bakka, sem var kyndari. Þegar við höfðum leitað án árangurs að lesefni frammi í vistarverunum í lúkarnum brugðum við á það ráð að stelast til að lesa svotil nýjar, eða nýlegar, bækur eftir Guðrúnu frá Lundi. Ekki man ég nöfnin á þeim, en hugsanlega hefur þetta verið Dalalíf eða einhverjar álíka. Bækurnar voru geymdar í einni kojunni í stóra klefanum aftast í skipinu og greinilegt að eigandanum stóð ekki á sama hvað yrði um bækurnar En þessi bókafundur reyndist skammgóður vermir vegna þess að á þriðju eða fjórðu hverri blaðsíðu stóð húsfreyjan önnur kaf-

in og hitaði kaffi og bakaði pönnukökur fyrir aðalsöguhetjuna, sem oftast kom þeysandi í hlað á hvítum gæðingi og honum greinilega efst í huga að komast á kvennafar. Þessar athafnir virtust nokkuð fjarri sjómennskunni sem við stunduðum, en lýsingarnar nægilega lifandi til að vekja hjá okkur hungurtílfirningu og sára löngun í kaffi og nýbakaðar pönnukökur. Við Guðrún höfum upp frá þessu ekki átt auðvelt með að ná saman og ég hefi ekki talið hana með mínum uppáhalds höfundum, þó svo að vegur hennar sem rithöfundur hafi farið vaxandi nú á síðari árum.

Þegar við vorum að tæma frystinn af stórlúðunni kom í ljós stórt kæfustykki, sem af einhverjum ástæðum hafði gleymst þarna í frystiklefanum. Stykkið var flutt fram í eldhús og látið þiðna þar og síðan var það skorið niður í bita á stærð við jólakökusneiðar og étið með kaffi, sem einhverra hluta vegna hafði enn ekki þrotið.

Drengskaparbragð og dulinn hæfileiki

Einna erfiðast reyndist, eftir vonbrigðin með vöruskortinn í Færeyingahöfn, vera að sætta sig við tóbaksleysið. Eirðarleysi og sár löngun í tóbaksreyk fyllti stöðugt huga manns meðan fráhrarfseinkennin voru sem verst. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst, en svo reyndist að minnsta kosti vera tilfellið með okkur þremmenningana sem áttum athafnasvæði í afturganginum, stjórnborðsmegin.

Guðni var pokamaður og slakaði út stjórnborðsvírum. Ég aðstoðaði við afturhlerann, húkkaði úr og í og Steindór Kristjánsson, Sigtryggssonar, sá um Messesérann og tók í blökkina. Þarna myndaðist einskona grúppa sem var bæði samhent og samtaka og staðsett í afturganginum, lengst af stjórnborðsmegin. Kallinn kom stöku sinnum aftur að blökkinni til að þreifa á vírunum til þess gæta að hvort trollið sæti ekki á botninum, og lét svo slaka í vírana sitt á hvað þar til hann varð ánægður með áferðina. Svo fór hann aftur upp í brú og þá gafst andartakshlé. Það var eitt sinn, þegar svo stóð á að Steini fór að ræða um tóbaksleysið en trúði okkur Guðna fyrir því að hann hefði fundið hjá sér bréf af Grunó reykstóbaki með afgangi í, sem myndi duga okkur í nokkrar pípur ef við færum sparlega með. Þessar leynilegu reykingar, því leynilegar urðu þær að vera, voru fljótlega kallaðar „að fá sér í friðarpípu“ því við létum eina pípu ganga á milli okkar þriggja. Allt í einu og fyrirvaralaust heyrðist fjórðu röddinni bregða fyrir þarna í ganginum. Röddin mælti á framandi tungu. Sjómaðurinn í hvítu bússunum var það fyrsta sem flaug í gegnum huga

manns en hann átti að vera í bakborðsganginum svo þetta gekk ekki upp, en náttúruleg skýring kom fljótlega í ljós. Áhrifin af friðarpípunni verkuðu þannig á Steina að hann fann hjá sér sterka löngun, sem hann lét undan, að herma eftir einsetumanni sem bjó utarlega á Saurbæjarásnum heima á Siglufirði og kallaðist Norgaard. Hann var danskur að þjóðerni en var gjörsamlega búinn að glata móðurmálinu, án þess að hafa tileinkað sér annað í staðinn. Útkoman varð einhver illskiljanlegur hrærigrautur sem varð sprenghlægilegur þegar reynt var að herma eftir tungutakinu. Steini var einnig gæddur þeim frásagnarhæfileika góðra sögumanna, að hann breyttist í útliti og fasi í persónuna sem hann var að herma eftir, og það var engu líkara en að Norgaard væri sjálfur staddur þarna hjá okkur.


Við veltumst um af hlátri, enda ekki hægt annað. En Steini Kr. var ekki áfjádur í að endurtaka leikinn þó að við sárþændum hann. Það gerði hann aðeins í örfá skipti það sem eftir var af tórnum. Enda held ég að þessi hæfileiki hans hafi ekki verið á margra vitorði, því Steini Kristján var hlédrægur og hafði sig oftast lítið í frammi og forðaðist að vera áberandi.

Í millitíðinni kom Rósmundur að máli við Guðna. Hann reykti ekki sjálfur en sagðist hafa fylgst með umræðunum um tóbaksleysið sem var að kvelja mannskapinn. Hann sagði að sér hefði oft

komið á óvart þegar menn voru að skilja eftir í öskubökkunum uppi í borðsal heilar og hálfar sígarettur, og þó að hann reykti ekki sjálfur þá hefði hann safnað þessu saman og ætti hér um bil hálfan kaffifant af þessum sígarettu-afgöngum og Guðna væri velkomið að eiga þetta ef hann teldi sig geta notað það. Guðni sá sér leik á borði að upplagt væri að rífa þetta sundur og blanda saman við Grunó afganginn hjá Steina. Úr þessari blöndu varð viðunandi reykstóbak, samanber orðtakið forna að flest er hey í harðindum. Þetta var stórkostleg búbot og friðarpípunum fjölgaði heilmikið við þetta.

Róið yfir í Elliða

Morgun einn um vaktaskiptin var greinilegt að eitthvað stóð til öðruvísi en venjulega. Skipið var stopp með stjórnborðstrollið á síðunni en pokinn lá á miðdekkinu, klár til að hífa útbyrðis. Elliði var þarna mjög skammt undan og greinilega voru þeir að ganga frá veiðarfærunum á svipaðan hátt og gert hafði verið hjá okkur. Kallinn kallaði til okkar Guðna að við ættum að taka timburfleka ofan af stjórnborðsbjörgunarbatnum og sækja þar tvær árar og setja niður í ganginn. Síðan áttu allir að



hjálpast að við að koma doriunni niður í gang. Steini Jóhanns sagði okkur að til stæði að róa yfir í Elliða með hveitisekkinn og slatta af sykri í poka og þetta væri hlutur Elliðamanna af viðskiptunum með stórlúðuna, að frádregnum sykrinum sem við Siggi Finns misstum í sjóinn. Steini sagðist hafa boðist til að róa með þeirra hlut yfir í Elliða á doriunni, enda væri hann þaulvanur ræðari og bilið milli skipanna yrði haft örstutt og svo væri Sigurjón bróðir hans í áhöfninni og hann ætlaði að heilsa upp á strákinn. Við settum pokana í skutinn á doriunni sem við hengdum í skipið með netakrókum í spottum og eftir að hafa fundið þyngdarpunkt og jafnvægi, svona um það bil, gerði Steini sig líklegan til að ýta doriunni frá skipshlið. Þá kom í ljós það sem enginn virtist hafa hugsað út í, að árarar voru allt of langar fyrir svona lítinn bát eins og dorian var. Henni hafði verið snúið í átt að Elliða svo vart var um annað að ræða en að reyna að bagsast áfram. Steini lamdi sjóinn með árunum eins og hann ætti lífið að leysa og róðurinn var heldur óburðugur hjá honum, enda trúði hann okkur sem tókum á móti honum þegar hann kom til baka, fyrir því að hann hefði aldrei á ævinni orðið jafn skelkaður eins og í þessari stuttu ferð. Í fyrsta lagi var ógjörlegt að róa með þessum löngu árum og svo hefði dorian verið svo mígandi lek að litlu hefði mátt muna að hún fylltist af sjó áður en hann náði aftur á milli skipanna. En allt endaði þetta þó slysalaust í þetta sinn.

(Steini Jóhanns fór sína síðustu sjóferð með togaranum Júlí frá Hafnarfirði sem sökk í fárviðri á Nýfundnalandsmiðum 9. febrúar 1959. Þar hvarf góður drengur í hafið ásamt skipsfélögum sínum.)

Kallinn biður um lengri túr

Skömmu eftir þennan róður milli skipanna kallaði Einar skipstjóri á mig upp í brú og bað mig, sem trúnaðarmann skipshafnarinnar, að ræða við félagá mína um að ljúka við túrinn. Hann sagðist vita að við værum búnir að vera matarlitlir um skeið og spurði hvort við værum ekki tilbúnir til að halda áfram veiðum um dálítinn tíma ennþá og gera túrinn góðan. Ég fokreiddist og sagði kallinum að hann hefði greinilega ekki réttar upplýsingar um ástandið á skipinu, því við værum búnir að vera matarlausir í langan tíma og ég treysti mér ekki til að biðja mannskapinn um að halda áfram við óbreytt ástand, en við hefðum rætt það okkar á milli að það myndi laga ástandið ef kokkarnir væru látnir elda fisk og bera á borð á öllum vaktaskiptum. Kallinn sagði að lokum að það væri ekki vandamál að breyta því fyrirkomulagi á máltíðum og ég fór og talaði við strákana sem féllust á að halda áfram á veiðum um skeið, en bölvuðu jafnframt helvítis kokkunum fyrir að bera mat í kallinn þegar þeir færðu honum mat upp í brú og leyna þannig raunverulegu ástandi matarforðans. Ekki man ég hvað marga daga við vorum á veiðum eftir fundinn með kallinum, en hitt man ég að ekki jókst fiskirífið mikið en skipið færðist smátt og smátt í suður með vesturströndinni, og við vorum nægilega lengi á veiðum til þess að mér fannst ég vera búinn að éta minn skammt af stórlúðu sem var elduð í hvert mál, það sem eftir væri ævinnar. Brátt kom að því að bæði trollin voru bundin upp, skipið gert klárt fyrir heimsiglingu og stefnan sett austur á bóginn. Veðrið hélst gott áfram. Þegar við vorum um það bil yfir miðjum álnum milli Hvarfs og Íslands gaf kall-



JE-VÉLAVERKSTÆÐI

Gránugötu 13 • 467 1296
Siglufirði



www.sigloseigur.net



Réttingaverkstæði Jóa

ŠKODA



Das Auto.



Audi
Vorsprung durch Technik

Réttingaverkstæði Jóa hóf starfsemi sína 1998. Árið 2009 stækkaði verkstæðið og býður upp á fullkominn tækjabúnað s.s. sprautuklefa frá OMIA, tvö vinnustæði með sogi, réttigabekki frá CAR-O-LINER og bílalakk frá Sikkens.



inn skipun um að báðir pokarnir við afturgálgana yrðu tæmdir og innihaldinu fleygt í sjóinn. Innihaldið sem var uppsafnað úrgangsefni, svo sem gamlir rópar, netastykki og vírmanilla og fleira, sem öllu hafði verið safnað saman í túrnum, var ætlað til sölu í endurvinnsluverkstæðum erlendis. Andvirðið máttu yfirmenn á dekkinu, það er bátsmaður og stýrimenn, hirða til þess að drýgja tekjurnar og auka gjaldeyrinn sem skammtaður var í svona siglingatúrum eins og nú stóðu fyrir dyrum. Þessi meinsemi í kallinum var ekki fallin til að auka á vinsældir hans heldur jókst urgurinn í mannskapnum, og var hann þó nægur fyrir. Að lokum kom sérstök og skýr skipun um að henda doriunni fyrir borð. Hún hafði fylgt okkur allan þennan tíma, sem við vorum á veiðum, en engin skýring var gefin á þessari skipun.



Stolist í björgunarbát

Ætli það hafi ekki verið um það bil sem okkur Guðna var skipað að ná í árarnar í björgunarbátinn að það kviknaði hjá okkur hugmynd um að stelast í björgunarbátinn og ná okkur í eitthvað matarkyns. Við ræddum þessa hugmynd okkar í milli í hálfum hljóðum og gættum þess að enginn kæmist á snodir um hvað við vorum að ráðgera. Við vorum komnir á langstím og engin umferð um bátadekkið nema að þeir sem voru á stímvakt gengu á föstum tímum aftur í skut til þess að lesa á loggið. Við skipulögðum innbrotið þannig að ég lyfti tréhleranum og var á vakt, en Guðni skreið upp í bátinn og átti síðan, þegar ég gaf honum merki um að öllu væri óhætt, að rétta mér ránsfenginn. Þófturnar í bátunum voru tvöfaldar og í bilinu sem þannig myndaðist var birgðunum komið fyrir. Ekkert ljós var í bátunum og var það því tilviljun háð hvað við hirtum, en við höfðum komið okkur saman um taka aðeins eitthvað smáræði. Það sem við fórum með niður í lýsishús, sem var fyrir miðjum skutnum, var kílóðós af einhverju kjötmeti og 1 pakki af kexi sem var vandlega pakkað í vatnspéttar umbúðir. Við fórum fram í eldhús og sóttum dósahníf til að opna kjötðósina, en vonbrigðunum verður vart lýst þegar í ljós komu tæringarblettir í lokinu og dósinni sjálfri. Við komum okkur saman um að skömminni skárri væri að drepast úr hungri fremur en að drepa sig á því að éta stolið og skemmt niðursoðið kát. Við hentum því dósinni í sjóinn og skiptum kexinu á milli okkar en átum aðeins hluta af því,

Stóðu menn þarna á síðunni, óvarðir og oft undir ágjöf og pusi, og æðimargir blotnuðu og fóru upp fyrir, sem kallað var, þegar öldur gengu inn yfir borðstokkinn og fylltu ganginn af sjó.



því það var þurr og ekki eins ljúffengt og við bjuggumst við en við geymdum smávegis til þess að eiga til morguns. Ég vafði afganginn sem ég var með, kyrfilega inn í sængurfötin í kojunni minni.

Þess vegna hrökk ég í kút og fyrsta hugsunin sem flaug gegnum huga minn var: Allt komið upp, þeir vita nú þegar að við stálumst í björgunarbátinn, því um morguninn eftir ránið vakti Vaggi, klefafélagi minn, mig með því að nudda kekköku undir nefið á mér. Þetta var samskonar kekkaka og ég hafði pakkað svo vandlega inn í sængurfötin mín kvöldið áður, en Vaggi sagði bara brosandí út að eyrum: „Kallinn lét fara í björgunarbátana í gærkvöld og lét taka úr þeim kex og dósamjólki og nú eru

kokkarnir að sjóða hafragraut og það bíður eftir þér hafragrautur og mjólk þegar þú kemur upp í borðsal.“ Það létti af mér þungu fargi að fá að vita að ennþá var heimsókn okkar Guðna í björgunarbátinn aðeins á vitorði okkar tveggja og við komum okkur saman um að segja aldrei neinum frá gjörðum okkar og við það hefi ég staðið, því þetta er í fyrsta sinn sem ég hefi sagt frá þessu

ævntýri okkar Guðna. Ég komst að því löngu seinna að okkur hefði verið óhætt að borða kjötið úr dósinni sem við hentum því skemmdirnar voru aðeins í lakkinu og dósinn ekki farin að bólgnu, sem er öruggt merki um skemmt innihald. Þarna sannaðist fyrir okkur: Crimes does not pay ... en ég hraðaði mér upp í borðsal og borðaði þar þann allra besta hafragraut sem ég hef á ævinni smakkað. Enska dósamjólkin var dísæt og þykk eins og rjómi og gerði grautinn að algeru sælgæti, enda fyrsta máltíðin sem ég hafði lengi borðað að stórlúðunni frátalinni.

Slóað í Flóanum

Síðasta morguninn á siglingunni til Íslands vaknaði ég við það að vélin var hætt að snúast og þegar spurt var um hvort ástæðan væri vélarbilun, eða að eitthvað væri fast í skrufunni, var því svarað til að ekkert væri að vélarbúnaði. Það sem hefði

gerst væri að kallinn hefði hringt niður í vélarrúm og fyrirskipað að stöðva vélina og jafnframt hægja á kyndingunni svo að ekki blési út. Líklega ætlaði hann sér að raka sig vandlega og fara í bað áður en við kæmum til Reykjavíkur. Skipshöfninni var ógerlegt að skilja að til þess hefði verið nauðsynlegt að stöðva skipið, og enn frekar var erfitt að skilja að þegar aftur var lagt af stað utarlega í Faxaflóanum var bara sett á slow ferð og aðeins lullast inn að bryggju í Reykjavík.


Kokkarnir töldu að þeir væru búnir að reikna út þessa furðulegu hegðun kallsins. Hún byggðist á því að hann ætlaði sér að ná nóttinni heima áður en lagt væri af stað í siglinguna daginn eftir. Síðar kom í ljós að þeir höfðu rétt fyrir sér. Þegar skipið lagðist að bryggju var Eyþór Hallsson mættur á bryggjunni og stóð þar ásamt 50 lítra mjólkurbrúsa og einum kassa af kremkexi og þegar þetta var komið um borð var okkur sagt að eta og drekka af þessum kræsingum eins og við gætum í okkur látið og ekki þurfti að hvetja okkur mikið til þess að framfylgja því. Það var kallað í mig enn einu sinni, sem trúnaðarmann skipverja, að ræða við kallinn og Eyþór. Þar sagði Eyþór að fjárhagur útgerðarinnar hefði lítið batnað á meðan við vorum í túrnunum, svo við gætum ekki reiknað með mikilli peningaúttekt fyrr en búíð væri að selja aflann úti í Danmörku. Hann gæti þó hugsanlega sjálfur lánað útgerðinni peninga, sem dygðu til að þeir sem ekki færu í siglinguna fengju 100 krónur, „en það er auðvitað tilgangslaust“, bætti hann við, „því þeir fara bara beint í ríkið og kaupa sér brennivín“ (flaskan kostaði á þessum

tíma sléttar 100 krónur). Ég svaraði Eyþóri að bragði og sagði að vafalaust færu einhverjir í ríkið og fengju sér flösku, en á þeirri forsendu væri algerlega óforsvaranlegt að neita mönnum um peningaúttekt. Við værum að koma úr löngum og erfiðum túr og hefðum verið matarlausir meiripartinn af túrnunum og það væri óforsvaranlegt ef hægt væri að útvega peninga, þó ekki væri nema 100 krónur á kjaft, að láta mannskapinn ekki hafa þessa aura til að kaupa sér matarbita. Eyþór tindi þá aurana á borðið og mannskapurinn mætti einn og einn til þess að kvitta fyrir hundraðkallinn. Ég verð að viðurkenna að ég slóst í för með þeim sem fóru í ríkið og fengu sér flösku. Á eftir fórum við Guðni saman heim til Sjafnar systur hans og hún tindi á borð fyrir okkur allt sem hún átti matarkyns í húsinu. Það hrökk heldur skammt til að slökkva hungurtilfinninguna svo að við fórum aftur niður á kaja. Þá var komið að Einari og kokkarnir reyndust sannspáir varðandi áform Einars, því þarna sagði hann að Siglufjarðarskarð væri ófært og best væri fyrir okkur sem færum til Siglufjarðar að sofa bara um borð í nótt

og fara norður á morgun og þá yrði einhvern veginn hægt að koma okkur alla leið. Ég sagðist ætla að bera þetta undir strákana (þó ég vissi hvert svarið yrði). Þeir höfðu náð að tala við Búdda á Sleitustöðum, sem var mættur á rútunni niður á bryggju, og staðfesti hann að Skarðið væri lokað. En hugsanlega væri hægt að fá gistingu í Fornahvammi og keyra svo á Sauðárkrók daginn eftir. Enginn var tilbúinn að eyða nóttinni um borð, nema þeir, sem ætluðu að fara í siglinguna. Tveir menn frá Siglufirði voru mættir til að fara með skipinu sem


Ekki leið á löngu þar til eldri mennirnir voru farnir að sjá sjómanni í hvítum bússum bregða fyrir í bakborðsganginum og Steini J. tók duglega undir þetta og staðfesti að þetta hefði ekki verið missýning hjá þeim.

„Strákar sjáiðið hvað hann Búddi er klár bílstjóri. Hann þarf ekkert að sjá veginn sem hann er að keyra, bíllinn ratar þetta sjálfur.“

Óskum Siglufirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin

Verið ávallt velkomin

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
JÓNASAR

Óskum Siglufirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin

 **IceTransport**

Innflutningur - Útflutningur
Hraðsendingar - Flugfrakt - Sjófrakt

farþegar til Danmerkur. Það voru þeir Þóroddur Guðmundsson, sem var í stjórn Bæjarútgerðarinnar, og Otto Jörgensen, símsstöðvarstjóri.

Búddi sagðist ætla að reyna að hringja í Fornahvamm og panta gistingu og kaffi fyrir okkur og að því loknu var okkur ekkert að vanbúnaði að leggja af stað norður. Gleðskapur jókst í rútunni þegar stefnan var sett norður á bóginn og byrjað að dreypa á veigunum sem menn höfðu tekið með sér í nesti. Það var tekið að rökva og Búddi sagðist reikna með að komast í Fornahvamm fyrir miðnætti ef allt gengi að óskum. Menn gerðust nokkuð háværir og glaðværð fór vaxandi í bílnum og greinilegt að hugsunin um að fara loksins að komast heim fyllti menn af hálfgerðri hundakæti. Júlí Jóhannskemmti sér við það, þar sem hann stóð aftan við bílstjórasetið, að grípa fyrir augun á Búdda meðan á akstrinum stóð og kallaði til okkar sem sátum aftar í bílnum: „Strákar sjáiðið hvað hann Búddi er klár bílstjóri. Hann þarf ekkert að sjá veginn sem hann er að keyra, bíllinn ratar þetta sjálfur.“ En Búddi taldi vissara að sjá veginn með eigin augum svo að hann fékk Svein mola og Bödda Björns til þess að taka sér sæti aftan við sig og passa uppá að Júlí gæti ekki endurtekið þessa skemmtun sína.

Við komum í Fornahvamm um miðnættið og þar beið okkar kaffi og smurt brauð en brauðið var af skornum skammti fyrir hungraða menn, og var því fljótt að klárast og létu nokkrir í ljós óánægju með veitingarnar. Búddi vildi gera gott úr þessu öllu og sagði þetta væri sér að kenna því hann hefði gleymt að láta þess getið að farþegar sínir væru langsoltin skipshöfn. Hann sagðist nú ætla að hringja í Pétur Helgason, sem fyrir skömmu hafði keypt Hótel Tindastól á Sauðárkróki og var þar nú vert, strax og síminn opnaði og biðja hann að elda góða kjötmáltíð ofan í glorhungraða menn og áætla skammtana ríflega. Búddi gerði þetta og Pétur lofaði öllu fögru um að áætla stóra skammta.

Svo hagaði til á hótelinu að lúga var á veggnum úr eldhúsinu og var maturinn réttur inn um hana á borð sem var raðað í vinkil í borðsalnum. Matarfötin voru fyrst sett á þann borðsenda sem næstur var lúgunni og tóku menn sem þar sátu hraustlega til matar og voru fljótir að tæma fötin, og handlönguðu þau tómu jafnóðum í eldhúsið þar sem þau voru fyllt á ný og sett á næsta borð. Ég hafði lent í sæti úti á enda sem var lengst frá lúgunni og yfirleitt var búíð að tæma fötin þegar þau komu til mín, því lengi var greinilega hægt að bæta á sig góðum bita þegar matarfötin voru handlönguð framhjá. Endaði þetta með því að þegar síðasta fatið var rétt til mín að ekki var á því einasta kjöttægja og samtímis var kallað úr eldhúsinu að allur matur væri búinn. Þegar ég kvartaði yfir að hafa ekki fengið matarbita var leitað gaumgæfilega í eldhúsinu og einhverjir gamlir kjötafgangar settir á disk og bornir á borð

fyrir mig og varð ég að gera mér þetta að góðu, en langt í frá var að þetta dygði til þess að seðja mig.

Pétur viðurkenndi að Búddi hefði beið um stóra skammta en sagðist aldrei hafa séð menn innbyrða önnur eins býsn af kjöti í einni máltíð, og líklega hlypi hressilega á þá þegar líða tæki á daginn. Menn sögðust ekki hafa neinar áhyggjur af því og stigu upp rútuna því nú var ferðinni heitið norður á Hofsós þar sem vélbáturinn Gróttu átti að bíða eftir okkur og flytja síðan til Siglufjarðar. Einhver vandkvæði höfðu verið á því að fá réttindamenn til þess að fara með Gróttu í þennan stutta



Hadda og Hannes nýtrúlofuð með Jón Baldvin á milli sín.

túr en Hjörleifur Magnússon, skráningarstjóri, var ófánlegur til þess að slaka á réttindakröfunum þó vitað væri að túrinn yrði stuttur. Brottför Gróttu hafði því dregist eitthvað fram eftir degi af þessum sökum. Skipstjóri í túrnum var, að því er mig minnir, Guðmundur Kristjánsson og vélstjóri var Aðalsteinn Friðfinnsson. Eitthvað hafði spurst út um matarleysið við Grænland því þegar við stigum um borð í Gróttu var kabýssan í lúkarnum rauðglóandi og Alli bauð upp á sjóðheitt kaffi og hrúgur

af smurðu brauði með rúllupylsu og fannst mér þetta algert sælgæti. Hungurtilfinningin sem fylgt hafði mér nærfellt frá því við stigum á land í Færeyingahöfn sagði loksins skilið við mig þarna í glóðheitum lúkarnum á gömlu Gróttu. Síðan tók við þakkklætiskennnd vegna þeirrar vinsamlegu móttöku sem Alli Finna stóð fyrir þarna um borð í Gróttu, því þó hún væri einföld og fábrotin var hún full af hlýju og notalegheitum.

Þegar við komum til Siglufjarðar var komið kvöld og farið að rökva og Gróttu var lagt í sitt venjulega lægi í Bátadokkinni norðan við Sunnubrakkann. Enginn mannföldi beið þarna á bryggjunni til að fagna komu okkar, enda fátt um leigubíla á Siglufirði á þessum tíma til að flytja mannskapinn heim. Engin ljós voru á Sunnuplaninu en þegar betur var að gætt sást að þar stóð í rökkrinu annar hópur fólks sem einnig beið eftir komu skipverjanna á Hafliða. Í þeim hópi stóð stúlkan sem ég hafði vonast eftir að sjá, því fyrr um sumarið höfðum við Hadda ákveðið að opinbera trúlofun okkar. Ég átti því erindi að reka í Reykjavík í upphafi ferðar, en það var að panta trúlofunarhringa hjá Sigurþóri gullsmið sem auglýsti daglega í blöðum að gæfa fylgdi trúlofunarhringunum frá sér.

Við settum upp hringana á byltingarafmælinu þann 7. nóvember og samkvæmt okkar reynslu, sem hefur nú varað í rúmlega hálfa öld, verður Sigurþór vart sakaður um að hafa lofað þessu með gæfuna upp í ermina.

Hafliði kom úr þessari söluferð í byrjun desember og var þá þegar hafist handa við að undirbúa nýjan túr og enn frekari breytingar voru í bígerð varðandi rekstur útgerðarinnar því skrifstofa síldarverksmiðjanna átti að taka yfir rekstur og uppgjör og fjármál skipanna og það var gert á traustan og fagmannlegan hátt og betur gekk að útvega mannskap á skipin eftir þessi umskipti.

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin.



... og Valgeir
Sigurðsson

TÓNLEIKAR 14. OKTÓBER 2011



Háskólakórinn og stjórnandi hans Gunnsteinn Ólafsson.

(Mynd: Kristinn Ingvarsson)

Spilmenn Ríkínís.

Í tilefni af 150 ára afmæli **Bjarna Þorsteinssonar** gengst Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar fyrir tónleikum í Grafarvogskirkju afmældisdaginn 14. október nk. Að sögn Gunnsteins Ólafssonar skipuleggjanda tónleikanna koma hátt á þriðja hundrað flytjendur fram á tónleikunum.

Þrjár kórar koma fram: Háskólakórinn, Flensborgarkórinn og Skólakór Kársness. Kristín Ólafsdóttir syngur íslensk þjóðlög í útsetningu Atla Heimis Sveinssonar og Spilmenn Ríkínís syngja og leika lög úr safni sr. Bjarna. Hlökkver Sigurðsson tenór og fleiri syngja lög eftir sr. Bjarna og von er á enn fleiri tónlistarmönnum. Aðgangseyrir að tónleikunum er kr. 2000 og rennur hann óskiptur til styrktar Þjóðlagasetrinu á Siglufirði. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00.

Óskum Siglufirðingafélaginu til hamingju með afmælið. Þökkum áskrifendum Hellunnar héraðsfréttablaðs í Fjallabyggð fyrir tryggðina á undanförunum árum og bjóðum nýja áskrifendur velkomna.

hellan@tunna.is

S: 467-1288

Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár

SIGLFIRÐINGAR SKEMMTA SÉR Á ÁRSHÁTÍÐ 1966



Frú Guðrún Björnsdóttir frá Kornsá í hópi gamla nemenda.

Frá vinstri: Jón Kjartansson, Sigurður Njálsson, Pálína Sigurðardóttir, Gunnar Bilddal, Vilhelmina Vilhelmsdóttir, Sigríður Aðalbjörnsdóttir, ónafngreindur, Hrönn Jónsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson, Guðrún Björnsdóttir, Barði Barðason, Sigríður Þorleifsdóttir, Ketill Ólafsson, Sigurlína R. Jónsdóttir, Ásbjörg Björnsdóttir, Indriði Pálsson, Rögnvaldur Sigurðsson, ónafngreindur, Jón Þorláksson.





Siglfirskur saumaklúbbur, makar og Gunnar Bílddal.

Karlar frá vinstri: Gunnar Bílddal, Gunnlaugur Briem, Kristján Steindórsson, Hannes Guðmundsson, Sigurður Njálsson, Þorvaldur Þorsteinsson, Vigfús Sigurjónsson. Konur frá vinstri: Góa Einarsdóttir, Margrét Egilsdóttir, Núra Kristjánsdóttir, Guðný Þorsteinsdóttir, Guðrún Tómasdóttir, Sigurjóna Sigurðardóttir, Jórunn Guðmundsdóttir, Jóhanna Andrésdóttir.



Árshátíð

Siglfirðingafélagsins

verður haldin í Sigtúni laugardaginn 12. febrúar n.k. og hefst með borðhaldi kl. 19.


DAGSKRÁ:

1. Ávarp séra Kristján Róbertsson.
2. Danssýning.
3. Joga akrobátík (Finninn Naunu Ahonen).
4. Ómar Ragnarsson.
5. Einsöngur: Steffani Anna Christopher.
6. Dans til kl. 2.

Aðgöngumíðar verða seldir í Tösku- og hanzkabúðinni á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis og kosta kr. 350.— en fyrir þá sem ekki geta komið á borðhaldið kr. 150.—

Siglfirðingar fjölmennið og takið með ykkur gestil. Tryggið ykkur miða í tíma. — Borðpantanir í Sigtúni frá kl. 3 árshátíðardaginn.

STJÓRNIN

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin



Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin



Ágætu Siglfirðingar og vinir!

Ég mun með ánægju kenna ykkur dans.

Dansinn er holl og góð hreyfing og veitir ómælda ánægju.

Prófaðu bara, til er ég.

Afmæliskveðjur til
Siglfirðingafélagsins
frá Heiðari Ástvaldssyni.



DANSSHÖLI



ÁSTVALDSSONAR ehf.
BÁRUGATA 5 · 101 REYKJVÍK
SÍMI 551 3129 · GSM 896 0607
E-MAIL heidarast@visir.is


Fiskmarkaður

Siglufjarðar ehf.

150 ÁR FRÁ FÆÐINGU SR. BJARNA ÞORSTEINSSONAR

Á Siglufirði er í undirbúningi mikil hátíð til að minnst 150 ára afmælis hins merka manns, Bjarna Þorsteinssonar. Bjarni er hinn stóri maður sögu okkar, andlegur og veraldlegur leiðtogi Siglufirðinga um tugi ára, hönnuður bæjarskipulags, tónskáld og síðast en ekki síst, þjóðlagasafnarinn sem bjargaði öðrum fremur þjóðlagarfi Íslands frá gleymsku og glötun.

Væntanleg hátíð verður haldin í samvinnu helstu stofnana byggðarlagsins; Sveitarfélagsins Fjallabyggðar, Þjóðlagaseturs, Ljóðaseturs, Tónlistarskóla Fjallabyggðar, Menntaskólans á Tröllaskaga, Grunnskóla Fjallabyggðar, Siglufjarðarkirkju og Síldarminjasafnsins.

Hugsunin er sú að það sé sameiginlegt áhuga- og metnaðarmál að halda í heiðri minningu okkar merkasta manns og að allir leggi eitthvað af mörkum.



DRÖG AÐ DAGSKRÁ

Hvanneyrarkirkjugarður 14. október kl. 17.00

Vígður nýr minnisvarði

Siglufjarðarkirkja 15. október kl. 14.00

Ávarp og fundarstjórn – Sr. Sigurður Ægisson

Ávarp bæjarstjóra, Sigurðar Vals Ásbjörnssonar

Söngur úr Þjóðlagabók sr. Bjarna – nemendur í Grunnskólanum

Líf og störf sr. Bjarna – Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður

Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Fjallabyggðar

Lesið úr nýrri ævisögu sr. Bjarna – Viðar Hreinsson

Hagyrdingurinn sr. Bjarni – atriði frá Ljóðasetri, Þórarinn Hannesson

Hver er sr. Bjarni fyrir ungu fólki? – Anita Elefsen

Tvö sönglög eftir Bjarna Þorsteinsson - fjöldasöngur

Rauðka kl. 15.30

Kaffi og afmælisterta í boði fyrirtækja og sveitarstjórnar

Kvæðasöngur, stjórnandi Guðrún Ingimundardóttir

Úr myndaalbúmi séra Bjarna – Örlygur Kristfinnsson

Bláahúsið kl 13.00 – 18.00

Sr. Bjarni í römmum nokkurra listamanna

Í fótspor sr. Bjarna - ljósmyndasýning Menntaskólans á Tröllaskaga

Siglufjarðarkirkja, sunnudagur 16. október kl.14:00

Hátíðarguðsþjónusta, tónlist sr. Bjarna flutt af kirkjukórum

Fjallabyggðar og Karlakór Siglufjarðar

ÁVALLT VELKOMIN

Geirabakarí óskar

Siglufirðinga- 

félaginu til hamingju

með 50 árin



GEIRABAKARÍ – Borgarnesi.

Óskum Siglfirðinga-
félaginu til hamingju
með 50 árin 

LUMEX

MÁLARAVERKSTÆÐIÐ
DODDI, MARK
OG STEBBI



Fuglar á Siglufirði:
[http://frontpage.simnet.is/
sksiglo/](http://frontpage.simnet.is/sksiglo/)




Gisthúsið Hvanneyri - Siglufirði
Guesthouse Hvanneyri

Aðalgata 10 - 580 Siglufjörður
www.hvanneyri.com - order@hvanneyri.com


Símar 467 1506 - 864 1850



Óskum
Siglfirðingafélaginu 
til hamingju
með 50 árin



Óskum Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin



Er þetta rétt þróun? – Vertu fullorðinn!

Foreldrar gegna lykilhlutverki við að móta heilbrigðan lífstill
barna með góðu fordæmi og hispurlausum samræðum.
Með því að kaupa áfengi fyrir unglínginn viðarkæna
foreldrar að það sé eðlilegur hluti af lífi ungs fólks að drekka
áfengi. Ekki kaupa þér vinsældir – vertu fullorðinn!

VÍNBUÐIN

LJÓÐIÐ LIFIR

Ljóðasetur Íslands á Siglufirði var formlega tekið í notkun föstudaginn 8. júlí við hátíðlega athöfn. Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands vígði setrið, en hún er þekkt fyrir áhuga sinn á ljóðum. Þórarinn Eldjárn og fleiri ljóðskáld lásu upp úr verkum sínum og flutt var áður óbirt ljóð eftir Matthías Johannessen, sem hann hefur afhent setrinu.

Á Ljóðasetri Íslands eru hátt á annað þúsund íslenskar ljóðabækur, gamlar og nýjar. Flestar hafa þær verið gefnar. Mest munar um ljóðabókasafn Baldurs Pálmasonar sem Arnold Bjarnason gaf í minningu um afa sinn, séra Bjarna Þorsteinsson.

Á veggspjöldum er rakin þróun íslenskrar ljóðlistar og sýndir eru gripir sem tengjast sögunni. Á hverjum degi í sumar var boðið upp á ýmsa viðburði svo sem ljóðalestur, fyrirlestra og flutning á tónlist sem tengist ljóðum.

Forstöðumaður safnsins er Þórarinn Hannesson. Hann segir á vefsíðu setursins að sumargestirnir hafi gefið sér góðan tíma til að litast um og spjalla, kíkja í bók með kaffisopanam og njóta stundarinnar. Nokkrir kaupa notaðar ljóðabækur og er „greinilegt að vinir ljóðsins eru fleiri en marga grunar“. Margir hafa lýst yfir ánægju með þetta framtak.

Félag um Ljóðasetur Íslands og Ungmennafélagið Glói stóðu í haust fyrir ljóðahátíðinni Glóð, í fimmta sinn. Aðalgestur var Einar Már Guðmundsson rithöfundur og ljóðskáld.

J. R.



Páll Helgason flytur limrur um fólkið á Brekkunni, við góðar undirtektir.



Á annað þúsund gestir heimsóttu Ljóðasetur Íslands á Siglufirði í sumar.

VERÖLD SEM VAR

Á Siglufirði býr óþekkt ljóðskáld sem gefur mörgum þekktari skáldum landsins lítið eftir. Þetta er Þórarinn Hannesson. Hann er fæddur og uppalinn á Bíldudal en hefur búið á Siglufirði í tæpa tvo áratugi.

Þórarinn hefur gefið út tvær ljóðabækur, *Æskumyndir*, 2006, og *Fleiri æskumyndir*, 2009. Í fyrri bókinni er 31 ljóð, í þeirri síðari eru 23 ljóð. Eins og nöfn bókanna gefa til kynna er yrkisefnið í báðum tilvikum sótt til uppvaxtaráranna fyrir vestan. Skírskotunin er þó víðari því dregnar eru upp myndir af „veröld sem var,“ eins og það er orðað á annarri bókarkápunni. Veröldin á Bíldudal upp úr miðri síðustu öld var lík veröldinni annars staðar á landinu. Leikir barnanna voru svipaðir hvar sem var, þau gerðu sitt næsta nágrenni að leikvelli og undu glöð við sitt. Þessu lýsir Þórarinn mjög vel og ekki síður mannlífínu í þorpínu. Minnir það að sumu leyti á það sem annar Vestfirðingur gerði fyrir mörgum áratugum.

Nokkur ljóða Þórarins fjalla svo um náttúruna, sem börn tengdust meira áður fyrir.

Öll ljóðin í þessum tveimur bókum eru vel gerð og skemmtileg. Æskumyndir Þórarins eru mjög vel dregnar, framsetningin vönduð og skýr, horft er á jákvæðar hliðar tilverunnar og oft stutt í glettni. Í fyrri bókinni er sérstök ástæða til að vekja athygli á ljóðunum *Fjallið*, *Gamla fólkið* og *Sund* í Reykjafirði. Úr síðari bókinni má geta um ljóðin *Ég hugsa vestur*, *Uhu* og *Herbergið mitt*. Nokkur prósaljóð eru í síðari bókinni og eru þau mjög áhugaverð og lýsandi.

Þórarinn Hannesson hlýtur að fylgja þessum ljóðabókum eftir. Af nógu er að taka svo sem mannlífi og náttúru við nyrsta haf. Hann er virkur í íþróttastarfi, söngvari og lagasmíður og síðast en ekki síst frumkvöðull Ljóðaseturs Íslands. Ég bíð spenntur eftir næstu bók.

Jónas Ragnarsson.

Ert þú
félagi?



Vildarvinir Siglufjarðar



Tilgangur félagsins:

Tilgangur Vildarvina Siglufjarðar er að vinna að áhugaverðum og félagslegum verkefnum á Siglufirði og stuðla að eflingu byggðarinnar á sviði ferðaþjónustu og annarrar atvinnustarfsemi.

Starf félagsins:

- ◆ Félagið innheimtir stofn-
gjald af aðildarfélögum
- ◆ Félagið úthlutar styrkjum
samkvæmt lögum félagsins
í verkefni sem samræmast
filgangi félagsins

Styrkir félagsins:

Fjórum styrkjum hefur verið úthlutað á þremur starfsárum félagsins:

- ◆ Knattspyrnuskóli Grétars Rafns Steinssonar 2007
- ◆ Valló ehf. sem rekur skíðasvæðið í Skarðsdal 2008
- ◆ Golfklúbbur Siglufjarðar 2009
- ◆ Þjóðlagasetur 2010

Áhugasamir sendi póst á:

gstj@simnet.is
gunnar@merkismenn.is



vildarvinir siglufjarðar

SIGLFIRÐINGAR SKEMMTA SÉR Á ÁRSHÁTÍÐ 1996

Hér má sjá Birnu Gunnlaugsdóttur í miklu stuði syngjandi uppi á stól. Með henni á myndinni eru m.a. Ása Jónsdóttir og Jóhanna Jóhannsdóttir.



Þorvaldur Halldórsson og sonur hans Þorvaldur Þorvaldsson sungu við mikinn fögnuð gesta.



Saumaklúbbur 1955.



Forseti Íslands heiðraði Siglfirðinga með nærveru sinni.



Saumaklúbbur 1953.




Allir skemmtu sér vel.

Þökkum viðskiptin í sumar



Óskum Siglfirðingafélaginu til

hamingju með 50 árin 



AÐALBAKARÍ
AÐALGÖTU - SIGLUFIRÐI

LAKKSMIÐJAN



Óskar öllum Siglfirðingum til hamingju með 50 ára afmæli félagsins.

Ari Heiðberg Jónsson er meistari í bílamálun og réttinum.
Starfsmenn Lakksmiðjunnar bjóða alla viðskiptavinum velkomna.
Áratugareynsla og gott verð fyrir alla Siglfirðinga.

LAKKSMIÐJAN Smiðjuvegi 4E (græn gata) Kópavogi - Sími 557 7333 - www.lakk.is

samskip

Landflutningar
samskip

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin
Juris

SIGLFIÐINGAR SKEMMTA SÉR Á ÁRSHÁTÍÐ 2006



Arnold Bjarnason.



Guðrún Jónsdóttir og Skúli Jónasson.



Ólöf Pálsdóttir, Gunnlaugur Vigfússon, Helga Ottósdóttir og Þóra Björg Jónsdóttir.



Steingrímur Kristinsson og Anna Karlsdóttir.



Krístrún Gunnlaugsdóttir og Orri Vigfússon.



Gestur Halldórsson og Ólöf Markúsdóttir.



Sigþóra Gústafsdóttir og Rafn Erlendsson.



Birgir Ingimarsson og Erla Guðfinnsdóttir.



Illugi Gunnarsson með foreldrum sínum, Inu Illugadóttur og Gunnari Rafni Sigurbjörnssyni.



Gunnlaugur S. Guðleifsson og Ágústa Lúthersdóttir.



Inga Óladóttir og Sverrir Björnsson.



Siv Friðleifsdóttir.



Guðmundur Stefán Jónsson.

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin



LÖGMANNSTOFA

Óskum
Siglfirðinga-
félaginu 
til hamingju
með 50 árin



Skeljungur

– með þér alla leið



Óskum Siglfirðingafélaginu
til hamingju með 50 árin



GULLNESTI
GRILLIÐ Í GRAFARVOGI

-við Orkuna á Gylfaflöt

Draumastaður Skíðamannsins

www.fjallabyggd.is



Siglfirsku alparnir

Það er engum blöðum um það að fletta að skíðasvæðið á Siglufirði er það albesta á landinu. Frábærar brekkur og aðstaða er öll eins og best verður á kosið. Við hvetjum fólk til að heimsækja okkur, fara á skíði, skoða bæinn og söfnin og kynna sér magnaða sögu þessa síðarbæjar og fá sér gott að borða á glæsilegum veitingastöðunum.



vildarvinir siglufjarðar



HELGARFERÐIR

Er ekki orðið tímabært að skella sér í helgarferð í Siglfirsku alpana? Við tökum vel á móti ykkur í vetur.

skard.fjallabyggd.is



Sparisjóður Siglufjarðar - síðan 1873

www.sps.is

Þjónustuver opið frá kl. 8:00 - 16:00 alla virka daga

Opíð frá kl. 9:15 - 16:00 alla virka daga - Sími 460 1900 - Fax 460 1909



GREIÐSLUÞJÓNUSTA
SPARISJÓÐANNA



HEIMABANKI.IS
SPARISJÓÐANNA



LÍFSVAL
SPARISJÓÐANNA

138 ára saga

...vörðuð gagnkvæmu trausti og virðingu

Þó að Sparisjóður Siglufjarðar sé um margt líkur öðrum peningastofnunum þá er saga hans engu lík. Frá stofnun sjóðsins árið 1873 þegar Siglufjörður taldi um 300 manns, gegnum umrót og ævintýri síldaráranna og fram á þennan dag hefur Sparisjóður Siglufjarðar staðið eins og klettur í hafinu. Bankar hafa komið og farið en SPS er alltaf til staðar.



Sparisjóður Siglufjarðar - síðan 1873
- þó líði ár og öld

